FRÉTTABLAÐIÐ
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
HELGARBLAÐ 2. febrúar 2013 | 28. tölublað 13. árgangur | Sími: 512 5000
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012

# Skynsemin tekur völdin

Bílasölubólan náði hámarki árið 2008 þegar innleystar voru pantanir fyrra árs og Toyota Land Cruiser 150 var mest seldi bíllinn. Núna hefur dísilknúinn Skoda Octavia vermt toppsæti sölutalna nýrra fólksbíla tvö ár í röð. ▶ 30, 32




FRÉTTABLAÐIÐ/JÓNAS, SILJA






LÍFEYRISSJÓÐIR VILJA 400 MILLJÓNIR TIL BAKA 2



KRABBAMEIN Í ÞRIÐJA SINN 24

## 2 SÉRBLÖÐ

Fólk | Atvinna












## FRÉTTIR 2→10

**BARNIÐ FANNST Í ÍSLENDINGAHVERFI 4**
„Barnið var víst þarna frá því snemma um morguninn þannig að við höfum alveg örugglega hjólað tvisvar framhjá því um morguninn," segir María Ósk Bender, íbúi í Valby.

**FYLGI FRAMSÓKNAR RÝKUR UPP 6**
Stuðningur við Samfylkingu dalar í nýrri könnun en fylgi Framsóknar eykst verulega. Björt framtíð þokast upp.

**VERIÐ AÐ LÖGFESTA ÓVISSUNA 10**
Útgerðarmenn og stjórnarandstaða segja breytt frumvarp um stjórn fiskveiða ónothæft.





## SKOÐUN 12→19





**FRÁ „SVIKUM“ TIL „ÞJÓÐARSIGURS“ 12**
Þorsteinn Pálsson um samninga og dóma.

**ÓRAUNSÆI SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS Í UTANRÍKISMÁLUM 18**
Össur Skarphéðinsson um utanríkismál.

**JAFNAÐARSTJÓRN Í FJÖGUR ÁR: ÚR SKULDAFJÖTRUM 19**
Jóhanna Sigurðardóttir um fjármál.

## HELGIN 20→48





**GEFANDI SJÁLFBOÐALIÐASTARF 20**
Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur les vikulega upp í félagsmiðstöðinni við Aflagranda.

**STEFNIR Á ÓLYMPÍULEIKANA 34**
Agnes Dís Brynjarsdóttir er einn efnilegasti listskautadansari landsins.

**AFTUR Í AÐALHLUTVERK 40**
Jóhanna Vigdís Arnardóttir leikur Mary Poppins.

**ENDURVINNSLAN Í HOLLYWOOD 42**
Margar kvikmyndir ganga í endurnýjun lífdaga á árinu.

**FLÆÐI ÞÚSUND MÁLVERKA 44**
Afmælissýning Kjarvalsstaða er umfangsmesta myndlistarsýning sem haldin hefur verið hér á landi.

**KRAKKASÍÐA 46**
**KROSSGÁTA 48**

## MENNING 60→82

**ÓGERÐ VERK 60**
Þóroddur Bjarnason setur upp sýningu á verkum sem enn eru ekki orðin til.

**ÞRIÐJA GRÁÐAN 68**
Fréttablaðið spurði flytjendur í undankeppni Eurovision spjörunum úr.

**ÚTGÁFA Í BLÓMA 70**
Hljómsveitin Sin Fang hélt upp á útgáfu plötu sinnar Flowers.

**VERZLÓ YFIR STRIKIÐ? 82**
Myndband úr söngleik Verzlunarskólans er gagnrýnt fyrir að vera klámfengið.





## SPORT 76

**KSÍ GEGN EINELTI 76**
Myndband leikmanna A-landsliðs kvenna í knattspyrnu varð kveikjan að samstarfi KSÍ við yfirvöld í baráttunni gegn einelti í íslensku samfélagi.









## FIMM Í FRÉTTUM ICESAVE OG EINELTI



**Snæbjörn Steingrímsson**, framkvæmdastjóri Smáís, samtaka myndrétthafa, þurfti í vikunni að svara fyrir hugbúnaðarnotkun Smáís án greiðslna. „Þetta er auðvitað vandræðalegt fyrir okkur, ég neita því ekki," sagði hann og áréttaði að málið snerist um vanskil, ekki ólöglega notkun.



**Valgerður Bjarnadóttir,** formaður stjórnskipunarnefndar Alþingis, þurfti að svara fyrir að hafa sent frumvarp að nýjum stjórnskipunarlögum í aðra umræðu á Alþingi þótt nefndinni hefðu ekki borist allar umsagnir um frumvarpið.



**Páll Óskar Hjálmtýsson** kom fram í nýju hlutverki í vikunni sem leikstjóri kynfræðslumyndarinnar „Fáðu já“. Grunn- og framhaldsskólanemar tóku myndinni vel.



**Sigurður Harðarson**, stjórnarmaður í Félagi sjálfstæðismanna í Grafarvogi, komst í fréttir þegar hann kallaði Jón Gnarr og fulltrúa Besta flokksins „hyski“ á fundi um skólamál í Grafarvogi. Hann baðst síðan afsökunar á ummælunum.



➜ **Tim Ward**, sem fór fyrir teymi lögfræðinga Íslands í málflutningi vegna Icesave, var fagnað sem þjóðhetju þegar ljóst var að Ísland hefði lagt ESA af velli í dómsalnum.



**SLITASTJÓRN** Steinunn Guðbjartsdóttir og Páll Eiríksson mynda slitastjórn Glitnis. Þau voru skipuð í hana af Héraðsdómi Reykjavíkur árið 2009.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Telja slitastjórn hafa oftekið 400 milljónir

Fimm lífeyrissjóðir hafa sent bréf til héraðsdóms vegna ætlaðra ofgreiddra þóknana slitastjórnar Glitnis. Þeir vilja að Steinunn Guðbjartsdóttir, Páll Eiríksson og fyrirtæki þeirra skili 45 prósentum af þóknunum sem þrotabúið hefur greitt þeim.

**VIÐSKIPTI** Fimm lífeyrissjóðir telja Steinunni Guðbjartsdóttur og Pál Eiríksson, sem sitja í slitastjórn Glitnis, hafa oftekið sér yfir 400 milljónir króna í laun fyrir störf sín, og sinna fyrirtækja, fyrir þrotabú bankans. Sjóðirnir vilja að Héraðsdómur Reykjavíkur láti Steinunni, Pál og fyrirtækin endurgreiða þrotabúinu hin ofteknu laun. Þeir hafa sent héraðsdómi bréf þar sem lagðar eru fram þær forsendur sem sjóðirnir telja eðlilegt að stuðst sé við þegar slitastjórnin reikni sér laun. Samkvæmt þeim forsendum hafi þau laun sem Steinunn og Páll hafa greitt sér, alls 842 milljónir króna frá því að þau voru skipuð og fram á mitt síðasta ár, verið mun hærri en sjóðirnir telja eðlilegt.

Lífeyrissjóðirnir fimm eru á meðal kröfuhafa Glitnis. Þeir eru Lífeyrissjóður verzlunarmanna, Gildi lífeyrissjóður, Sameinaði lífeyrissjóðurinn, Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda og Festa lífeyrissjóður. Tveir fyrstnefndu sjóðirnir óskuðu eftir því síðastliðið haust að fá sundurliðaðar upplýsingar um launakostnað Glitnis. Þeir vildu sérstaklega fá upplýsingar um laun sem greidd væru til slitastjórnarmanna og hugsanlega til einhverra fyrirtækja á þeirra vegum. Tilgangurinn var að kanna hvort það gæti verið að þóknanir fyrir þau störf sem verið væri að vinna væru óhóflegar.

Þegar slitastjórnin neitaði að láta upplýsingarnar af hendi hótuðu sjóðirnir að fara með málið fyrir dómstóla. Í kjölfarið ákvað slitastjórnin að gefa eftir og lét þá hafa sundurliðun á kostnaðinum í lok september 2012. Þar kom fram að sameiginlegar greiðslur til þeirra tveggja, með útseldri vinnu fulltrúa á þeirra vegum, hafi numið 842 milljónum króna frá því að slitastjórnin var skipuð í maí 2009 og fram á mitt síðasta ár.

Þetta töldu sjóðirnir ekki vera eðlilega þóknun fyrir opinbera sýslunarmenn. Þeir ráðfærðu sig við aðra lífeyrissjóði sem eiga samþykktar kröfur í bú Glitnis og fengu þrjá til viðbótar til liðs við sig. Hópurinn lét reikna út hvað hann teldi eðlilega þóknun vegna þeirrar vinnu sem Steinunn, Páll og fulltrúar þeirra hafa innt af hendi.

Niðurstaða þeirra útreikninga er að slitastjórnarmennirnir, og fyrirtæki þeirra, hafi oftekið sér 383 milljónir króna í þóknanir fram á mitt síðasta ár. Þá á eftir að að taka með í reikninginn þær þóknanir sem þeir hafa greitt sér síðan þá og vaxtakostnað. Samanlagt ætla sjóðirnir að slitastjórn Glitnis hafi oftekið sér yfir 400 milljónir króna vegna vinnu sinnar fyrir búið.

Sjóðirnir fimm sendu Héraðsdómi Reykjavíkur, sem skipaði slitastjórnina, bréf í síðustu viku þar sem þeir fóru fram á að dómurinn léti slitastjórnarmennina tvo endurgreiða þrotabúinu hinar ætluðu ofteknu þóknanir.

thordur@frettabladid.is

**5** lífeyrissjóðir vilja að ætlaðar ofteknar greiðslur verði endurgreiddar.

**842** milljónir króna er sú upphæð sem þrotabú Glitnis hafði greitt til Steinunnar, Páls og fyrirtækja þeirra um mitt síðasta ár.

**343** milljónir króna áætla lífeyrissjóðirnir fimm að hafi verið oftekin þóknun.

**3** milljarða króna hafa starfsmenn þrotabús Glitnis, sem eru um 40, fengið í laun fram á mitt ár 2012.

**31,2** milljarðar króna er kostnaður þrotabúsins við aðkeypta ráðgjöf og lögfræðistörf.

# ÚTSÖLU LÝKUR

## LOKAÚTKALL • EKKI MISSA AF ÞESSU!




**ÞJÓÐLEGUR ÞORRABAKKI**
**í Kaffi garði Skútuvogi**

**Aðeins 1.290 kr**



blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

*Afsláttur gildir af útsöluvörum.
Gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar".
Vöruúrval getur verið misjafnt milli verslana

## 26.01.2013 → 01.02.2013

**15 MILLJARÐAR** eru hámarksvinningur í Eurojackpot.



**3,7 MILLJARÐAR**

**53 BÆJARFÉLÖG** munu fá ljósnet á þessu ári.

**KETTIR** eru taldir drepa 3,7 milljarða fugla í Bandaríkjunum á ári hverju.

**10** kynferðisbrotamál hafa komið á borð lögreglunnar á Akureyri í janúar.



**16**

**KVIKMYNDIN DJÚPIÐ** hlaut flestar tilnefningar til Edduverðlaunanna árið 2013, eða sextán tilnefningar. Skammt á eftir henni kom Svartur á leik með fimmtán tilnefningar.



**40%** vilja afsögn ráðherra vegna niðurstöðu Icesave-málsins.

Fimm í haldi vegna tuga kílóa amfetamínsmygls:

# Stærsta dópmálið á Íslandi í langan tíma

**LÖGREGLUMÁL** Fimm manns sitja nú í gæsluvarðhaldi grunaðir um tengsl við risavaxið amfetamínsmyglmál. Málið er það stærsta sem hefur komið upp á Íslandi um langa hríð og aðgerðir vegna þess standa enn.

Fram kom í tilkynningu frá lögreglu í gær að efnin hefðu komið til landsins í nokkrum póstsendingum og að lagt hefði verið hald á þau í síðustu viku. Tollayfirvöld fundu efnin með aðstoð fíkniefnaleitarhunda. Þau munu hafa komið hingað frá Danmörku.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er talið að um amfetamín sé að ræða, bæði í duft- og vökvaformi, og að magnið hlaupi á tugum kílóa. Endanleg greining á efninu og magni þess liggur hins vegar ekki fyrir.

Mennirnir fimm sem sitja í gæsluvarðhaldi eru á þrítugs-, fertugs- og fimmtugsaldri og eru bæði íslenskir og litháískir. Tveir þeirra voru á föstudaginn fyrir rúmri viku úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 8. febrúar og hinir þrír voru handteknir eftir helgina og úrskurðaðir í varðhald til 7. febrúar. Flestir þeirra hafa komið við sögu lögreglu áður í mismiklum mæli.

Aðgerðum vegna málsins er hins vegar ekki lokið. Fréttablaðið hefur upplýsingar um að síðast í gær hafi verið gerð húsleit á höfuðborgarsvæðinu og hald lagt á tvær tölvur í eigu Íslendings sem hefur um þriggja ára skeið sætt rannsókn vegna annars umfangsmikils sakamáls. Hann var handtekinn og yfirheyrður síðdegis en sleppt að því loknu.

Þá herma heimildir Fréttablaðsins að líklegt sé að enn fleiri verði handteknir vegna málsins á næstu dögum.

Við rannsókn málsins hefur lögreglan notið aðstoðar kollega sinna í Danmörku. - sh



### LEIÐRÉTTING

Vegna fréttar um norska loðnuskipið Manon í blaði gærdagsins skal tekið fram að það mál er nýkomið inn á borð ákæruvalds til ákvörðunar um framhald. Ranglega sagði í fréttinni að skipstjóri hefði lokið málinu með dómsátt og greitt lágmarkssekt. Héraðsdómur Austurlands veitti Fréttablaðinu þær upplýsingar, en þær áttu við um annað norskt skip sem hafði brotið lög með því að tilkynna í röngum tíma um aflatölur, auk þess að tilkynna ekki um að það væri að fara inn til löndunar hér á landi eins og lög kveða á um.


# VETRARFRÍ Á KIRKJUBÆJARKLAUSTRI

Fjölskylduhelgi á Hótel Laka 22.-24. febrúar

Fjölbreytt dagskrá. Fjöruferð, söngur og leikir.

Skemmtun fyrir alla í fjölskyldunni.

Tekið á móti pöntunum á hotellaki@hotellaki.is til 20. febrúar

Hótel Laki


# Stúlkubarnið fannst í Íslendingahverfi

Íslenskir námsmenn búa við götuna þar sem nýfædd stúlka fannst yfirgefin í tösku. Íbúi telur sig hafa hjólað framhjá barninu án þess að taka eftir því og segir fólkið í götunni slegið yfir fundinum. Stúlkan er vel haldin og mun að öllum líkindum ná sér.

**DANMÖRK** „Barnið var víst þarna frá því snemma um morguninn þannig að við höfum alveg örugglega hjólað tvisvar framhjá því um morguninn, þegar við skutluðum stelpunum okkar í leikskóla, án þess að taka eftir því,“ segir María Ósk Bender, sem býr með fjölskyldu sinni við Rektorparken Valby-hverfi í Kaupmannahöfn þar sem nýfætt stúlkubarn fannst vafið inn í handklæði í tösku milli tveggja kyrrstæðra bíla á fimmtudagsmorgun.

Telpan, sem er á batavegi, var orðin afar köld þegar hún fannst klukkan hálf ellefu um morguninn. María Ósk segir enda að óvenju kalt hafi verið í veðri þennan morguninn.

Við komuna á sjúkrahús var líkamshiti telpunnar kominn niður í 27 gráður, en hún náði sér fljótt og virðist að öðru leyti vera heilsuhraust að því er þarlendir fjölmiðlar herma.

Íbúar borgarinnar eru slegnir yfir fréttunum, ekki síst íbúar við Rektorparken þar sem fjölmargir Íslendingar búa í námsmannaíbúðum.

María Ósk segir fregnirnar hafa komið flatt upp á hana, enda sé gatan afar friðsæl og barnvæn.



**MARÍA ÓSK BENDER**

„Það vakti athygli okkar þegar við sáum lögregluþjóna þarna í kring, en við höfum aldrei áður orðið vör við slíkt. Við vorum hins vegar að læra og ekkert búin að fylgjast með fréttum þegar var bankað upp á hjá okkur og lögreglan sagði okkur frá því hvað hafði gerst.“

Lögreglan í Kaupmannahöfn hefur lagt mikið upp úr því að upplýsa málið, en hefur lítið orðið ágengt.

DR hefur þó eftir Hans Erik Raben, yfirmanni rannsóknarinnar, að í þessu máli séu tvö fórnarlömb, annars vegar stúlkan sjálf og hins vegar móðirin. Ekki sé ósennilegt að móðirin sé vændiskona frá Rúmeníu. Það byggi lögregla á framburði vitnis sem hafi séð dularfulla rúmenska bíla í hverfinu.

Stúlkan er nú á sjúkrahúsi, en félagsmálayfirvöld í Kaupmannahöfn hafa þegar fundið henni fósturforeldra. Þau munu sjá um hana þar til annað hvort gerist, að foreldrarnir gefi sig fram eða að stúlkan verði ættleidd. thorgils@frettabladid.is



**FANNST Í TÖSKU** Stúlkan fannst í þessari tösku, vafin inn í handklæði. Töskunni hafði verið komið fyrir á púða við götuna milli tveggja bíla.
MYND/LÖGREGLAN Í KAUPMANNAHÖFN

## Fjögur hafa fundist látin

Forsjónin var með litlu stúlkunni sem fannst í tösku í Kaupmannahöfn á fimmtudag. Ekki hafa öll kornabörn sem fundist hafa í Danmörku síðustu tíu ár verið svo heppin.

**2013:** Nýfædd stúlka finnst í tösku í Valby-hverfi í Kaupmannahöfn. Hún er köld en nær sér fljótt.
**2011:** Nýfæddum dreng er bjargað. Finnst í plastpoka á Lálandi.
**2011:** Nýfætt barn finnst látið í Søndersø í nágrenni við Viborg.
**2009:** Drengir að leik finna kornabarn í runna í nágrenni við Ringkøbing.
**2008:** Lík af fjögurra daga ungbarni finnst í skóglendi við Horsens.
**2007:** Búkur af líki kornabarns finnst í malarnámu suður af Álaborg.
**2007:** Lík af kornabarni finnst í plastpoka í á við Óðinsvé.
**2006:** Nýfæddur drengur finnst á Norður-Sjálandi.
**2004:** Tveggja daga gamalt barn finnst á lífi við runna í Óðinsvéum.
**2004:** Nýfætt barn finnst látið bak við limgerði í íbúahverfi í Vanløse.

Heimild: DR.dk

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**ROK OG RIGNING** Stíf sunnan- og suðaustanátt með úrkomu um allt sunnan og vestanvert landið í dag. Stormur um tíma vestanlands. Suðvestanátt síðdegis með skúrum eða éljum vestra. Hægari og úrkomulítið norðaustantil.




**Á morgun**
Vaxandi SA-átt síðdegis.




**Mánudagur**
10-15 m/s A-til, annars hægari.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 16° | Billund | 1° | Gautaborg | 0° | London | 5° | Orlando | 20° | San Francisco | 15° |
| Basel | 8° | Frankfurt | 6° | Kaupmannahöfn | 0° | Mallorca | 17° | Ósló | -5° | Stokkhólmur | -5° |
| Berlín | 5° | Friedrichshafen | 6° | Las Palmas | 22° | New York | -2° | París | 6° | | |



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




KIA
The Power to Surprise

Kia vörumerkið er í stöðugri sókn á Íslandi. Sífellt fleiri átta sig á gæðunum, sparneytnin vekur athygli, verðið er hagstætt og **7 ára ábyrgðin einstök**.

**Við höldum Kia stórsýningu á Krókhálsinum í dag og kynnum hina fjölbreyttu línu Kia bíla. Í dag er í boði fyrir Kia eigendur 7 punkta vetrarskoðun og sértilboð á Kia aukahlutum.** Allir sem reynsluaka Kia bíl geta unnið tvo leikhúsmiða. Kaffihús verður á staðnum og boðið upp á vöfflur og annað meðlæti, gos, ís og safa fyrir börnin.

**Komdu í Öskju á laugardaginn og skoðaðu einu bílana á markaðnum með 7 ára ábyrgð.** Einnig sýningar hjá umboðsaðilum Kia um land allt.

picanto
RIO
cee'd
cee'd_sw
OPTIMA
SPORTAGE
SORENTO

Þú finnur „Kia Motors Ísland" á Facebook

ASKJA

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

Dreglar og mottur
á frábæru verði!




Margar stærðir og gerðir

Reykjavík - Reykjanesbæ
Akureyri - Húsavík
Vestmannaeyjum

Meiri gæði Lægra verð MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is



TILBOÐSDAGAR




Kæli- og frystiskápar sem hafa innbyggða klakavél með mulningi og ísköldu íslensku vatni. Þeir eru öflugir, endingargóðir og glæsilega innréttaðir. Fást hvítir, svartir og með stálklæðningu.

Tilboð

Verð frá kr. 398.800 stgr.

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is


## FYLGI FLOKKANNA




HEIMILD: KÖNNUN FRÉTTABLAÐSINS OG STÖÐVAR 2 DAGANA 30. OG 31. JANÚAR 2013

# Fylgi Framsóknarflokks rýkur upp

Stuðningur við Samfylkingu dalar í nýrri könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 en fylgi Framsóknarflokks eykst verulega. Færri styðja Sjálfstæðisflokkinn en stuðningur við Bjarta framtíð þokast upp. Vinstri græn virðast á leið upp af botninum.

**KÖNNUN** Framsóknarflokkurinn sækir verulega í sig veðrið í kjölfar dóms í Icesave-málinu, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Stuðningur við Samfylkinguna hefur hrunið á tveimur vikum.

Verði niðurstöður kosninga í takti við könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 eru aðeins tveir möguleikar á tveggja flokka stjórn að loknum kosningum; stjórn Sjálfstæðisflokks og annaðhvort Framsóknarflokks eða Bjartrar framtíðar.

Alls segjast 20,8 prósent þeirra sem afstöðu taka í könnuninni, sem gerð var á miðvikudag og fimmtudag, myndu kjósa Framsóknarflokkinn yrði gengið til kosninga nú. Flokkurinn mældist með 12,6 prósenta stuðning í síðustu könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2, sem gerð var fyrir tveimur vikum, dagana 16. og 17. janúar síðastliðna. Flokkurinn fékk 14,8 prósenta fylgi í síðustu kosningum og níu þingmenn en næði fjórtán mönnum á þing yrðu niðurstöður kosninga í samræmi við nýjustu skoðanakönnunina.

Fylgi Samfylkingarinnar hefur hrunið á þeim tveimur vikum sem liðið hafa milli kannana. Nú segjast 11,9 myndu kjósa flokkinn en 19,7 prósent studdu Samfylkinguna fyrir tveimur vikum. Flokkurinn fékk 29,8 prósenta fylgi í síðustu kosningum og hefur aldrei mælst lægri í könnunum Fréttablaðsins. Flokkurinn fékk 20 þingmenn í síðustu kosningum en fengi átta nú samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar.

### ➜ Aðferðafræðin

Hringt var í **1.382** manns þar til náðist í **800** manns samkvæmt lagskiptu úrtaki miðvikudaginn 30. janúar og fimmtudaginn 31. janúar. Þátttakendur voru valdir með slembiúrtaki úr þjóðskrá. Svarendur skiptust jafnt eftir kyni, og hlutfallslega eftir búsetu og aldri. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til þingkosninga í dag? Ef ekki fékkst svar var spurt: Hvaða flokk er líklegast að þú myndir kjósa? Ef ekki fékkst svar var að lokum spurt: Er líklegra að þú myndir kjósa Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern annan flokk? Alls tóku 54,6 prósent afstöðu til spurningarinnar.

Eina nýja framboðið sem næði mönnum á þing samkvæmt könnuninni er Björt framtíð. Stuðningur við flokkinn hefur aukist jafnt og þétt í síðustu könnunum. Nú styðja 16,4 prósent flokkinn og hefur fylgið aukist um 1,9 prósentustig á þeim tveimur vikum sem liðnar eru frá síðustu könnun. Björt framtíð fengi samkvæmt könnuninni tólf þingmenn en í dag sitja tveir flokksmenn á þingi sem voru kjörnir á þing fyrir aðra flokka.

Sjálfstæðisflokkurinn ber sem fyrr höfuð og herðar yfir aðra flokka þó fylgi hans dali verulega milli kannana. Nú segjast 32 prósent myndu kjósa flokkinn yrði gengið til kosninga nú, en 37,8 prósent studdu flokkinn í síðustu könnun. Flokkurinn er þó vel yfir 23,7 prósenta kjörfylgi sínu úr síðustu kosningum og fengi samkvæmt þessu 21 þingmann, fimm fleiri en hann er með í dag.

Vinstri græn virðast á uppleið aftur eftir afleita útkomu í síðustu könnun. Nú styðja 11,4 prósent flokkinn, sem er aukning upp á fjögur prósentustig frá síðustu könnun. Flokkurinn á samt langt í land með að ná 21,7 prósenta kjörfylgi sínu. Hann fengi átta þingmenn yrðu niðurstöður kosninga í takti við könnunina nú, en fékk 14 kjörna í síðustu kosningum.

**16,4%**
þeirra sem gefa upp afstöðu sína segjast ætla að kjósa Bjarta framtíð í vor.

Önnur ný framboð en Björt framtíð ná ekki mönnum á þing samkvæmt könnuninni. Hægri grænir komast þó næst því. Þeir mælast nú með stuðning 4,3 prósenta en þurfa fimm prósent til að ná mönnum á þing. Stuðningur við flokkinn mældist 1,8 prósent í síðustu könnun.

Hin nýju framboðin eru lengra frá því að ná inn á þing. Alls segjast 1,5 prósent styðja Dögun, 0,9 prósent Pírataparítið og 0,2 prósent Bjartsýnisflokkinn. Til þess ber þó að líta að nýju framboðin hafa lítið kynnt stefnumál sín og mögulega frambjóðendur.

brjann@frettabladid.is

## Ný aðferðafræði gefur nákvæmari niðurstöður

Tekin hefur verið upp ný aðferð við að reikna út niðurstöður skoðanakönnunar Fréttablaðsins og Stöðvar 2 á fylgi flokkanna til að leiðrétta skekkju sem orðið hefur á niðurstöðunum vegna þess hversu hátt hlutfall þeirra sem hringt er í segjast óákveðnir.

Áfram eru þeir sem segjast óákveðnir spurðir í tvígang til viðbótar til að reyna að fá þá til að taka afstöðu. Fyrst eru þeir spurðir hvaða flokk þeir séu líklegir til að kjósa, og að lokum hvort þeir séu líklegri til að kjósa Sjálfstæðisflokkinn eða annan flokk. Þessi aðferðafræði var hönnuð af sérfræðingum við Háskóla Íslands og er síðasta spurningin beinlínis hönnuð til að draga úr ofmati á fylgi Sjálfstæðisflokksins í könnunum.

Ofmatið er til komið þannig að stuðningsmenn flokksins virðast almennt ákveðnari en þeir sem kjósa aðra flokka, og tilbúnari til að gefa upp afstöðu sína. Þeir sem segjast óákveðnir í fyrstu spurningu en gefa upp afstöðu í þeirri næstu eru mun líklegri til að kjósa aðra flokka en Sjálfstæðisflokkinn.

Þegar spurningarnar hafa verið reiknaðar saman er reiknað með því að þeir sem enn segjast óákveðnir muni þegar til kosninga kemur kjósa flokka í sömu hlutföllum og þeir sem gáfu upp afstöðu. Með öðrum orðum er bara reiknað með þeim sem tóku afstöðu til einhverra flokka.

Þessi aðferðafræði hefur gefið góða raun hingað til en hún er ekki hönnuð til að takast á við eins hátt hlutfall óákveðinna og komið hefur upp í könnunum á síðustu misserum. Aðferðafræðin hefur því verið þróuð nánar af rannsóknadeild 365 miðla til að leiðrétta skekkju sem hátt hlutfall óákveðinna hefur í för með sér.

Í stað þess að reikna með að þeir sem segjast óákveðnir eftir þriðju spurningu deilist niður á flokkana á sama hátt og áður er nú reiknað með því að þeir deilist niður í sömu hlutföllum og þeir sem svöruðu spurningu tvö og þrjú.

Niðurstöður síðustu kannana hafa verið reiknaðar með báðum aðferðum, og báðar niðurstöður birtar í Fréttablaðinu, en hér eftir verður einungis nýja aðferðin notuð, enda er hún talin nákvæmari.

Sams konar þriggja spurninga kerfi var notað þegar spurt var um fylgi við forsetaframbjóðendur í síðustu könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 fyrir kosningarnar í vor. Þegar nýju aðferðafræðinni var beitt á niðurstöður þeirrar könnunar mældist Ólafur Ragnar Grímsson með stuðning 53,3 prósenta en Þóra Arnórsdóttir með stuðning 33,1 prósents. Niðurstöður kosninganna voru þær að Ólafur Ragnar fékk 52,8 prósent en Þóra 33,1 prósent.

# FERMINGAR-VEISLUSÝNINGIN ER UM HELGINA




## ALLT FYRIR FERMINGUNA Á EINUM STAÐ

VEISLUSKREYTINGAR ★ SÝNIKENNSLA ★ FATNAÐUR ★ HANSKAR ★ HÁRGREIÐSLAN
MYNDATAKAN ★ VEISLUSALURINN ★ SMAKK Á FERMINGARTERTU OG FERMINGARMAT ★
ÁLETRANIR Á KERTI, SÁLMABÆKUR, SERVIETTUR ★ BOÐSKORT ★ LUKKUPOTTAR

### DAGSKRÁ LAUGARDAG OG SUNNUDAG:

13:30 » DANSSÝNING FRÁ DANSHÓPNUM REBEL

14:00 » SVONA GERUM VIÐ VEISLUSKREYTINGAR
BLÓMASKREYTAR GARÐHEIMA SÝNA RÉTTU HANDBRÖGÐIN

14:30 » TÍSKUSÝNING Á FERMINGARFATNAÐI FRÁ DÚKKUHÚSINU

16:00 » SVONA GERUM VIÐ VEISLUSKREYTINGAR
BLÓMASKREYTAR GARÐHEIMA SÝNA RÉTTU HANDBRÖGÐIN

EFTIRFARANDI FYRIRTÆKI ERU MEÐ KYNNINGAR Í GARÐHEIMUM UM HELGINA

Grand Hótel Reykjavík · Ljósmyndastofa Erlings · Salka · Outfitters Nation · Dúkkuhúsið · Hans Petersen · heilsa · Amé · Okkar bakarí

TAKTU FERMINGARBRÉFIÐ MEÐ TAKTU ÞÁTT Í SKEMMTILEGUM LEIK OG

**FÁÐU 20% AFSLÁTT**

UM HELGINA ER SVO

**10 % AUKAAFSLÁTTUR**




spíran.
bistro á 2. hæð Garðheima

HELGARTILBOÐ Á SPÍRUNNI

2 FYRIR 1 UM HELGINA Á MEXÍKÓSÚPU MEÐ NACHOS

ÍS Í BRAUÐFORMI Á 100 KR.

OPIÐ FRÁ
10 TIL 21
UM HELGAR

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

VR óskar eftir orlofshúsum

VR óskar eftir vönduðum sumarhúsum eða orlofsíbúðum á leigu til framleigu fyrir félagsmenn sína. Leitað er eftir húsnæði á landsbyggðinni.

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að fylgja: Lýsing á eign og því sem henni fylgir, ástand hennar, staðsetning, stærð, aldur og fjöldi svefnplássa. Auk þess skal fylgja lýsing á möguleikum til útivistar og afþreyingar í næsta umhverfi. Æskilegt er að myndir og lýsing á umhverfi fylgi einnig með.

Áhugasamir sendi upplýsingar á vr@vr.is, fyrir 15. febrúar nk.

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK
S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti
VR

kostnaðaráætlun
frumkvæði
árangursmat
markaðssetning
nýnæmismat
framkvæmdaáætlun
verkefnislýsing

ÁTAK TIL ATVINNUSKÖPUNAR

Átak til atvinnusköpunar

Á markað með snjöll nýsköpunarverkefni?

**Iðnaðarráðuneytið** auglýsir eftir umsóknum um styrki úr verkefninu *Átaki til atvinnusköpunar.*

**Átak til atvinnusköpunar** veitir styrki til nýsköpunarverkefna og markaðsaðgerða starfandi frumkvöðla og nýsköpunarfyrirtækja.

**Markmið verkefnisins**
- Að styðja við þróun nýsköpunarhugmynda á fyrri stigum sem hlotið gætu frekari fjármögnun sjóða og fjárfesta
- Að styðja við undirbúning og framkvæmd markaðsaðgerða í frumkvöðla- og sprotafyrirtækjum

**Í umsókn þarf að koma fram**
- Skýr lýsing á verkefninu í heild og ætluðum árangri þess
- Greining á nýnæmi verkefnisins
- Greinargóðar kostnaðar- og verkáætlanir
- Ýtarleg lýsing á þeim verkþáttum sem sótt er um styrk til, s.s. þróunarvinnu eða markaðsstarfs

Styrkir geta að hámarki numið 50% af heildarkostnaði verkefnisins. Ekki eru veittir styrkir til fjárfestinga s.s. í tækjum og búnaði.

Rafræn umsóknareyðublöð eru á **www.nmi.is**.

Beiðni um upplýsingar og aðstoð má senda á netfangið **hildur@nmi.is**.

Umsóknarfrestur er til og með **28. febrúar 2013**. Umsækjendur eru hvattir til að bíða ekki til síðasta dags með að sækja um til að forðast tafir vegna álags á umsóknarkerfi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

vissir þú að...
ofdekur er ein birtingarmynd vanrækslu?

Barnaheill
Save the Children á Íslandi



**KOMIÐ FYRIR DÓM** Árásin átti upptök sín í ósætti Andreu Unnarsdóttur og brotaþolans. Dómur yfir Andreu var þyngdur í Hæstarétti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fjórir hæstaréttardómarar í ofbeldismáli:

# Ekki kynferðisbrot ef tilgangur var að meiða

**DÓMSMÁL** Fjórir dómarar við Hæstarétt komust að þeirri niðurstöðu að sú háttsemi að stinga fingri inn í leggöng og endaþarm konu væri ekki kynferðisbrot. Ástæðan er sú að ásetningur hafi aðeins verið að meiða fórnarlambið. Það teljist því líkamsárás.

Dómurinn féll fyrr í vikunni í líkamsárásarmáli gegn þeim Andreu Unnarsdóttur, Jóni Ólafssyni, Elíasi Valdimar Jónssyni, Óttari Gunnarssyni og tveimur öðrum. Þau þrjú fyrstu voru sakfelld fyrir kynferðisbrot í héraðsdómi en neituðu öll að hafa beitt slíku ofbeldi.

Hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Árni Kolbeinsson, Gunnlaugur Claessen og Ólafur Börkur Þorvaldsson komust að þessari niðurstöðu. Fimmti hæstaréttardómarinn, Ingibjörg Benediktsdóttir, skilaði sératkvæði og er ósammála þessari túlkun hinna dómaranna. „Með þessum verknaði beitti hann brotaþola grófu kynferðislegu ofbeldi og braut þannig freklega gegn kynfrelsi hennar. Er fallist á með ákæruvaldinu að þessi háttsemi hafi verið af kynferðislegum toga og afar niðurlægjandi fyrir brotaþola. Skiptir ekki máli hvort tilgangur ákærða hafi verið einhver annar en að veita sér kynferðislega fullnægju, enda nægir að verknaður sé almennt til þess fallinn.“

➜ Ingibjörg bendir á þrjá dóma máli sínu til stuðnings, meðal annars Hæstaréttardóm þar sem maður var sakfelldur fyrir nauðgun, fyrir að hafa stungið fingrum í endaþarm konu sem hafði þvaglát á Austurvelli.

Ingibjörg bendir á þrjá dóma máli sínu til stuðnings, meðal annars hæstaréttardóm þar sem maður var sakfelldur fyrir nauðgun, fyrir að hafa stungið fingrum í endaþarm konu sem hafði þvaglát á Austurvelli.

Hulda Elsa Björgvinsdóttir saksóknari sagði í samtali við Rúv í gær að með þessum dómi væri stigið skref aftur á bak þar sem horfið væri frá því að tryggja kynfrelsi brotaþola. Þrátt fyrir að refsiramminn væri sá sami skipti dómurinn máli vegna fordæmis. „Við teljum að þarna sé í raun og veru fráhvarf frá því sem ætlun löggjafans var, að tryggja kynfrelsi brotaþola og leggja áherslu á verknaðinn, ekki hvaða hvatir liggja að baki.“

- þeb

Fyrrverandi starfsmenn sérstaks ekki fyrir dóm:

# Málið fellt niður

**LÖGREGLUMÁL** Ríkissaksóknari hefur fellt niður rannsókn á hendur tveimur lögreglumönnum sem voru grunaðir um að hafa notað og selt upplýsingar, sem þeir höfðu aflað í störfum fyrir embætti sérstaks saksóknara, til þess að vinna skýrslu fyrir þrotabú Milestone.

Mennirnir, Jón Óttar Ólafsson og Guðmundur Haukur Gunnarsson, unnu rannsóknarvinnu fyrir þrotabú Milestone í gegnum fyrirtæki sitt eftir að þeir létu af störfum hjá sérstökum saksóknara.

Sérstakur saksóknari kærði mennina til ríkissaksóknara í apríl síðastliðnum vegna hugsanlegra brota á þagnarskyldu. Hulda María Stefánsdóttir saksóknari sendi þeim tilkynningu í gærmorgun þar sem greint var frá því að málið hefði verið fellt niður. Það þótti ekki líklegt til sakfellingar.




**SÉRSTAKUR SAKSÓKNARI** Mennirnir unnu fyrir þrotabú Milestone eftir að hafa unnið í málinu hjá sérstökum saksóknara. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Verklagsreglur hjá embætti sérstaks saksóknara voru teknar til endurskoðunar eftir að málið kom upp.

- þeb




ÍSLENSKA SIA.IS ICE 62859 02/13

**Frábær pakkatilboð í allt sumar!**

St. Pétursborg er staður þar sem þú upplifir sögu, stórvirki lista og menningar, umbrot, kyrrð bjartra sumarkvölda og seiðmagn kraftmikils samtíma. Borgin er hrífandi kostur fyrir ferðamenn, spennandi, freistandi og ógleymanleg. Við bjóðum hagstæðar pakkaferðir til Pétursborgar í allt sumar. Verð á pakkaferðum er frá 77.900 kr. á mann í tvíbýli. Innifalið er flug, skattar og gisting í þrjár nætur á Hótel Moskva með morgunverði.

**+ Bókaðu núna á icelandair.is**

ICELANDAIR

* Innifalið: Flug aðra leiðina og flugvallarskattar. Sölutímabil: 1. - 8. febrúar. ** Innifalið: Flug báðar leiðir. Skattar og hluti af gjöldum greiðast sér.

FRUMVARP UM STJÓRN FISKVEIÐA

# Sterkt kvótaþing helsta breytingin

**Útgerðarmenn og stjórnarandstaða segja breytt frumvarp um stjórn fiskveiða ónothæft. Sterkt kvótaþing er helsta breytingin og réð miklu um að sátt náðist í stjórnarliðinu um að leggja frumvarpið fram núna. Efast er um að tími sé til að klára málið fyrir þinglok.**

**Svavar Hávarðsson**
svavar@frettabladid.is



Helsta breytingin á frumvarpi um stjórn fiskveiða, frá því það var lagt fram síðast, er sterkt kvótaþing, þaðan sem aflaheimildir verða leigðar út á vegum ríkisins. Útgerðarmenn og þingmenn stjórnarandstöðunnar fullyrða að ekkert hafi breyst og frumvarpið sé verra en forveri þess, ef eitthvað er.

Steingrímur J. Sigfússon, atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, lagði fram nýtt frumvarp til laga um stjórn fiskveiða síðdegis á fimmtudag. Um þriðju útgáfu frumvarpsins er að ræða [fjórðu ef frumvarpsdrög Jóns Bjarnasonar eru talin með] en síðasta frumvarp var lagt fram í mars í fyrra.

Helsta breytingin er að gert er ráð fyrir verulega sterku kvótaþingi á vegum ríkisins í umsjá Fiskistofu. Til kvótaþings eiga strax í haust að renna tæp 19 þúsund þorskígildistonn en tæp 33 þúsund tonn fyrir fiskveiðiárið sem hefst 1. september 2015. Hluti af aukningunni er tilfærsla frá byggðakvóta, línuívilnun og skel- og rækjubótum en megnið er varanleg tilfærsla frá útgerðarmönnum.

Í umsögn með frumvarpinu kemur fram að áætlaðar tekjur ríkisins af kvótaþinginu muni verða, nái frumvarpið að ganga fram óbreytt, á bilinu 2,3 til 2,7 milljarðar króna á næsta fiskveiðiári, miðað við 19 þúsund tonn. Reiknað er með að leigutekjurnar fari síðan vaxandi ár frá ári samfara auknu magni sem ráðstafað verður á kvótaþingi.

Eins og kunnugt er stóð til að leggja frumvarpið fram í desember en því var frestað vegna andstöðu innan þingflokks Samfylkingarinnar. Sterkara kvótaþing, sem hefur ekki breyst í eðli sínu, er ein meginástæða þess að Samfylkingin skrifar upp á að frumvarpið er lagt fram. Þar ræður mestu að leigupotturinn stækkar að mun.

Ólína Þorvarðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, segir að þessar breytingar hafi skipt miklu máli en fleira komi til. „Eins er jafnræðiskrafan skýrari í markmiðsgrein laganna. Svo það að nýtingarleyfin framlengjast ekki sjálfkrafa heldur verður fjallað um það sérstaklega hver lengdin á framhaldssamningunum verður.“

Nú er gert ráð fyrir 20 ára nýtingartíma. Kveðið er á um að ráðherra skuli, eigi síðar en í desember 2016, leggja fram lagafrumvarp þar sem mælt verður fyrir um ráðstöfun nýtingarleyfa og aflahlutdeilda að liðnum þeim tíma. Í bráðabirgðaákvæði við frumvarpið er mælt fyrir um nefndarskipan fyrir upphaf næsta fiskveiðiárs, sem undirbýr frumvarpið.

Ólína segir að þessar breytingar séu allar til bóta og rétt sé að leggja frumvarpið fram. Hún minnir þó á að fyrir þinginu liggi frumvarp sem kveður á um framtíðarfyrirkomulag strandveiða sem flutningsmenn, Ólína og flokksbræður hennar Mörður Árnason og Skúli Helgason, vona að verði samþykkt og falli inn í frumvarp Steingríms eftir samhliða umfjöllun í atvinnuveganefnd.

Einar K. Guðfinnsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, segir frumvarpið skref aftur á bak, ekki fram á við. „Ég undrast það að menn skuli ekki með neinum hætti taka tillit til þeirrar gagnrýni sem hefur komið fram. Það á jafnt við um hagsmunaaðila og sérfræðinga í sjávarútvegi. Það er ljóst að eingöngu er verið að semja um málið á milli stjórnarflokkanna en ekki að vinna málið efnislega. Þetta er pólitískt útspil sem er hvorki sjávarútveginum né þjóðarbúinu til hagsbóta, en jafnframt er ekki ljóst hvað mönnum gengur til,“ segir Einar og minnir á að vart verði séð að hægt verði að klára málið þar sem innan við tuttugu þingdagar séu eftir samkvæmt starfsáætlun.

Spurður um afdrif laganna, komist Sjálfstæðisflokkurinn til valda eftir kosningar, segir Einar það ljóst að á löggjöfinni verði gerðar nauðsynlegar breytingar.

## BREYTINGAR Á HUGMYNDUM UM FISKVEIÐISTJÓRNUN

| | Frumvarp vor 2011 | Drög starfshóps haust 2011 | Frumvarp mars 2012 | Frumvarp janúar 2013 |
|---|---|---|---|---|
| **Nýtingartími:** | 15 ár með möguleika á 8 ára framlengingu. | 20 ár með möguleika á 15 ára framlengingu. | 20 ár með möguleika á framlengingu um eitt ár í senn. | 20 ár, nefnd skipuð um framhaldið. |
| **Aflamark í strandveiðar:** | 6.000 tonn af þorski, möguleiki á allt að 2.400 tonnum að auki. | 6.800 tonn af þorski og 1.800 tonn af ufsa. | 6.000 tonn af þorski og möguleiki á allt að 2.400 tonnum að auki. | 8.500 tonn 2015/16 [línuívilnun, byggðakvóti, bætur lækka á móti]. |
| **Ráðstöfun viðbótarafla:** | Fari heildarþorskafli umfram 160.000 tonn fer um helmingur til ríkisins. | Fari heildarþorskafli umfram 202.000 tonn fer helmingur til ríkisins. | Fari heildarþorskafli umfram 202.000 tonn fara 40% til ríkisins. | Fari heildarþorskafli umfram 240.000 tonn fara 50% til ríkisins til viðbótar við 9,5% strax. |
| **Veðsetning aflaheimilda:** | Bönnuð. | Ekki tekið fram. | Bönnuð. | Bönnuð. |
| **Hámarksþorskaflahlutdeild félaga:** | 12%. | 8%. | 12%. | 12%. |

## „Það er verið að lögfesta óvissuna.“

Adolf Guðmundsson, formaður LÍÚ, segir að nýtt frumvarp Steingríms J. Sigfússonar um stjórn fiskveiða sé byggt á sama grunni og forverinn, sem dagaði uppi. „Þarna er verið að lögfesta óvissu,“ segir Adolf. Hann nefnir í þessu sambandi að nýtingaleyfin séu aðeins til tuttugu ára og framhaldið verði ákveðið síðar með nefndarvinnu. „Við vitum í raun ekkert hvað þetta þýðir, við erum skildir eftir í lausu lofti í þrjú ár. Síðan er verið að auka óhagkvæmnina í kerfinu verulega með meiri smábátaveiði og uppboðum á aflaheimildum. Með þessu er verið að veikja grunninn hjá þeim fyrirtækjum sem eru fyrir.“



Adolf segir að frumvarpið sé afturför frá fyrra frumvarpi. „Okkur finnst þessar breytingar vera illa grundaðar, eins og við höfum þráfaldlega bent á.“ Hann minnir á umsagnir um fyrra frumvarpið, þær hafi allar verið á einn veg. Hins vegar sé eftir að skoða frumvarpið niður í kjölinn og breytingarnar í heild; þá sé eftir að reikna þýðingu þess af nákvæmni. Það sé verkefni næstu daga, segir Adolf.

## Aðrar breytingar

- ➜ Felld eru brott ákvæði fyrra frumvarps varðandi skerðingu á framseldri aflahlutdeild við flutning og varðandi hámark á framsali aflahlutdeildar einstakra tegunda.
- ➜ Heimildir til að flytja aflamark milli skipa í upphafi fiskveiðiárs er hækkuð úr 5% í 12,5%.
- ➜ Mælt er fyrir um að almennt veiðileyfi falli niður hafi fiskiskipi ekki verið haldið til fiskveiða í atvinnuskyni í tólf mánuði.
- ➜ Mælt er fyrir um að tengdir aðilar í skilningi ákvæða um hámarksaflahlutdeildir teljist aðilar þar sem annar aðilinn á beint eða óbeint 30% hlutafjár í hinum, en með því er hlutfallið lækkað úr 50%. Gefinn er þriggja ára aðlögunartími að þessari breytingu.



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

# Prius Plug-in
# Náttúrulegt samband




Prius Plug-in er hinn fullkomni borgarbíll og fer allt að 25 km* á rafmagni eingöngu. Bara að hlaða öfluga Lithium-Ion rafhlöðuna í 90 mínútur og þú ekur um á rafmagnsbíl. Ef rafmagnið klárast tekur bensínhreyfillinn við. Með því að tvinna saman bensínvél og rafmótor notar Prius Plug-in aðeins frá 2,1 lítra á hverja hundrað kílómetra. Komdu þér í hagkvæmt samband við vegakerfið með Prius Plug-in.

Verð 6.190.000 kr.

Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is
Erum á Facebook - Toyota á Íslandi

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

* Við bestu aðstæður. // Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Í hverju felst norræna módelið?

# Næsta norræna velferðarstjórn

Tímaritið virta og víðlesna The Economist birtir í nýjasta tölublaði sínu heilmikla úttekt á nágrannaríkjum okkar fjórum á Norðurlöndunum. Ísland er ekki með í úttektinni. Á forsíðunni er birt mynd af úfnum víkingi með fyrirsögninni „Næsta súpermódel“. Þar er augljóslega vísað í norræna módelið, sem The Economist færir rök fyrir að hafi skilað norrænu ríkjunum í fremstu röð og mörg önnur ríki muni horfa til í vaxandi mæli.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Eru þetta ekki frábær tíðindi fyrir ríkisstjórnina, sem verður tíðrætt um norræna velferðarsamfélagið og lýsti því yfir í upphafi ferils síns að hún hygðist horfa sérstaklega til grannríkjanna við breytingar sínar á íslenzku samfélagi?

Það verður að teljast hæpið. The Economist lýsir nefnilega allt öðru norrænu módeli en því sem ríkisstjórn Íslands vinnur eftir. Leiðarahöfundur blaðsins gerir grín að bæði frönskum vinstrimönnum sem láta sig dreyma um hina sósíalísku Skandinavíu og bandarískum íhaldsmönnum sem saka Obama forseta um að ætla að breyta Bandaríkjunum í Svíþjóð. Hvorugur hópurinn fylgist með tímanum, segir blaðið. Á áttunda og níunda áratugnum voru norrænu ríkin vissulega ríki hárra skatta og ríkisútgjalda, en það var módel sem virkaði ekki. Norðurlandaríkin hafa breytt um kúrs – aðallega til hægri.

The Economist verður þannig tíðrætt um alls konar hugmyndir sem hafa verið býsna fjarri þeirri „norrænu velferðarstjórn“ sem hefur setið hér á landi síðustu fjögur ár. Þar á meðal eru umbætur í velferðarþjónustunni sem byggjast á því að innleiða einkarekstur og samkeppni, til dæmis í rekstri sjúkrahúsa og grunnskóla. „Svo lengi sem almannaþjónustan virkar er þeim sama hver lætur hana í té,“ segir The Economist. Alveg augljóst að blaðamaðurinn spurði engan í VG eða Samfylkingunni.

Blaðinu finnst líka frábært hvað Norðurlandabúar eru hallir undir frjálsa verzlun og nefnir að sænsk stjórnvöld reyndu ekki að koma í veg fyrir að Saab færi á hausinn og þeim er sama þótt kínverskir fjárfestar hafi keypt Volvo. Aftur er augljóst að Ísland var ekki með í úttektinni.

Norræna módelið, eins og því er lýst í The Economist, er vissulega frábært módel, nokkuð frjálst af kreddum bæði til vinstri og hægri. Það byggist á öflugu atvinnulífi, sem stjórnvöld leggja sig fram um að örva og skapa samkeppnishæf skilyrði. Öflug einkafyrirtæki sem eru ekki skattpínd úr hófi fram standa undir velferðarkerfi sem er sjálfbært til lengri tíma og þar af leiðandi ekki of dýrt. Markaðsöflin eru nýtt í þágu almannaþjónustu og gera opinbera geirann skilvirkari. Stjórnsýslan er opin og skilvirk og stjórnmálamenn leggja sig fram um að ná samstöðu um stór mál.

Þetta er flott prógramm, sem stjórnmálaflokkar gætu lagt fyrir kjósendur. Það eru hins vegar litlar líkur á að núverandi stjórnarflokkar geri það; til þess eru þeir of fastir í gamla norræna módelinu sem hefur gengið sér til húðar. Sú ríkisstjórn sem tileinkar sér mikið af þeim umbótum sem nágrannaríkin hafa ráðizt í gæti hins vegar staðið undir nafni sem norræn velferðarstjórn.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

Spænskunám og sumarbúðir í Zafra á Spáni fyrir 14-18 ára ungmenni

22. júní – 13. júlí 2013

**MUNDO - alþjóðleg ráðgjöf**, bjóða ungmennum upp á menntandi sumarbúðir í Zafra í 3 vikur í sumar.

Hugmyndafræðin byggir á hinum sjö venjum harðduglegra unglinga eftir Sean Covey. Krakkarnir læra að: **hafa frumkvæði, skipuleggja fram í tímann, forgangsraða, setja sig í spor annarra, finna góða lausn fyrir báða aðila, vinna vel í hópi og hugsa vel um sig.**

**Að dvöl lokinni eiga krakkarnir að geta bjargað sér á spænsku.**

Margrét Jónsdóttir Njarðvík, vararæðismaður Spánar og spænskukennari mun halda utan um krakkana á meðan á dvölinni stendur.

Spænskunám er stundað fyrir hádegi en síðdegis er skipulagt félagsstarf svo sem íþróttir, sundlaugaferðir og skoðunarferðir, þ.á.m. til Mérida, Sevilla og á ströndina.

Skilyrði fyrir þátttöku er að snerta enga vímugjafa af hvaða tagi sem er.

MUNDO
www.mundo.is

**Verð er 390.000 ISK - Innifalið eru flugferðir, gisting og fæði allan tímann.**

Nánari upplýsingar veitir Margrét Jónsdóttir Njarðvík í síma **6914646** eða í tölvupósti: **margret@mundo.is**



## AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

# Frá „svikum“ til „þjóðarsigurs“



„… vissulega er það svo, að smáþjóð verður að varast það að ganga svo langt, að hún geti ekki alltaf verið við því búin að leggja mál sín undir úrlausn alþjóðadómstóls, því að sannleikurinn er sá, að smáþjóð á ekki annars staðar frekar skjóls að vænta heldur en hjá alþjóðasamtökum og alþjóðastofnunum af því hún hefur ekki valdið til að fylgja eftir sínum ákvörðunum eins og stórveldin.“

Þessi málsgrein er úr ræðu sem Ólafur Jóhannesson flutti á Alþingi í nóvember 1960. Fjórum mánuðum síðar snerist hann gegn samningi um lausn landhelgismálsins. Hann fól í sér viðurkenningu Breta á tólf mílunum, tímabundnar veiðiheimildir þeim til handa og að við frekari útfærslu yrði ágreiningur leystur fyrir alþjóðadómstólnum.

Bjarni Benediktsson og Morgunblaðið lýstu samningnum sem „stærsta stjórnmálasigri Íslendinga“. Stjórnarandstæðingar og Þjóðviljinn notuðu hins vegar orð eins og „svik“ og „landráð“. Þegar kom að frekari útfærslu landhelginnar áratug síðar kaus þjóðin þá flokka til valda sem lofuðu að rifta samningnum við Breta um dómstólaleiðina. Sumir töldu það „þjóðarsigur“ þess tíma.

Spurningin er: Breytti sú afstaða þjóðarinnar „sigursamningi“ í „svikasamning“? Tæpast. En þessi gamli landhelgissamningur, rétt eins og síðasti Icesave-samningurinn, varpar ljósi á þann vanda sem ríkisstjórnir standa andspænis þegar meta þarf hvort verja á hagsmuni Íslands með samningum eða eftir öðrum leiðum.

## Ísland valdi ekki EFTA-dómstólinn

Hvorki íslensk stjórnvöld né íslenska þjóðin tóku ákvörðun um að leggja ágreininginn um Icesave-skuldina fyrir EFTA-dómstólinn; og Bretar ekki heldur. Það gerði sjálfstæð eftirlitsstofnun, ESA. En með því að hafna samningnum í þjóðaratkvæðagreiðslu máttu menn eigi að síður gera sér grein fyrir að úrslit málsins gætu ráðist þar.

Þeir sem forystu höfðu fyrir því að hafna samningum viðurkenndu hins vegar aldrei valdsvið EFTA-dómstólsins. Viku fyrir dómsuppkvaðninguna sagði forseti Íslands að dómstóllinn væri eins og lögfræðiskrifstofa sem gæfi ráðgefandi álit en réði ekki úrslitum máls. Þegar dómurinn var fallinn taldi forsetinn að hann hefði staðfest mesta lýðræðissigur í sögu Evrópu.

Daginn sem dómurinn gekk gagnrýndi Morgunblaðið utanríkisráðherra harðlega í forystugrein fyrir að hafa ekki andmælt því að málið færi fyrir EFTA-dómstólinn. Þar sagði „að fáir væru líklegir til að hafa sagst vilja fara „dómstólaleiðina“. Svo fráleitt þótti að una þessum dómi að í fyrirsögn stóð: „Reynt er vísvitandi að rugla saman EFTA-dómstól og „dómstólaleiðinni“.“ Næsta dag notaði blaðið réttilega orðið „þjóðarsigur“ um niðurstöðu þess dómstóls sem það sólarhring fyrr taldi að hefði ekkert með málið að gera fremur en önnur innanríkismál.

Rétt eins og Ólafur Jóhannesson snerist gegn þeirri leið við lausn landhelgisdeilunnar við Breta 1961, sem hann hafði sjálfur mælt með, hafa margir þeirra sem í upphafi lögðu á ráðin um samningaleið vegna Icesave-skulda Landsbankans snúist gegn henni á síðari stigum.

## Hvar er skjóls að vænta?

Bæði þessi mál enduðu farsællega. En þegar öllu er á botninn hvolft er ólíklegt að uppsögn landhelgissamningsins hafi flýtt fullum yfirráðum yfir 200 mílna lögsögunni. Eins er óvíst að vaxtakostnaður vegna síðasta Icesave-samningsins hefði orðið meiri en það óhagræði af lakari viðskiptakjörum sem tveggja ára óvissa hefur valdið.

Það er oft hyggilegt að semja. En fyrri Icesave-samningarnir eru gott dæmi um hitt. Formenn stjórnarflokkanna voru svo rúnir trausti eftir þá að þeir gátu ekki einu sinni nýtt sér góða niðurstöðu EFTA-dómstólsins til að bæta stöðu sína.

Umræður um mál eins og þessi eru jafn tilfinningaþrungnar nú og fyrir hálfri öld. Munurinn er helst sá að þá voru fleiri staðfastir í skoðunum. Nú eru þeir fleiri sem taka afstöðu eftir sama lögmáli og haninn á burstinni.

Annað er að sú skoðun hefur fengið fullt verð í búð reynslunnar, sem Ólafur Jóhannesson hafði stundum en Bjarni Benediktsson jafnan, að Ísland ætti ávallt að vera reiðubúið að leggja mál fyrir alþjóðadómstóla. Smáþjóð ætti helst skjóls að vænta hjá alþjóðastofnunum því hún hefði ekki sama vald og stórveldin til að fylgja málum sínum eftir.

Icesave-deilan átti rætur í reglum um innri markað Evrópusambandsins. En aðildin að honum tryggði Íslandi aftur á móti réttarvernd EFTA-dómstólsins. Bretar gátu því ekki neytt aflsmunar nema skamma stund. Þetta er eitt af þeim sjónarmiðum sem liggja til grundvallar umsókn um fulla aðild að Evrópusambandinu. Dómsniðurstaðan styrkir því ótvírætt umsóknina.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*




## UPPLIFÐU NÝJA TÍMA MEÐ HYUNDAI

**Nýr Hyundai i20 með 1,1l dísilvél er einn sparneytnasti millistærðarbíll sem völ er á.**

Öllum nýjum Hyundai bílum fylgir 5 ára ábyrgð og ótakmarkaður akstur auk árlegra öryggis- og viðhaldsskoðana sem eru viðskiptavinum að kostnaðarlausu. Við bjóðum ykkur velkomin í hóp ánægðra Hyundai eigenda.

Hyundai í Kauptúni 1 er opið frá kl. 07.45–18.00 alla virka daga og 10.00–16.00 á laugardögum.

Verið velkomin í kaffi og reynsluakstur
í dag milli klukkan 10–16

HYUNDAI
Kauptúni 1 – 210 Garðabæ – Sími: 575 1200
www.hyundai.is – www.facebook.com/hyundai.is

B|L Hyundai / BL ehf. Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílaverkstæði Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070

# RISAÚ

BÍLMAGNARAR

LOKA

Ú

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDI

# ALLT AÐ 75%

## ENN MEIRI AFSLÁTTUR

UPPÞVOTTAVÉLAR ELDAVÉLAR
ÞVOTTAVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR

## ÚTSÖLUNNI LÝKUR UM

FRYSTIKISTUR ÞURRKARAR OFNAR
BLANDARAR VÖFFLUJÁRN RYKSUGUR
HELLUBORÐ SAMLOKUGRILL
HÁFAR

*Sjá allt úrvalið á ht.is*

## TAKMARKAÐ MAGN

*Fyrstur kemur – fyrstur fær!*

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic DENON UNITED BEKO scan domestic

TVÖRP DVD SPILARAR SJÓNVÖRP FERÐATÆKI BÍLTÆKI
MP3 SPILARAR MAGNARAR
HELGI - LOKAHELGI
HÁTALARAR HLJÓMBORÐ
MYNDAVÉLAR REIKNIVÉLAR

TSALA

R MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

AFSLÁTTUR

R AF VÖLDUM VÖRUM!

ÍSSKÁPAR KAFFIVÉLAR STRAUJÁRN
HRÆRIVÉLAR RAKVÉLAR

HELGINA

OPIÐ ALLA HELGINA!

Laugardag 11-16 og sunnudag 13-17

Heimilistæki
ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 - REYKJAVÍK - SÍMI 569 1500

wilfa Melissa Ariete Bauknecht elna exido VESTFROST INDESIT DēLonghi Whirlpool

COOLER MASTER · ASUS · acer · ace · msi · Seagate · SanDisk · MANHATTAN · CORSAIR

# STÓRÚ

# ALLT AÐ 70%

FARTÖLVUR • SPJALDTÖLVUR • TÖLVUSKJÁIR • BOR
MINNISLYKLAR • HARÐIR DISKAR • FARTÖLVUTÖSKUR
BLEK • HÁTALARAR • SJÓNVARPSFLAKKARAR • TÓNERHYLKI
MINNISKORT • SKANNAR • HEYRNARTÓL • STÝRIPINNAR • ÍHLU
HLJÓÐNEMAR • MÝS • MARGMIÐLUNARSPILARAR • SKRIFARAR • HL

MIKIÐ ÚRVAL AF TÖLVUVÖRUM Á STÓRÚTSÖLU
B VÖRUR, SÝNINGAREINTÖK OG ÚTLITSGALLAÐ

STÓRÚTSALA SAMTÍMIS
Í 6 VERSLUNUM
UM ALLT LAND

2.000
VÖRUR
Á ÚTSÖLU




SKOÐAÐU
ÚRVALIÐ
Á TL.IS

Logitech Sarotech TOSHIBA SAMSUNG Razer WACOM PHILIPS WD

# TSALA

# AFSLÁTTUR

ÐTÖLVUR • SKJÁKORT • PRENTARAR • TURNKASSAR
• MÓÐURBORÐ • FLAKKARAR • NETBÚNAÐUR • PAPPÍR
• VIFTUR • GEISLADISKAR • VEFMYNDAVÉLAR • LYKLABORÐ
TIR • KÆLINGAR • MÚSAMOTTUR • VINNSLUMINNI • HÝSINGAR
JÓÐKORT • TÖLVULEIKIR • AFLGJAFAR • LEIKJAMÝ

VERÐI. NÝJAR VÖRUR,
Ð Á DÚNDURAFSLÆTTI !

EINA ÚTSALA ÁRSINS !

OPIÐ ALLA HELGINA !

LAU. 11-16
SUN 13-17

tl.is

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

## ORÐ VIKUNNAR
26.01.2013 ➜ 01.02.2013










FÍR
FÉLAG ÍSLENSKRA RAFVIRKJA

**Tilkynning um framboðsfrest til stjórnarkjörs**

*Samkvæmt 32. gr. laga Félags íslenskra rafvirkja skal fara fram allsherjaratkvæðagreiðsla um kjör stjórnar og trúnaðarráðs.*

*Með hliðsjón að framansögðu tilkynnist hér með að framboðsfrestur hefur verið ákveðinn til kl. 12.00 mánudaginn 4. mars 2013 og ber að skila tillögum ásamt meðmælendum fyrir þann tíma á skrifstofu félagsins.*

*Hverjum framboðslista skulu fylgja skrifleg meðmæli minnst 181 fullgildra félagsmanna*

Reykjavík 2. febrúar 2013.

*Stjórn Félags íslenskra rafvirkja*



Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn ofbeldi?
Barnaheill
Save the Children á Íslandi


# Óraunsæi Sjálfstæðisflokksins í utanríkismálum

UTANRÍKISMÁL



**Össur Skarphéðinsson**
utanríkisráðherra

Miðvikudagurinn 15. mars 2006 var örlagadagur í sögu Sjálfstæðisflokksins. Þann dag var íslenskum stjórnvöldum tilkynnt af Nicholas Burns, þáverandi aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, að stjórnvöld þar í landi hefðu ákveðið að bandaríski herinn hyrfi frá Íslandi. Þessi einhliða ákvörðun var áfall fyrir Sjálfstæðisflokkinn, sem hafði frá lýðveldisstofnun jafnan talið sig handhafa hins „sérstaka sambands“ við Bandaríkin, og útvalinn gæslumann þessa fjöreggs í varnar- og öryggismálum þjóðarinnar. Ákvörðunin var jafnframt staðfesting á vítaverðu óraunsæi í utanríkisstefnu flokksins, sem hafði mislesið breytingar í öryggis- og heimsmálum og feilreiknað bæði samningsstöðu og öryggisþarfir Íslands. Í kjölfarið reyndist flokkurinn nánast algjörlega óviðbúinn því að þurfa að huga sjálfur að vörnum og öryggi Íslands, hvað þá að taka á þeim mörgu og flóknu viðfangsefnum sem fylgdu brottför hersins eftir nærri 60 ára viðveru hans hér á landi.

### Margboðuð brottför

Bandaríkjastjórn hafði margboðað íslenskum stjórnvöldum brottför hersins og bent bæði á breyttar aðstæður í heimsmálum og skort á fjandmönnum kringum Ísland. Bandaríkjamenn, dauðþreyttir á sinnuleysi Íslendinga við að skilgreina og semja um öryggisþarfir landsins, létu loks til skarar skríða árið 2003. Þeir tilkynntu þá ákvörðun um brottför hersins eigi síðar en 2006. Í stað þess að beita bláköldu hagsmunamati og skilgreina og semja um varnir og öryggi sem hentuðu þörfum Íslendinga brugðust stjórnvöld við af örvæntingu – enda heimavinnan óunnin. Þau lögðust í vonlausa og þarflausa baráttu fyrir því að herinn yrði hér áfram, og sér í lagi var allt kapp lagt á að halda fjórum orrustuþotum með tilheyrandi liði. Öllu var tjaldað til að ríghalda í bandaríska herinn í stað þess að sníða samningsmarkmið að raunverulegum öryggisþörfum Íslands.

Dómgreindarbrestur forystu Sjálfstæðisflokksins birtist í því að annars vegar var hótað leynt og ljóst að slíta tvíhliða varnarsamningnum meðan á hinn bóginn var tekin upp stöðugt meiri fylgispekt við utanríkisstefnu Bandaríkjanna til að tryggja áframhaldandi veru hersins. Langlægsti punkturinn var Írak. Þá bauð forysta Sjálfstæðisflokksins Ísland fram í hóp hinna „viljugu ríkja“ án lögbundins samráðs við þingið í von um skiptidíl þar sem íslensk stjórnvöld héldu hernum í staðinn fyrir íslenskan stuðning við hina margfordæmdu innrás þar sem hundruð þúsunda saklausra borgara létu að lokum lífið. Bandaríkjamenn voru hins vegar fastari á prinsippum en forysta Sjálfstæðisflokksins. Þeir höfnuðu í verki að blanda svo subbulegum díl saman við tíu ára gamla stefnuákvörðun.

Engum dylst að Sjálfstæðisflokkurinn ofmat samningsstöðu Íslands og vildi ekki skilja nýjar aðstæður í öryggis- og heimsmálum. Samningatækni hans var jafnframt með þeim hætti að Bandaríkjamenn segja enn opinmynntir af henni svartar sögur. Um leið glopraði hann úr höndum Íslendinga tækifæri til þess að semja að nýju við Bandaríkjastjórn innan ramma varnarsamningsins, meðan það stóð til boða. Slíkir samningar hefðu snúist um varnir og öryggi sem hentuðu viðfangsefnum í okkar heimshluta og svöruðu skilgreindum þörfum Íslendinga. Sjálfstæðisflokkurinn reyndist of bundinn í hugsunarhátt kalda stríðsins til þess að geta gætt hagsmuna Íslendinga á nýrri öld.

### Ísland átti engan vin

Hrundagarnir í október 2008 eru á sinn hátt annað stóráfall fyrir trúverðugleika Sjálfstæðisflokksins í samskiptum við önnur ríki. Þar var á ferðinni sams konar þrásækni í það sem ekki stóð til boða af hálfu annarra ríkja, staðfastur vilji til þess að viðurkenna ekki staðreyndir og láta ráðleggingar samstarfsþjóða eins og vind um eyru þjóta. Seðlabankinn gerði út leiðangra allt árið til Seðlabanka Evrópu, Alþjóðagreiðslubankans í Basel, Englandsbanka og bandaríska seðlabankans og fleiri seðlabanka til þess að fá lán í því augnamiði að efla gjaldeyrisvarasjóð landsins eða koma á gjaldeyriskiptasamningum. Alls staðar fékk hann sama svarið: Íslenska dæmið er of stórt til þess að nokkurt eitt ríki taki að sér að halda Íslandi á floti, auk þess sem stafað var ofan í hann að seðlabankar heimsins hefðu sammælst um að hjálparaðgerðir gagnvart einstökum löndum ættu sér stað á vettvangi samstarfs innan Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Sjálfstæðisflokkurinn brást við með því að taka 180 gráðu pólitíska beygju í utanríkismálum á einni nóttu. Trúnaðarmaður flokksins var gerður út á vit fornra fjanda Sjálfstæðismanna úr kalda stríðinu til að slá risastór lán. Nú voru það Rússar sem voru hinir nýju vinir Sjálfstæðisflokksins. En dómgreindarglöpin voru slík að hið margfræga Rússalán sem kynnt var árla dags í fréttatilkynningu af seðlabankastjóra flokksins eftir svefnlitla nótt reyndist draumsýn ein. Hið eina sem flokkurinn uppskar eftir þetta ævintýri voru kaldhæðnislegar athugasemdir gamalgróinna vinaþjóða um stefnuleysi Íslands. Jafnvel eftir hrunið tók það heilan mánuð að fá forystu Sjálfstæðisflokksins til að leita eftir samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um endurreisn íslenska bankakerfisins.

> ➜ **Sjálfstæðisflokkurinn má ekki við því að halda áfram að glata trausti í samskiptum á sviði utanríkismála. Hann verður að horfa á stöðuna raunsæjum augum og beita bláköldu mati á hagsmuni Íslands.**

Umræða í þáskildagatíð gerir vitaskuld litla stoð, en þó er ætlandi að Bretar hefðu ekki vogað sér að beita hryðjuverkaákvæðum laga sinna gegn Íslendingum, þegar við lágum flatir, ef við hefðum byrjað samstarf við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn á miðju ári 2008 eins og Seðlabankanum var ráðlagt. Annað hefði mögulega einnig getað farið skaplegar fram. Þarna glataði Sjálfstæðisflokkurinn tækifæri til þess að gæta hagsmuna Íslendinga meðan það stóð til boða – með þrásækni í það sem ekki stóð til boða. Hann olli Íslandi skaða með reikulli og óraunsærri utanríkisstefnu á örlagatímum.

### Enn þrásækni og óraunsæi?

Það er vert að hugleiða þessi tvö dæmi þegar afstaða Sjálfstæðisflokksins til umsóknar Íslands að Evrópusambandinu er metin. Staðfesta hans varðandi Evrópusamstarfið hefur í sögulegu ljósi ekki verið meiri en svo, að hann er fylgjandi því í stjórn en á móti í stjórnarandstöðu. Svo virðist sem hann sé í stjórnarandstöðu að herðast í þeirri afstöðu að loka á fulla aðild og þátttöku í helsta samráðsvettvangi Evrópuríkja. Í stað þess að auka á svigrúm og möguleika Íslendinga til þess að velja sér leið út úr vandamálum samtímans, virðist hann stefna einbeittur að því að loka landið af með gjaldeyrishöftum til langframa. Einkennist ekki framganga hans af þrásækni eftir að ónýta málið og velja það sem ekki er í boði? Væri ekki nær að vinna að sem bestum samningi við ESB og láta síðan blákalt hagsmunamat ráða um ráðleggingar til þjóðarinnar í þjóðaratkvæðagreiðslu?

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins ætti að hugleiða vel hvernig flokkurinn brást hagsmunum Íslendinga í samskiptum við Bandaríkin 2003 og síðar aftur við seðlabanka heimsins í aðdraganda hrunsins 2008. Ætlar hann að bregðast hagsmunum Íslands aftur árið 2013? Sjálfstæðisflokkurinn má ekki við því að halda áfram að glata trausti í samskiptum á sviði utanríkismála. Hann verður að horfa á stöðuna raunsæjum augum og beita bláköldu mati á hagsmuni Íslands. Skylda hans er við Ísland en ekki skammtímahagsmuni valdamikilla en deyjandi blokka innan flokksins.

## UMMÆLI VIKUNNAR



**„Ég er stolt, ég er þakklát, mér er sannarlega létt og ég er full eftirvæntingar.“**

*Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra var í góðu skapi við upphaf landsfundar Samfylkingarinnar í gær.*

**„Nú höldum við veislu.“**

*Utanríkisráðherrann Össur Skarphéðinsson var alveg klár á sínum viðbrögðum eftir að dómur féll í Icesave-málinu á mánudag.*

**„Ég skal viðurkenna að ég þorði fyrir vikið ekki að vona að niðurstaðan yrði svona afdráttarlaus, fullkominn sigur.“**

*Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, var algjörlega sannfærður um lagalega stöðu Íslands í Icesave – en þorði ekki að vona að það yrði farið eftir lagabókstafnum.*

## Skoðun visir.is

**795**
MIÐVIKUDAGUR 30. JANÚAR
**Ef keisarinn er ekki í neinum fötum ...**
*Sif Sigmarsdóttir pistlahöfundur*

**627**
MÁNUDAGUR 28. JANÚAR
**Nýr bókmenntapáfi**
*Guðmundur Andri Thorsson pistlahöfundur*

**430**
FIMMTUDAGUR 31. JANÚAR
**Um jarmandi rollur í Animal Farm**
*Ellert B. Schram ellilífeyrisþegi*

**417**
LAUGARDAGUR 26. JANÚAR
**Rótarmeinið mikla**
*Árni Páll Árnason alþingismaður*

# Jafnaðarstjórn í fjögur ár: Úr skuldafjötrum

FJÁRMÁL



Jóhanna Sigurðardóttir
forsætisráðherra

Fjórða grein

Hrun krónunnar og þrot fjármálafyrirtækja árið 2008 orsakaði gríðarlegan og áður óþekktan vanda nánast allra heimila og fyrirtækja í landinu. Verkefni stjórnvalda var að afstýra keðjuverkun og mögulegu þjóðargjaldþroti. Skuldir ríkissjóðs hlóðust upp.

Sumarið 2007 námu heildarskuldir heimila 108 prósentum af landsframleiðslu. Í sínum hæstu hæðum árið 2009 námu skuldir heimilanna 135 prósentum af landsframleiðslunni. Nú bregður hins vegar svo við að skuldastaða þeirra er komin niður í 108 prósent á ný, eða sama hlutfall og 15 mánuðum fyrir bankahrunið. Lækkunin nemur yfir 300 milljörðum króna.

**Lentum ekki í vítahringnum**

Þetta er auðvitað jákvæð þróun. Ríkisstjórnin getur horft um öxl og séð að henni tókst samtímis að létta byrðar tekjulægstu heimilanna og koma þeim yfir erfiðasta hjallann. Engu að síður finna menn fyrir fjármálahruninu og fæstir gátu búist við því að sleppa við áhrif þessara hamfara af mannavöldum.

Hollt er að skoða þetta í samanburði við önnur lönd sem glímt hafa við hliðstæðan vanda undanfarin ár eins og gert er í skýrslu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem birt var í apríl í fyrra. Þar var m.a. farið yfir viðbrögð stjórnvalda í nokkrum löndum við skuldavanda heimilanna og tekið fram að í öllum tilvikum hafi aðdragandinn einkennst af niðursveiflu og verulegri skuldasöfnun heimila. „Dæmið frá Íslandi sýnir hvernig fjölþætt nálgun getur létt skuldabyrði stórs hluta heimilanna og haldið aftur af vanskilum. Kveikjan að djörfum viðbrögðum stjórnvalda átti rætur í erfiðri skuldastöðu heimilanna og miklum félagslegum þrýstingi á stjórnvöld um að grípa til aðgerða.“

**Fjölþættar ráðstafanir**

Aðgerðirnar sem ríkisstjórnin greip til voru margvíslegar. Hún hefur nú varið um 100 milljörðum króna í vaxtabætur og barnabætur sem hafa þann eiginleika að rata þangað sem þörfin er mest. Fasteignalán hafa verið færð niður um 46 milljarða vegna 110 prósenta leiðarinnar. Þá hefur greiðsluaðlögun einstaklinga, sértæk skuldaaðlögun og greiðslujöfnun sömuleiðis hjálpað þúsundum einstaklinga.

Við erum ekki komin á leiðarenda. Enn er endurútreikningum gengislána ólokið og ekki hafa tekist samningar enn við lífeyrissjóðina um svonefnd lánsveð sem snerta drjúgan hóp fólks. Mér finnst einnig koma til greina að setja þak á verðtrygginguna ef um það getur náðst víðtæk sátt.

**Lækkandi skuldir fyrirtækja**

Skuldir fyrirtækja nema nú 170 prósentum af landsframleiðslunni og samanlagt nema því skuldir þeirra og heimilanna nærri þrefaldri árlegri landsframleiðslu eða 280 prósentum. Samanlagt námu þessar skuldir liðlega fimmfaldri landsframleiðslu (510%) haustið 2008. Hér er því um ákaflega mikilsverðan viðsnúning að ræða enda viðurkennt að sligandi skuldir dragi úr eftirspurn og hagvexti. Í síðustu útgáfu Peningamála Seðlabanka Íslands er staðfest að skuldastaða heimila og fyrirtækja hafi lækkað um tvöfalda landsframleiðslu á einungis þremur árum. Afskriftir erlendra kröfuhafa gagnvart gömlu bönkunum eru ekki teknar með enda hefði lækkun skulda verið miklu meiri hefði verið tekið mið af þeim einnig.

Fyrir ári voru bankarnir með ráðandi stöðu í um fjórðungi 120 stærstu fyrirtækjanna í landinu. Sem kröfuhafar og lánardrottnar réðu þeir nærri 70 prósentum þeirra árið 2009. Samkvæmt skýrslu Samkeppniseftirlitsins fóru innan við tíu prósent fyrirtækjanna í gegnum gjaldþrot eða nauðasamninga. Þetta er athyglisvert í ljósi þess hve fjárhagur þeirra var illa leikinn eftir hrunið. Við vitum vel að hér á landi ríkir fákeppni og samkeppni er ábótavant í þágu neytenda. Bankarnir urðu auðvitað að leggja mat á það hversu lífvænleg fyrirtækin væru þegar ákvarðanir voru teknar um líf þeirra, oft í óþökk keppinauta. Menn sýndu því skilning að þegar fyrirtæki voru lífvænleg og störf hundraða einstaklinga í húfi gátu miklar afskriftir verið réttlætanlegar. Þetta skilar sér þótt skuldsetning fyrirtækja sé almennt há enn þá.

**Ríkissjóður einnig á réttri leið**

Rétt eins og heimilum og fyrirtækjum er lífsnauðsynlegt að stöðva skuldasöfnun og lækka skuldir eftir föngum þarf ríkissjóður einnig að gera slíkt hið sama. Það hefur gengið vonum framar um leið og tekist hefur að verja velferðina og halda uppi atvinnustiginu og þrátt fyrir að ríkið taki nú minna til sín af þjóðarkökunni en fyrir hrun. Árið 2008 nam halli ríkissjóðs 216 milljörðum króna. Árið 2011 var hann kominn niður í 46 milljarða og 21 milljarð króna árið 2012. Á fjárlögum þessa árs er gert ráð fyrir að hann verði innan við fjóra milljarða króna. Engin ríkisstjórn hefur náð viðlíka árangri í aðlögun ríkisfjármála á svo skömmum tíma. Vegna þessa árangurs fara skuldir ríkissjóðs nú loksins lækkandi sem hlutfall af landsframleiðslu þótt háar séu og vaxtagjöld mikil. Lyktir Icesavemálsins eru einnig mikið gleðiefni fyrir þjóðina í þessu sambandi. Það endurspeglar einnig batnandi hag að skuldatryggingaálag Íslands lækkar jafnt og þétt og er nú hið allra lægsta frá hruninu.

**➜ Við erum ekki komin á leiðarenda. Enn er endurútreikningum gengislána ólokið og ekki hafa tekist samningar enn við lífeyrissjóðina um svonefnd lánsveð sem snerta drjúgan hóp fólks.**



# HELGIN



**Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands**
Ég er á leiðinni á morgun til Malaví að kynna mér verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar og sjá þau með eigin augum.



**Þórhildur Ólafsdóttir dómari í Gettu betur**
Ég ætla á skíði. Það jafnast fátt á við að verja degi í Hlíðarfjalli þegar færið er jafn æðislegt og núna. Ég skil manninn eftir, hann verður að vinna.



**Ragnar Axelsson ljósmyndari**
Brjálað að gera, er að passa tvö barnabörn, leggja lokahönd á bókina mína um Landmannalaugar og aðra sem kemur út í Frakklandi og enda svo á Bootleg Beatles á sunnudagskvöld.



**Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra**
Ég ætla að vera á Landsfundi Samfylkingarinnar í Vodafone-höllinni og bíða eftir því að sjá hver verði næsti formaður.



**SMÁ HLÉ Á LESTRI** Guðni á tali við Hilmar F. Thorarensen, Elínu Torfadóttur og Kristjönu Helgadóttur.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sjálfboðaliðastarfið er gefandi

**Guðni Th. Jóhannesson,** sagnfræðingur og lektor í HÍ, les upphátt vikulega í félagsmiðstöðinni á Aflagranda í sjálfboðavinnu.

**Gunnþóra Gunnarsdóttir**
gun@frettabladid.is

Guðni Th. sagnfræðingur stendur við ræðupúlt í samkomusal félagsmiðstöðvarinnar á Aflagranda og les upp úr bókinni Veröld sem var, sjálfsævisögu Stefan Zweig sem ólst upp í öryggi og hámenningu Vínarborgar en upplifði síðan ógnir tveggja heimsstyrjalda. Þar er komið sögunni að höfundur er staddur í London síðustu daga septembermánaðar 1938 þegar mikill fögnuður brýst út því talið er að Hitler, Mussolini, Chamberlain og Daladier hafi orðið ásáttir um frið. Aðeins er þó um svikalogn að ræða sem varir einungis í tvo daga.

### Konan hvatti hann

Rúmlega þrjátíu manns af eldri kynslóðinni sitja og hlusta af athygli á Guðna. Hann tilkynnir í lokin að hann klári bókina hugsanlega í næstu viku. En hver var ástæða þess að hann hóf að lesa upp á Aflagranda?

„Konan mín er frá Kanada,“ byrjar Guðni, „og þar er miklu meiri hefð en hérna heima fyrir því að fólk sinni einhverju sjálfboðastarfi. Auðvitað eru margir í því hér líka en það var hún sem hvatti mig. Fyrst fór ég að afgreiða í Rauðakross-sjoppunni í Landspítalanum, svo vantaði ekki fólk þar og þá datt mér þetta í hug. Mér finnst gaman að lesa góðar bækur og bý hér í nágrenninu svo það lá beint við að lesa upp einn klukkutíma á viku. En það er fullt af fólki í sjálfboðastarfi. Hjálparsveitirnar á Íslandi eru einstakar í sinni röð og bara í þessu húsi eru einstaklingar og hópar að vinna frábært starf af eintómri fórnfýsi“.

### Fólkið þekkir söguna

Guðni byrjaði að lesa upp á Aflagranda í mars 2012 og valdi Veröld sem var úr bókahillunum. „Þetta er um 400 blaðsíðna bók en ég hef dregið saman efnið á stöku stað. Lokakaflarnir eru samt svo dramatískir og örlagaþrungnir að þar er ekkert hægt að stytta. Ég vissi að bókin væri góður aldarspegill þó hún sé enginn skemmtilestur. Fólkið þekkir söguna, bæði af bókinni og eigin upplifunum. Það kemur oft til mín á eftir og segir „Ég man svo vel þessu,“ þannig að fyrir mig sem sagnfræðing er þetta gefandi.

Guðni hét áheyrendum sínum þennan dag meiri lestri þegar Veröld sem var lyki og lofaði að hann yrði af léttara tagi. Ætlar hann að kannski að taka Góða dátann Svejk næst? „Það hefur komið til tals,“ viðurkennir hann. „Ef við ætlum að halda okkur í Mið-Evrópu og við styrjaldir þá er Góði dátinn Svejk flott framhald og þar er húmorinn leiftrandi. Ég veit ekki enn hvort ég læt fara fram skoðanakönnun eða gerist einvaldur!

### ➜ Upplifði söguefnið



**Laura Claessen,** einn gestanna í félagsmiðstöðinni á Aflagranda, upplifði stemninguna sem Guðni Th. var að lesa um. „Ég var í bíói í Edinborg með fjölskyldu minni þetta septemberkvöld 1938 og varð vitni að þeirri gleði sem greip um sig þegar fréttin um friðarsamninga var lesin þar upp. Breski þjóðsöngurinn var leikinn og allir í bíóinu stóðu upp á meðan en ég skildi ekkert í því af hverju var verið að spila Eldgamla Ísafold, vissi ekki að það væri þjóðsöngur Breta enda var ég bara þrettán ára. Þetta var svakalega áhrifamikil stund og ég gleymi henni ekki.“

# Yrðu fjölmennasta þjóð í heimi

Meira en 4 milljarðar Legolendinga hafa verið framleiddir síðan 1974 og hafa hátt í 4.000 titla.

Væri Legoland alvöru land væru Legolendingar fjölmennasta og jafnframt yngsta þjóð í heimi. Meira en 4 milljarðar Lego-karla hafa verið framleiddir síðan þeir voru fyrst settir á markað árið 1974.

Legolendingar eiga meira að segja sitt eigið letur þó engin framburður sé þekktur. Fyrsta starfsgrein Legolendinga var löggæsla en slíkir Lego-karlar hafa verið framleiddir síðan árið 1975. Síðan hafa þeir brugðið sér í hátt í 4.000 mismunandi gervi.

Lego-karlinn hefur jafnvel farið út í geim, því fyrir ári síðan sendu kanadískir skólapiltar Lego-karl út í geim hangandi í helíumbelg. Þegar belgurinn sprakk féll Lego-karlinn öruggur til jarðar í sérhannaðri fallhlíf.

Lego-karlar hafa þó ekki alltaf verið jafn fullkomnir og þeir eru nú. Þegar þeir voru fyrst kynntir til leiks árið 1974 höfðu þeir ekki andlit og enga hreyfanlega útlimi. Árið 1978 bætti Lego úr þessu þegar gefin voru út þrjú þemasett sem margoft hafa verið gefin út síðar; þorpið, geimurinn og kastalinn.

Legoþjóðin samanstendur af furðulegustu verum. Draugar, beinagrindur, kúrekar, keisarar og sjóræningjar eru meðal þeirra gerða sem fylgt hafa hinum ýmsu þemaboxum. - bþh

**FJÖLMENNUSTU ÞJÓÐIRNAR OG LEGOÞJÓÐIN**
í milljörðum






**18 : 1**
♂ ♀
**18 sinnum fleiri Lego-karlar hafa verið framleiddir en Legokonur**



## HRESS Í 11 ÁR

Öll Legolenska þjóðin var í fantagóðu skapi og allir brostu þar til árið **1989**. Þá hóf Lego að framleiða andlit með vörum, augnhárum og fyrsti Lego-kallinn með sérstaka útlimi eins og staurfót og krók í stað handavarð til. Þessi sjóræningi var jafnframt fyrsti Legolendingurinn til að vera í vondu skapi. Fyrsta nefið birtist á andliti Legokalls árið **1997** þegar indíjánar urðu hluti af Legoþjóðinni.


ÚTSALA
PARKET, FLÍSAR OG HURÐIR
ÞÚ GETUR SPARAÐ TUGI ÞÚSUNDA!
30 ára ábyrgð
Birgisson
Ármúli 8 | 108 Reykjavík
Sími 516 0600 | www.birgisson.is




**Ljósnetið**
Kraftmeiri tenging
fyrir byggðir landsins

Á þessu ári verður Ljósnetið tengt á 53 þéttbýlisstöðum á landinu. Þar með komast flestir íbúar í háhraðasamband og eiga þess kost að njóta lífsgæðanna sem öflugra net og bætt sjónvarpsþjónusta hefur í för með sér.

Nánar á siminn.is



Þú finnur kraftinn þegar Ljósnetið kemur í bæinn

Akranes
Bakkafjörður
Bíldudalur
Blönduós
Bolungarvík
Breiðdalsvík
Búðardalur
Dalvík
Djúpivogur
Egilsstaðir
Eskifjörður
Eyrarbakki
Fáskrúðsfjörður
Flateyri
Flúðir
Garður
Grundarfjörður
Hafnir
Hella
Hellissandur
Hnífsdalur
Höfn
Hrafnagil
Húsavík
Hvammstangi
Hveragerði
Hvolsvöllur
Ísafjörður
Keflavík
Kjalarnes
Neskaupstaður
Njarðvík
Ólafsfjörður
Ólafsvík
Patreksfjörður
Reyðarfjörður
Sandgerði
Sauðárkrókur
Selfoss
Seyðisfjörður
Siglufjörður
Skagaströnd
Stöðvarfjörður
Stokkseyri
Stykkishólmur
Suðureyri
Tálknafjörður
Vestmannaeyjar
Vík
Vopnafjörður
Þingeyri
Þorlákshöfn
Þórshöfn

1 — 50Mb • 10GB
Mánaðarverð
4.690 kr.
- Gagnamagn 10 GB
- Hraði allt að 50 Mb/sek.

2 — 50Mb • 40GB
Mánaðarverð
5.690 kr.
- Gagnamagn 40 GB
- Hraði allt að 50 Mb/sek.

3 — 50Mb • 80GB
Mánaðarverð
6.790 kr.
- Gagnamagn 80 GB
- Hraði allt að 50 Mb/sek.

4 — 50Mb • 140GB
Mánaðarverð
8.090 kr.
- Gagnamagn 140 GB
- Hraði allt að 50 Mb/sek.

Síminn

ENNEMM / SÍA / NM56346

# Þetta hlýtur að vera búið núna

Birkir Rúnar Gunnarsson missti bæði augun vegna krabbameins fyrir fimm ára aldur. Hann hefur aldrei látið blinduna stoppa sig, vann til dæmis brons á Ólympíuleikum og er með tvær BS-gráður frá Yale. Hann giftist stóru ástinni, eignaðist þrjú börn og var fullkomlega hamingjusamur. En krabbinn lá í leyni og bankaði upp á í þriðja sinn síðastliðið sumar.

Friðrika Benónýsdóttir
fridrikab@frettabladid.is



Birkir greindist fyrst með krabbamein fimm mánaða gamall og hann segir ástæðuna vera sjaldgæfan genagalla. „Ég held að líkaminn hafi tvö eða þrjú varnarkerfi gegn krabbameinsfrumum en þegar maður hefur þennan genagalla virkar sá veggur ekki. Afleiðingin er sú að börn fá krabbamein í augu, yfirleitt fyrir fimm ára aldur. Ég er fæddur 1977 og á þeim tíma var geislunin að byrja þannig að það var ákveðið að reyna að bjarga sjóninni á öðru auganu með geislameðferð en hitt var tekið strax. Ég var í geislameðferð með stórum skömmtum af geislum í tvö, þrjú ár en þá var hætt að reyna og augað tekið rétt fyrir fimm ára afmælið mitt. Það er hins vegar komið í ljós núna að geislarnir ollu greinilega ákveðnum skemmdum og frumubreytingum sem komu svo fram af fullum krafti í fyrrasumar, alveg upp úr þurru. Mér var aldrei sagt frá því að ég væri í áhættuhópi vegna þessarar geislunar, enda vissu menn það kannski ekkert á þeim tíma.“

### Átti ekki að fá að æfa sund

Geymum það aðeins og höldum áfram með æskuna. Hvernig sinnti íslenska skólakerfið blindum á þessum árum? „Mjög vel, alveg þangað til maður var kominn á háskólastigið. Það var blindradeild í Álftamýrarskóla þar sem ég var allan grunnskólann og var alveg frábær deild. Ég er frekar ósáttur við að hún hafi verið lögð niður, þótt það sé víst ekki samkvæmt pólitískri rétthugsun að vera á móti því. Eina vandamálið sem kom upp var að ég átti að fá of mikla sérkennslu, átti að mæta í einhvern sérstakan leikfimitíma og sleppa sundtímunum þegar ég var í áttunda bekk. Ég var þá að æfa sund fyrir Ólympíuleikana og það kom bara alls ekki til greina að sleppa sundæfingunum. Fjölskyldan stóð með mér og ég fékk að halda sundinu. Fór svo á Ólympíuleikana 1992, fjórtán ára gamall, og náði bronsi í 400 metra skriðsundi.“

Þú slóst hvert sundmetið á fætur öðru á þessum árum. Hvað varstu gamall þegar þú byrjaðir að æfa sund? „Ég hef verið svona 7 ára. Hafði alltaf verið hálfgerður fiskur og sleppti kútnum á undan öllum öðrum. Fór svo að æfa á fullu 12-13 ára og þá með Ólympíuleikana í huga.“

Hvaða menntaskóla fórstu svo í? „Ég fór í Verzló. Það var reyndar mælt með því að allir blindir krakkar færu í MH því þar var mesta stoðkennslan, en mig hafði alltaf langað í Verzló og ég fór þangað. Þar var rosalega vel gert við mig. Mér gekk líka mjög vel í náminu, fékk einhver verðlaun og svona. Ekkert af því að ég væri klárari en hinir, munurinn var bara sá að ég nennti að læra heima, það nennti því enginn annar. Á meðan hinir voru á djamminu var ég bara heima að læra. Það munaði því.“

### Yale og Charlotte

Hvað fórstu svo að læra í háskólanum? „Ég fór í tölvunarfræði en þar var aðstaðan bara ekki nægjanleg. Ég var endalaust að tala við þáverandi menntamálaráðherra um að bæta aðstöðuna og á endanum varð hann sammála því að þetta væri ekki nógu góð aðstaða til að ég gæti náð árangri. Ég féll

> **Ef hægt er að tala um að vinna í krabbameinslottóinu þá er Hodgkin's stóri vinningurinn.**

reyndar ekki í neinu fagi en varð að fækka þeim um tvö. Ég stressaði mig reyndar ekkert óskaplega á því, þar sem ég var þegar búinn að ákveða að sækja um háskóla í Bandaríkjunum. Ég var mikið á netinu, á ircinu sem var svona nokkurs konar Facebook þess tíma, og þar hafði ég kynnst pakistanskri stelpu sem var í námi við Yale og hún hvatti mig eindregið til að sækja um þar. Ég hitti hana reyndar aldrei, því miður, en það er sem sagt henni að þakka að ég fór í Yale. Þaðan útskrifaðist ég með tvö BS-próf, í tölvunarfræði og hagfræði.“

Og allan þennan tíma, frá því þú varst fimm ára, háði genagallinn þér ekkert? „Nei, nei, hann gerði það ekki. Ég fann ekki fyrir neinu.“

Hvað tók svo við eftir útskrift úr Yale? „Þegar ég var í jólaprófunum á síðustu önninni var hringt í mig og mér boðið starf hjá Wachoviabankanum. Ég auðvitað þáði það og flutti til Charlotte í Norður-Karólínu og fór að vinna þar sem forritari. Það gekk ágætlega en var svolítið skrítið að vera aleinn í borg sem fáir á Íslandi hafa heyrt getið. En það er mjög gott að búa þarna, veðurfarið er gott og mér leið það vel að eftir tvö ár keypti ég mér lítið hús. Þetta var hið ljúfa piparsveinslíf. Sum ástarævintýri gengu vel og önnur ekki en ég tók það ekkert nærri mér. Lifði hinu ljúfa lífi og þar sem systir mín var að vinna fyrir flugfélagið US Airways á þessum tíma gat ég fengið hoppmiða fyrir sirka 4.000 krónur hvert sem var innan Bandaríkjanna. Ég flaug eitthvert næstum um hverja helgi, átti vini í Detroit, Los Angeles og Texas og var mjög duglegur að heimsækja þá.“

### Ástin, Hodgkin's og Glitnir

„Árið 2002 eignaðist ég svo pennavinkonu í Kanada og við skrifuðumst á á netinu oft í viku. Hún var reyndar gift þannig að við hittumst ekkert nema hvað ég gisti einu sinni hjá henni í Toronto árið 2004. Svo kom að því að hún skildi og fljótlega eftir það var Sigur Rós að spila á tónleikum í Toronto. Við ákváðum að fara saman á tónleikana og tveim mánuðum síðar flutti hún til mín í Charlotte. Þetta var í september 2005 og við höfum verið saman síðan. Einhvern veginn þá vissum við bæði að þetta væri það rétta fyrir okkur og trúlofuðum okkur tveimur vikum eftir að hún flutti inn. Það var í janúar 2006. Í október er ég svo kominn með einhvern hnút á öxlina sem stækkaði stöðugt og hún rak mig til læknis. Læknirinn leit á hnútinn og sendi mig umsvifalaust í sneiðmyndatöku og síðan í prufur. Þá kom í ljós að þetta var Hodgkin's-sjúkdómurinn sem er krabbamein í eitlum. Það var smá áfall en ef hægt er að tala um að vinna í krabbameinslottóinu þá er Hodgkin's stóri vinningurinn því það er auðveldast að lækna það. Þetta var samt engan veginn ákjósanleg staða, þar sem við áttum von á fyrsta barninu okkar og það var of mikil pressa á okkur þarna tveimur einum í Charlotte. ▶



**LÆTUR EKKI BUGAST** Birkir er bjartsýnn en viðurkennir að auðvitað sé hann hræddur, annað væri ekki mannlegt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Nokkur ráð Birkis til að takast á við alvarleg veikindi

Ekki vera feimin við að leita ykkur aðstoðar. Stuðningshópar eru góðir og eins gefur það manni mikið að fá stuðning vina á Facebook og í gegnum aðra samfélagsmiðla. Segið fólki hvernig ykkur líður, ekki leika hetjur.

Ég verð kannski skammaður fyrir að segja það en besta afslöppunin er eitt vínglas. Ég fékk mér vínglas einu sinni í viku með fullu samþykki lækna og það hjálpaði mér virkilega að slaka á. En alls ekki drekka of mikið, eitt til eitt og hálft vínglas er hámark.

Ekki skammast ykkar fyrir að þiggja kvíðalyf ef læknirinn stingur upp á því. Kvíðinn er eðlilegur fylgifiskur alvarlegra veikinda og ekkert til að skammast sín fyrir.

Gerið það sem ykkur finnst skemmtilegast. Ég fór til dæmis í fyrsta skipti á brimbretti rétt áður en ég byrjaði í lyfjameðferðinni. Það var ógeðslega gaman.

Sinnið áhugamálum ykkar áfram, ekki láta veikindin yfirtaka líf ykkar. Tíminn líður miklu hraðar og manni líður betur ef maður lítur ekki á sig sem sjúkling.

# CANADA GOOSE®


HYBRIDGE LITE


VICTORIA


LODGE


CITADEL


CHILLIWACK


TRILLIUM

# ALDREI AFTUR KALT!

## 10% AFSLÁTTUR AF ÖLLU CANADA GOOSE Á MEÐAN Á ÚTSÖLU STENDUR.

## 20 - 50% AFSLÁTTUR AF SPORTFATNAÐI 80% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM.

**SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR UM HELGINA!**

SPORTÍS

MÖRKIN 6 | 108 REYKJAVÍK | S:520-1000 | SPORTIS.IS

# STOLTUR FJÖLSKYLDUFAÐIR OG FYRRVERANDI SUNDKAPPI



**FJÖLSKYLDAN** Susanne og Birkir með synina Erik Snæ og Kevin Kára. Nina Alexandra var í pössun.



**STOLTUR PABBI** Birkir með Ninu Alexöndru nýfædda.



**SYSTKININ** Kevin Kári, Erik Snær og Nina Alexandra Birkisbörn.



**SUNDKAPPINN** Birkir vann til fjölda verðlauna á sundferli sínum.



**EFTIR AÐGERÐINA** Birkir á Duke-sjúkrahúsinu skömmu eftir að æxlið var fjarlægt úr höfði hans.

▶ Við ákváðum því að flytja heim til Íslands í janúar 2007, láta son okkar fæðast hér og að ég leitaði mér lækningar. Ég fór svo í meðferð á krabbameinsdeildinni hjá Brynjari Viðarssyni krabbameinslækni, sem er mjög fínn gaur. Meðferðin var standard meðferð, kokkteill af fjórum lyfjum í átta mánuði og krabbinn bara hvarf á nó tæm. Hef ekkert fundið fyrir honum síðan.“

Nú voruð þið orðin þriggja manna fjölskylda, flutt til Íslands og komin í íslensku 2007-þensluna, eða hvað? „Heldur betur. Ég fékk vinnu hjá Glitni, við keyptum okkur íbúð á myntkörfulánum og helltum okkur í íslenska slaginn. Þetta ár 2007-8 var veðrið reyndar alveg hræðilega leiðinlegt, alltaf rok og Susanne, konan mín, var svolítið einmana hér, fannst hún ekki passa inn í og var bara heimavinnandi með lítið barn. Hún er svissnesk en hafði verið í doktorsnámi í heimspeki í Kanada þegar við kynntumst sem hún þurfti að hætta þegar hún flutti til mín til Bandaríkjanna. Hana langaði auðvitað til þess að klára það og þegar ofan á bættist að maður var farinn að sjá að það var eitthvað skrýtið að gerast í íslenska bankakerfinu þá runnu á mann tvær grímur með að vera hér áfram. Ég var náttúrulega að starfa í áhættustýringu fyrir Glitni og sá alveg hvað var að gerast, þannig að ég hvatti Susanne til að sækja um í Duke-háskólanum í Norður-Karólínu. Þar hafði okkur liðið vel og langaði „heim“ aftur. Hún komst inn og við fluttum út aftur rétt fyrir hrun, ég flaug út daginn sem Lehman Brothers fóru á hausinn 15. september. Susanne hafði farið út með son okkar í ágúst, þá orðin ólétt af syni númer tvö sem fæddist í október. Ég ætlaði reyndar bara að fara í fæðingarorlof þennan vetur og sjá svo til en Glitnir fór á hausinn þannig að mér var sagt upp störfum daginn sem sonur okkar fæddist. Þannig lauk því ævintýri.“

### Þriðja krabbameinið

Þið búið enn í Durham þar sem Duke-háskólinn er og höfðuð það gott þar þangað til síðasta sumar, eða hvað? „Já, ég náttúrulega er bara eiginmaður námsmanns og má ekki vinna í BNA og ekki förum við bæði í skóla með tvö lítil börn, þannig að ég fór að leita fyrir mér um eitthvað hér heima sem ég gæti unnið að utan. Þannig datt ég inn í það 2009 að vinna að aðgengismálum blindra fyrir Þjónustu- og þekkingarmiðstöðina, sem ég geri enn í dag. Allt gekk vel og barn númer þrjú, dóttirin, fæddist í maí í fyrra en rétt um sama leyti fóru hlutirnir að verða svolítið skrítnir. Ég fór á ráðstefnu í Washington í júní og gisti tvær nætur hjá vinafólki mínu. Seinni nóttina vaknaði ég um miðja nótt og bara vissi að eitthvað hræðilegt væri að gerast. Ég veit ekkert hvernig ég vissi það en ég gerði það. Stuttu eftir að ég kom heim fór ég að fá ofsalega bakverki og þá kynntist maður dekkri hliðinni á bandarísku heilbrigðiskerfi. Þeir reyna eins og þeir geta að halda manni úti í kuldanum. Ég fór þrisvar á neyðarmóttöku vegna verkjanna, sem voru farnir að leiða upp í eyra, og í fyrsta skiptið þurfti ég að bíða í fjóra tíma áður en hjúkka kom andvarpandi og spurði hvort ég væri ekki bara að sækjast eftir verkjalyfjum, eins og ég væri einhver fíkill af götunni. Hræðileg upplifun. Í seinna skiptið tókst mér þó að komast inn í myndatöku en þótt ég bæði um það tóku þeir ekki mynd af höfðinu og fundu náttúrulega ekki neitt. Þetta var í júní og verkirnir jukust og jukust þannig að ég var farinn að skipuleggja að við kæmum bara heim og ég færi til einhvers baklæknis á Íslandi. Hélt það væri bara einhver diskur laus eða eitthvað svoleiðis. Í byrjun júlí vakna ég einn morguninn og get engan veginn hreyft vinstri höndina og get varla talað. Þá fáum við loksins sjúkrabíl, sem reyndar kostar um 120 þúsund kall, inn á bráðamóttöku og beint í sneiðmyndatöku af höfðinu. Þá loksins fæ ég greiningu: sex sentímetra æxli í gagnauganu sem er búið að þrýsta heilanum rúmlega einn og hálfan sentímetra til vinstri. Góðu fréttirnar voru þær að ég var á háskólasjúkrahúsi Duke þar sem einn færasti taugaskurðlæknir Bandaríkjanna vinnur og ég lenti akkúrat hjá honum. Hann ákvað að skera bara strax, það gengi ekkert annað, og ég var átta tíma á skurðarborðinu hjá honum daginn eftir. Þegar ég var orðinn veikur komu móðir mín og systur til skiptis og foreldrar Susanne komu líka, fjölskyldurnar skiptust á að vera hjá okkur í BNA og hjálpa til. Fjölskyldan stóð saman sem einn maður og þetta var meiriháttar fjölskylduátak.

Sem betur fer fékk ég hreyfigetuna í handlegginn aftur og gat farið að tala eftir aðgerðina en það tók við ofsalegur óvissutími í tvær, þrjár vikur á meðan var verið að greina æxlið. Það eru margar mismunandi tegundir af heilakrabba til og þeir voru ekki vissir um hverrar tegundar mitt æxli væri. Eftir að hafa farið fyrir nefnd tuttugu sérfræðinga var það greint sem mjúkvefsæxli sem byrjar ekki í heilanum sjálfum heldur í vefnum á milli heilans og hauskúpunnar. Það er viðráðanlegra en hreinræktað heilaæxli en á móti kemur að það er mikil hætta á að það komi aftur. Þeir höfðu náð um 98 prósentum af því í aðgerðinni en það var ákveðið að ráðast á það sem eftir var með rosalega aggresífri geislameðferð á hverjum degi í sjö vikur. Nákvæmnin varð að vera alveg 100% og ég hefði aldrei komist í svona meðferð hér heima, því við eigum engan tækjabúnað sem ræður við þetta. Það fylgir enginn sársauki geislameðferðinni og maður hefur það bara huggulegt þarna, getur valið sér músík og kynnist auðvitað læknateyminu ágætlega á sjö vikum. Eftir geislana fór ég síðan í lyfjameðferð, var lagður inn í þrjá daga á þriggja vikna fresti fjórum sinnum. Fékk auðvitað öll klassísku lyfjameðferðareinkennin, missti hárið, slímhúðin dó að stórum hluta, ónæmiskerfið hrundi og svo framvegis. Þetta var alveg hræðilegur tími og þótt ég hafi aldrei þurft þess áður á ævinni varð ég að fá kvíðalyf. En þetta var samt ekkert erfitt fyrir mig miðað við fyrir konuna mína. Með nýfætt barn og tvo fjörkálfa, sex og fjögurra ára, og mig fárveikan. Ég dáist endalaust að henni að halda þetta út. En góðu fréttirnar eru þær að 6. desember fór ég í myndatöku eftir allar meðferðirnar og þar sáust engin merki um neitt óeðlilegt. Þannig að þetta var þess virði.“

### Þrjú börn, þrjú krabbamein

Þú hlýtur samt að vera hræddur um að þetta taki sig upp? „Auðvitað er maður hræddur, ég vakna stundum í kvíðakasti á nóttunni en ég ýti því frá mér. Það verður fylgst vel með mér, ég fer í tékk á þriggja mánaða fresti og læknirinn minn, sem ég treysti fullkomlega, segist vera tiltölulega bjartsýnn fyrir mína hönd. Og þótt þetta komi aftur er til fullt, fullt af lyfjum sem hægt er að prófa. Ég veit auðvitað að krabbinn á eftir að ná mér einhvern tíma, en ég vona að það séu tuttugu, þrjátíu ár í það. Það er ekkert hræðileg vitneskja. Við deyjum öll úr einhverju. Ég veit að það er ekkert lógískt og ég trúi ekkert á það en mér finnst gaman að hugsa þetta þannig að ég á þrjú börn sem höfðu helmingslíkur á að erfa genagallann en eru öll laus við hann þannig að það er bara sanngjarnt að ég taki þetta á mig fyrir þau. Þrjú börn, þrjú krabbamein, þetta hlýtur að vera búið núna.“

Hvað tekur nú við? „Ég veit það ekki, við erum hálfgerðir landleysingjar eins og er. Erum útlendingar í BNA og borgum 600 dollara á mánuði í heilbrigðistryggingu en skuldum samt milljón í lækniskostnað sem tryggingarnar dekkuðu ekki. Ég get ekki hugsað mér að flytja heim fyrr en það er búið að endurnýja tækjabúnaðinn á sjúkrahúsunum hérna, ég hreinlega þori það ekki. Læknarnir hérna eru alveg frábærir og ég myndi alveg treysta þeim en þeir hafa bara ekki réttu tækin til að vinna með. Þannig að við erum svona að skoða okkur um og meta stöðuna. Sviss, Kanada eða Norðurlöndin koma helst til greina, það kemur í ljós.“

Hvaða áhrif hefur svona reynsla á mann? „Við erum auðvitað enn þá alveg hræðilega kvíðin, annað væri ómannlegt, og þetta er erfitt en við erum samt hamingjusöm. Það er gaman að vera að byrja aftur af krafti í því sem maður er að gera. Ef skoðunin í mars sýnir að ekkert er byrjað aftur verður maður rólegri og þetta ýtist hægt og rólega lengra í burtu. Maður þarf bara að einbeita sér að því sem er skemmtilegt og að koma því í verk sem mann langar til að gera. Maður ræður því ekki hvort maður fær krabbamein en maður getur ráðið því hvort það skemmir líf manns eða ekki.“

## Lætur drauminn rætast

Eitt af því sem verður áríðandi þegar maður lendir í svona er að gera eitthvað skemmtilegt og klára það sem maður hefur alltaf ætlað að klára. Síðan 1998 höfum við félagi minn verið að semja lög og alltaf að tala um að taka upp plötu. Erum búnir að gera demóupptöku af tíu lögum og nú er ég alveg harður á því að við verðum að klára þetta. Ég er búinn að spila á trommur í fjöldamörg ár og sé auðvitað um trommusláttinn, hann syngur og svo spilum við báðir á gítar, píanó og bassa. Svo höfum við fengið aðra hljóðfæraleikara með okkur það eina sem vantar upp á er að drífa sig í stúdíó og klára þetta. Stefnan er að það gerist á þessu ári. Þessi lög hafa orðið til á 15 til 20 árum og textarnir fjalla um allt það sem við höfum verið að takast á við á þessum tíma. Þetta er eiginlega hálfgerð ævisaga í tónum.

**„Þá loksins fæ ég greiningu: sex sentímetra æxli í gagnauganu sem er búið að þrýsta heilanum rúmlega einn og hálfan sentímetra til vinstri.**




**Styrkir verða veittir til barna á aldrinum 6–16 ára**
Úthlutað verður úr sjóðnum sumardaginn fyrsta 25. apríl 2012.
Umsækjendur sem hafa ekki fengið úthlutað úr sjóðnum áður ganga fyrir.
Umsóknareyðublöð eru á www.vildarborn.is

**Leggðu þitt af mörkum til Vildarbarna með Icelandair**
Farðu á vildarborn.is og sjáðu hvernig þú getur hjálpað börnum að fara
í draumaferðina sína.

\+ **Umsóknareyðublöð eru á www.vildarborn.is**

Vildarbörn Icelandair

ICELANDAIR

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 62910 02/13

# upplifðu

- Sögu og menningu
- Grískar matkrár, taverna
- Gamla bæinn og feneysku höfnina
- Elafonisi
- Fallegar strendur
- Grísku eyjuna Santorini
- Knossos
- Samarisgljúfrið
- Líflegt næturlíf
- Vatnagarða
- Viðurkennda köfunarskóla
- Eitthvað fyrir alla

# Krít

## Miklu meira en sólarströnd!



### Fjölskylduvænn áfangastaður

**Oscar Village & Suites**

30. maí - 13. júní

Verð frá

**141.200kr.**

á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í íbúð m/1 svefnh.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

Verð á mann m.v. 2 í íbúð m. 1 svefnh. 146.400 kr.

### Allt innifalið Tvær vikur

**Sunrise Hotel**

30. maí - 13. júní

Verð frá

**179.000kr.**

Íbúð á 2 hæðum (maisonette) fyrir 2 fullorðna og 2 börn, allt innifalið.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

Verð á mann m.v. 2 í tvíbýli 194.200 kr.





## ferðaskrifstofa á netinu

**ferð.is** er íslensk ferðaskrifstofa sem einungis er starfrækt í gegnum netið. Íslendingum gefst með **ferð.is** kostur á að kaupa ódýrar ferðir á netinu án þess að slaka á kröfum um öryggi, þjónustu og góðan aðbúnað.

ÍSLENSKA SIA.IS FER 69203 01/13

# Spánn í allt sumar

## upplifðu

- Fjölskylduvæna áfangastaði
- Fjölbreytt úrval gististaða
- Mikla afþreyingu á svæðinu
- Fallegar strendur
- Terra Mitica skemmtigarðinn
- Aqualandia vatnsrennibrautagarðinn
- Mundomar vatnaveröld
- Terra Natura náttúrulífsgarðinn
- Eitthvað fyrir alla



### Calpe

**Fjölskylduvænn áfangastaður**

**Larimar íbúðir**

17. apríl - 24. apríl

**Verð frá**
**83.800kr.**

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð m/2 svefnh.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

Verð á mann m.v. 2 í íbúð m. 1 svefnh. 95.300 kr.

### Benidorm

**Líf og fjör í sólinni**

**Melia Benidorm**

11. - 18. júní

**Verð frá**
**119.900kr.**

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í tvíbýli með hálfu fæði.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

Verð á mann m.v. 2 í tvíbýli 130.300 kr.

### Albir

**Rólegheit og afslöppun**

**Albir Playa**

24. - 30. apríl

**Verð frá**
**95.900kr.**

á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn í tvíbýli með hálfu fæði

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

Verð á mann m.v. 2 í tvíbýli með hálfu fæði 102.400 kr.

### Calpe

**Heillandi spánskur strandbær**

**Sol Y Mar íbúðir**

11. - 18. júní

**Verð frá**
**105.200kr.**

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð m/2 svefnh.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

Verð á mann m.v. 2 í tvíbýli 139.300 kr.

**Fljúgðu fyrir minna**

ferð.is
sími 570 4455

ferð.is

# Dísilbílar vinsælli í fyrsta sinn

Um leið og sala á einkabílum eykst hér um rúm 56 prósent milli 2011 og 2012 dregst bílasala mikið saman í Evrópu. Fréttablaðið rýndi í tölurnar og komst að því að óvarlegt væri að draga af þessu ályktun um bættan hag landsmanna. Fleiri ferðamenn hafa ýtt undir bílakaup bílaleiga. Vísbendingar eru um breytta samsetningu einkabílaflotans hér.



**Óli Kristján Ármannsson**
olikr@frettabladid.is

Bílar knúnir dísilolíu voru í fyrra í fyrsta sinn meira en helmingur nýrra einkabíla. Við yfirlegu á tölum Umferðarstofu um sölu nýrra bíla kemur í ljós að af tíu mest seldu bílunum var hlutur dísilbíla 56,4 prósent.

Þá eru einnig vísbendingar um að samsetning einkabílaflota landsmanna sé að breytast nokkuð. Þannig virðist hlutur jeppa í tölum um nýskráningu bíla árið 2012 hafa minnkað um fimm til sjö prósentustig frá árunum 2007 og 2008.

Jepplingar halda hlut sínum að nokkru marki, fara úr tæpum fjórðungi í rúman fimmtung, en hlutdeild fólksbíla fer úr tæpum 60 prósentum í tæp 70. Þetta kemur í ljós þegar atvinnubifreiðar hafa verið vinsaðar úr skráningartölunum.

Á sama tíma hefur samdráttur í sölu nýrra bíla leitt til þess að bílafloti landsmanna hefur elst ört. Fyrir hrun var meðalaldur bíla hér nálægt sjö árum en er núna tæp 12 ár.




**DÍSILOLÍU DÆLT** Ragnar Borgþórsson fyllir á tankinn á Skoda Octavia-bifreið sinni. Octavia var í fyrra annað árið í röð vinsælasti bíllinn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Ferðamenn skýra aukninguna

Breytingin í sölu nýrra bíla er mikil frá hruni en segja má að bílasölubólan hafi náð hámarki árið 2008 þegar innleystar voru pantanir fyrra árs og Toyota Land Cruiser 150 jeppi var mest seldi bíllinn. Núna hefur dísilknúinn Skoda Octavia vermt toppsæti sölutalna nýrra fólksbíla tvö ár í röð.

Þá mætti ætla af sölutölum að sala nýrra bíla væri að glæðast nokkuð eftir gífurlegt hrun. Árið 2007 seldust hér á landi tæplega 16 þúsund nýir bílar. Síðan hrundi salan og náði botni 2009 þegar 2.211 nýir bílar seldust. Í fyrra seldust 7.902 bílar, sem er aukning um 56 prósent frá fyrra ári.

Özur Lárusson, framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins, segir að hann vildi óska þess að aukin sala væri til marks um bætt efnahagsástand, en bendir um leið á að ástæðunnar kunni að vera að leita annars staðar. „Salan er upp á við, sem er af hinu góða og ekki vanþörf á, en 40 prósent af nýskráningu bíla í fyrra eru til komin vegna innkaupa bílaleigna, sem skýrist af auknum ferðamannastraumi til landsins, en gengi krónunnar gerir þeim hagkvæmara að koma hingað. Þetta er eiginlega aðalskýringin á aukinni bílasölu."

Sölu til einstaklinga segir Özur ekki aukast jafnbratt og Bílgreinasambandið hefði kosið.

„Því miður held ég að þetta verði svona eitthvað áfram. Við sjáum ekki fram á gjörbreytingu á stöðu krónunnar nema að síður sé, því staðan á henni hefur fremur versnað og menn spá því að það komi ekki til með að lagast á næstu mánuðum," segir Özur og bendir á að staða krónunnar sé nær algjörlega ráðandi þegar kemur að sveiflum í verðlagningu á nýjum bílum. „Ég er því hóflega bjartsýnn."

Þegar rýnt er í sundurgreindar nýskráningartölur kemur enda í ljós að vísbendingar um efnahagsbata stökkva ekki beint fram.

Þannig má benda á að sala húsbíla dróst saman í nær ekki neitt eftir hrun. Árið 2007 seldust 157 þannig bílar, en 16 í fyrra og níu árið 2011. Hlutdeild þeirra í einkabílasölu hefur líka farið úr því að vera nálægt prósenti í fimmtung úr prósenti.

Mögulega má þó sjá vonarglætu í tölum um nýskráningu smærri atvinnubíla, lítilla vöru- og fólksflutningabíla. Í fyrra seldust 84 slíkir, sem er rúmlega eins prósents hlutdeild, sama hlutfall og fyrir hrun þegar seldust 189 slíkir bílar.

### Dísilbílar hafa lækkað í verði

Eins segir Özur að skýringuna á auknum hlut dísilbíla í sölutölum nýrra bíla sé ekki einvörðungu ▶

## BÍLASALA OG VINSÆLUSTU BÍLARNIR 2007-2012







**Salan er upp á við, sem er af hinu góða og ekki vanþörf á, en 40 prósent af nýskráningu bíla í fyrra eru til komin vegna innkaupa bílaleigna, sem skýrist af auknum ferðamannastraumi til landsins.**

*Özur Lárusson, framkvæmdastjóri Bílgreinasambandsins*

## Fólk leitar í auknum mæli eftir notuðum varahlutum í bíla

Meðalaldur bíla á Íslandi hefur farið úr sjö árum, þegar þeir urðu yngstir fyrir hrun, í tæp tólf ár nú. Ásgeir Jamil Allansson, eigandi Bílaparta ehf. í Mosfellsbæ, segist ekki fara varhluta af þeirri þróun.

„Hér varð náttúrlega stórbreyting," segir Jamil. Í bólunni fyrir hrun minnkaði framboð á pörtum þegar fólk henti jafnvel heillegum bílum þegar nýr bíll var keyptur. Við fall krónunnar jókst það síðan að bílar væru seldir úr landi og við það minnkaði líka framboðið á ákveðnum hlutum. Um leið segir Jamil að eftir hrun hafi farið að sjást bílar sem hann hélt að væru löngu horfnir.

„En það er ennþá þannig að bílar streyma úr landi. Það eru alls konar bílar, jeppar og vörubílar." Þá segir Jamil erlenda verkamenn á heimleið gjarnan fara með bíla sína með sér. „Þannig geta þeir búið til meiri pening úr peningunum sínum."

Við hrunið segist Jamil hins vegar hafa orðið var við að fólk reyndi að nýta hluti betur. „Þá fóru menn allt í einu að biðja um hluti sem áður var hent og bíllinn nýttist betur. Við fórum að selja meira úr hverjum bíl og öðruvísi hluti." Breytinguna megi meðal annars merkja á því að bílar sem komi inn á partasöluna séu allir á „sléttum dekkjum", meðan áður fyrr hafi meira verið um að dekk væru ný eða hálfslitin. „Svo fæ ég orðið fyrirspurnir um slithluti á borð við stýrisenda, handbremsuborða og bremsuklossa af því fólk er að reyna að spara þetta."

Þá segir Jamil að svokölluðum „bílskúrskörlum" hafi fjölgað mjög eftir hrun. „Þeir spretta upp alls staðar af því fólk hefur ekki efni á eða tímir ekki að fara á verkstæði. Svo er almenningur líka í stórauknum mæli að leita sjálfur að varahlutum." Þetta segir Jamil að auki nokkuð á vinnu partasala því oft á tíðum hafi fólk lítið vit á viðgerðum. „Þá hringir kannski einhver maður utan úr bæ og pantar allt vitlaust, í staðinn fyrir að fara með bílinn á verkstæði sem síðan hefur samband og pantar réttu varahlutina. Skortur á fagmennsku er því að valda meira veseni hjá okkur."



**Á PARTASÖLUNNI** Bára Einarsdóttir og Jamil Allansson hafa verið í varahlutabransa síðan 1989. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Þá fóru menn allt í einu að biðja um hluti sem áður var hent og bíllinn nýttist betur. Við fórum að selja meira úr hverjum bíl og öðruvísi hluti.**

*Jamil Allansson, partasali*

Og þótt hrun krónunnar kunni að hafa aukið lagervirði partasala eitthvað segir Jamil langt því frá að núna sé einhver gósentíð. Verð notaðra hluta taki ekki einvörðungu mið af verði nýrra hluta. „Það þýðir ekkert að selja hurð á bíl á 100 þúsund þegar bíllinn kostar 200." Þumalputtareglan sé hins vegar að varahlutir í bíla frá 2004 og yngri kosti helminginn af andvirði nýs hlutar. Í eldri bíla sé síðan miðað við nálægt því 35 prósent af verði nýs hlutar. „En ég er búinn að vera í þessum bransa alla tíð frá 1989 og það hafa alltaf verið uppsveiflur og niðursveiflur. Svo hafa útgjöldin líka hækkað hjá okkur. Þarna er ákveðið jafnvægi, um leið og varahlutir hækka aukast líka önnur útgjöld hjá okkur, hvort sem það eru laun, varahlutir, rekstur á tækjum og tólum eða eitthvað annað. Þessu gleyma voða margir."

**Fegurðin býr í bókum**
www.crymogea.is

Barónsstígur 27/101 Reykjavík
(354) 511 0910

**Crymogea**

# Listabókahelgi **Crymogeu**

1., 2. & 3. febrúar

## Eini markaðurinn á Íslandi sem er helgaður myndlistarbókum

**Grípið þetta einstaka tækifæri til að gera góð kaup.**

**Týndar perlur eftir marga fremstu listamenn þjóðarinnar.**

**Listasafn Íslands**
**Listasafn Reykjavikur**
**i8**
**Opna**
**Útúrdúr**
**Forlagið**
**Eyja útgáfufélag**
**Ragnheiður Jónsdóttir**
**Eggert Pétursson**
**Ingólfur Arnarson**
**Daði Guðbjörnsson**
**Hlynur Hallsson**
**Ragnhildur Jóhanns**
**Unnar Örn**
**Helgi Þorgils**
**Birgir Snæbjörn Birgisson**
og fleiri og fleiri...

**Aðeins þessa einu helgi!**
Opið er frá klukkan 11.00–17.00
föstudag, laugardag og sunnudag.

Við erum á Barónsstíg 27,
rétt fyrir ofan Laugaveginn.

**www.crymogea.is**



# MEST SELDU BÍLATEGUNDIRNAR SÍÐUSTU ÁR

| SÆTI | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Toyota Yaris 938 | Toyota Land Cruiser 120 485 | Suzuki Swift 151 | Volkswagen Polo 233 | Skoda Octavia 308 | Skoda Octavia 495 |
| 2 | Skoda Octavia 816 | Toyota Yaris 478 | Subaru Legacy 137 | Suzuki Grand Vitara 201 | Suzuki Grand Vitara 285 | Toyota Yaris 404 |
| 3 | Toyota Land Cruiser 120 635 | Skoda Octavia 410 | Suzuki Grand Vitara 115 | Toyota Yaris 194 | Volkswagen Polo 284 | Volkswagen Polo 345 |
| 4 | Toyota Corolla 527 | Toyota Auris 289 | Toyota Land Cruiser 120 97 | Hyundai i30 169 | Toyota Land Cruiser 150 213 | Toyota Land Cruiser 150 280 |
| 5 | Honda CR-V 501 | Toyota RAV4 280 | Honda CR-V 86 | Skoda Octavia 167 | Toyota Yaris 213 | Kia Ceed 275 |
| 6 | Subaru Legacy 472 | Subaru Legacy 255 | Toyota Auris 63 | Suzuki Swift 165 | Toyota Auris 154 | Volkswagen Golf 245 |
| 7 | Toyota Auris 454 | Toyota Land Cruiser 200 201 | Toyota Yaris 62 | Toyota Land Cruiser 150 122 | Suzuki Swift 153 | Volkswagen Passat 205 |
| 8 | Volkswagen Golf 379 | Suzuki Grand Vitara 193 | Subaru Forester 61 | Honda CR-V 98 | Chevrolet Spark 148 | Suzuki Swift 190 |
| 9 | Toyota RAV4 373 | Honda CR-V 188 | Nissan Patrol GR 56 | Chevrolet Spark 97 | Volkswagen Golf 147 | Toyota Auris 189 |
| 10 | Toyota Avensis 364 | Hyundai Getz 173 | Hyundai Santa Fe 55 | Volkswagen Golf 97 | Honda CR-V 140 | Nissan Quashqai 169 |
| | Dísil 31,7% / Bensín 68,3% | Dísil 43,6% / Bensín 56,4% | Dísil 33,2% / Bensín 66,8% | Dísil 19,3% / Bensín 80,7% | Dísil 40,3% / Bensín 59,7% | Dísil 56,2% / Bensín 43,6% |



að leita í því að þeir séu eyðslugrennri en bensínbílar. Við þá breytingu að vörugjöld á bíla miðist við hversu miklu þeir skili af sér af óæskilegum efnum hafi orðið töluverðar tilfærslur á bílum milli verðflokka.

„Dísilbílar hafa hingað til verið með vinninginn þar hvað varðar koltvísýringinn, þannig að þar kemur saman minni útblástur og minni eyðsla. Dísilbílar hafa því lækkað verulega í verði en voru alltaf dýrari en bensínbílarnir áður. Eftir að reglunum var breytt eiga þeir möguleika sem þeir ekki áttu áður inn á markaðinn,“ segir Özur.

**Bensínið á meira inni**

Um leið bætir Özur við að þessi staða kunni að breytast þegar fram í sækir, því framleiðendur bíla sjái í hendi sér að bensínvélar eigi mun meira inni þegar kemur að því að draga úr eyðslunni en dísilvélar.

„Núna sjást nýir bílar með bensínvélar sem eyða sáralitlu, eins og Mazdan og meira að segja Subaruinn líka. Við gætum því átt eftir að sjá breytingu á þessu eftir ekki allt of mörg ár. En eins og staðan er í dag hafa dísilvélar enn vinninginn.“

Bílgreinasambandið hefur verið duglegt að benda á hvernig meðalaldur bílaflota landsins hefur hækkað frá hruni. „Við Íslendingar njótum þess ekki í bílaflota okkar að vera með fullkomnasta öryggisbúnað sem hægt er að fá,“ segir Özur og bendir á að meðalaldur fólksbílaflotans standi nú í 11,6 árum. „Það er með því allra hæsta í Evrópu.“

Kjörmeðalaldur bílaflotans segir Özur sjö til átta ár. „Þá værum við alla vega í ágætis málum.“ Skipti þar máli að síðustu ár hafi bílaframleiðendur gert það að sérstöku keppikefli sínu að framleiða bíla sem eyði sem minnstu og hafi sem bestan öryggisbúnað. „Á staðalöryggisbúnaði bíla hafa orðið gríðarlegar framfarir á síðustu þremur til fjórum árum sem við erum að missa af. Til dæmis má nefna að innan ESB er orðið regla að stöðugleikabúnaður sé staðalbúnaður í öllum nýjum bílum.“



**ÁNÆGÐ MEÐ SKIPTIN** Þótt jeppinn hafi verið lúxusbíll sér Guðríður Skagfjörð Sigurðardóttir ekki eftir því að hafa skipt yfir í eyðslugrennri bíl. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## SÉR EKKI Á EFTIR BENSÍNHÁKNUM

Tölur um bílaeign og nýskráningu sýna augljóslega að hlutur jeppa fer minnkandi í bílaflota landsmanna. Meðal þeirra sem skipt hafa út eyðslufrekari bílakosti fyrir minni bíl er Guðríður Skagfjörð Sigurðardóttir, ritstjóri hjá Námsgagnastofnun.

„Við keyptum í góðærinu jeppa frá Ameríku, algjöra draumakerru,“ segir hún um Ford Explorer-jeppann sem fjölskyldan keypti. „En þá kostaði líka bensínlítrinn 70 krónur. Síðan fór bensínið að hækka og hækka og við sáum að við vildum nota peningana okkar í eitthvað annað.“ Til þess að spara bensínútgjöldin bætti fjölskyldan því við sig Toyota Yaris-bifreið. „Og svo seldum við bara jeppann.“

Guðríður viðurkennir reyndar að jeppinn hafi verið keyptur að hennar undirlagi því hún sé með bíladellu en eiginmaðurinn ekki. Samt sjái hún ekkert eftir ákvörðuninni um að skipta. „Þetta var náttúrlega algjör lúxuskerra en fólk hefur alltaf val um hvað það vill gera. Og við vildum ekki eyða svona miklum peningum í bensín. Ég vinn 10 kílómetra frá heimilinu og við værum örugglega að fara með svona 70 þúsund í bensín á mánuði ef við ættum þennan jeppa, sem er bara rugl.“

Jeppinn var því settur á sölu 2009 og seldist eins og skot, enda sjö manna útgáfa sem Guðríður segir með eftirsóttari týpum. Síðar hafi komið upp aðstæður þar sem fjölskyldan þurfti á jeppa á halda á ferðalagi, en það hafi verið leyst með því að fá lánaðan bíl hjá vinafólki. „Svo er líka hægt að leigja jeppa í einhverjar vikur á sumrin ef þarf,“ bætir hún við og telur orðið lítið vit í að eiga svona bíl. „Ef þetta bilar þá eru bara mánaðarlaunin farin.“

## → Yfir evrópskum bílaiðnaði grúfir myrkur

Sala nýrra bíla dróst saman árið 2012 í 21 Evrópulandi af 30 í greiningu ameríska greiningarfyrirtækisins Jato Dynamics. Alls seldust 12,6 milljónir bíla í löndunum öllum sem er 7,9 prósentum minna en árið 2011. Mestur var samdrátturinn í Grikklandi, 40,2 prósent milli ára.

Á fimm stærstu sölumörkuðum varð ekki aukning nema á einum stað, í Bretlandi þar sem sala nýrra bíla jókst um 5,3 prósent. Í Frakklandi dróst bílasalan hins vegar saman um 13,9 prósent, um 19,8 prósent í Ítalíu og 13,3 prósent á Spáni. Í Þýskalandi, sem er stærsti sölumarkaður nýrra bíla í Evrópu, var samdrátturinn 2,9 prósent. Mesta aukningin var svo hér á landi, rúm 56 prósent, en líkt og fram kemur hér að ofan eru bara tæpir átta þúsund bílar að baki þeirri tölu.

Meðal helstu bílaframleiðenda í Evrópu varð ekki aukning nema hjá tveimur, Audi, sem er í sjötta sæti á lista söluhæstu framleiðenda 2012, um 3,4 prósent og um 0,6 prósent hjá Mercedes Benz, sem vermir níunda sæti á sama lista. Volkswagen seldi flesta bíla í Evrópu í fyrra þrátt fyrir 4,4 prósenta sölusamdrátt. Sveifla milli ára er svo enn meiri hjá framleiðendunum í öðru og þriðja sæti. Hjá Ford dróst sala saman um 13,0 prósent og um 15,7 prósent hjá Opel. Framleiðendurnir í þremur efstu sætunum seldu samtals rúmar 3,4 milljónir bíla eða tæp 27 prósent allra seldra bíla í Evrópulöndunum 30.

## → Mest seldir í Evrópu 2012

| Tegund | Fjöldi | Breyting frá 2011 |
|---|---|---|
| 1. Volkswagen Golf | 431.742 | -11,1% |
| 2. Ford Fiesta | 306.405 | -12,7% |
| 3. Volkswagen Polo | 287.828 | -19,8% |
| 4. Opel/Vauxhall Corsa | 265.297 | -16,1% |
| 5. Renault Clio | 244.280 | -17,4% |
| 6. Ford Focus | 241.862 | -14,7% |
| 7. Opel/Vauxhall Astra | 232.645 | -20,1% |
| 8. Nissan Qashqai | 207.885 | -0,3% |
| 9. Renault Megane | 199.167 | -17,5% |
| 10. Volkswagen Passat | 195.617 | -17,1% |



*Heimild: e24.no*

## → Húsbílar ná sér ekki á strik eftir hrun

| Ár | Fjöldi | Hlutfall af seldum einkabílum |
|---|---|---|
| 2007 | 157 | 0,85% |
| 2008 | 116 | 1,12% |
| 2009 | 66 | 2,75% |
| 2010 | 11 | 0,33% |
| 2011 | 9 | 0,17% |
| 2012 | 16 | 0,19% |



*Unnið upp úr gögnum Umferðarstofu*

## → Smærri flutningabílar og skutlur

| Ár | Fjöldi seldra bíla |
|---|---|
| 2007 | 189 |
| 2008 | 105 |
| 2009 | 26 |
| 2010 | 15 |
| 2011 | 43 |
| 2012 | 84 |



*Heimild: Unnið upp úr gögnum Umferðarstofu*




Áritaðar servíettur, sálmabækur og kerti.
PANTIÐ UM HELGINA
NÝTIÐ AFSLÁTTINN!

# FERMING

## Fermingarsýning *í Blómavali Skútuvogi*



KRANSAKÖKUNÁMSKEIÐ
Blómavals, skráning er hafin!

**40** manna kransakaka aðeins 6.990 (allt innifalið)

Skráning fer fram með því að senda tölvupóst á netfangið kransakaka@blomaval.is



Fermingarskraut, fermingarblóm, merktar sálmabækur, áprentun á servíettur, skrautskrifuð kerti, **hanskar og margt fleira.**

Fáið hugmyndir!
sjáið skreytt veisluborð fyrir ferminguna

## *Fjörleg fermingarsýning*

í Skútuvogi laugardag og sunnudag

Fermingarföt frá Kiss Kringlunni, Gyllta kettinum og Sautján.

Halldór Kr. Sigurðsson bakari og konditor kynnir kransakökunámskeið Blómavals, laugardag kl. 14-16.

Kynning á hársnyrtitækjum frá Remington laugardag, 20% afslættur alla helgina.

True North útivistarfatnaður frá Húsamiðjunni verður á 30-70% afslætti.

Búsáhöld frá Húsamiðjunni verða á 30-70% afslætti.

Uppdekkuð borð frá Blómavali og allt það nýjasta í borðskreytingum.

Eitt mesta úrval landsins af servíettum og kertum til áritunar

Pantið áritaðar servíettur, kerti og sálmabækur um helgina á frábærum afslætti.

Theodóra Mjöll kynnir bókina Hárið og sýnir það allra nýjasta í fermingarhárgreiðslu kl. 13-15.

Ruth ljósmyndari kynnir fermingarljósmyndun

Café Konditori Copenhagen verður á staðnum með allt fyrir veisluna.

**Vaffla með rjóma og kaffi – 450 kr.**

Munið Fermingarleik Blómavals glæsilegir vinningar í boði.



*Fermingarföt til sýnis frá nokkrum verslunum:*
Kiss Kringlunni
Sautján
Gyllta kettinum

# Pottaplöntu-ÚTSALA



**20-50% afsláttur**

blómaval

Skútuvogur - Grafarholt - Hafnarfjörður - Akureyri - Egilsstaðir
Vestmannaeyjar - Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær

galleri sautján   REMINGTON





Mamma lét mig prófa svo ég gæti verið með vinum mínum á skautum, eða gæti að minnsta kosti staðið á skautum. Það var nú bara fyrsta markmiðið. Svo fannst mér svo ótrúlega gaman að ég hélt áfram að æfa.

**STERK Á SVELLINU** „Ég þarf að ná sérstökum stökkum og allt upp í þremur snúningum,“ segir Agnes Dís um þær kröfur sem til hennar eru gerðar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ólympíuleikar langtímamarkmið

Að svífa um svell, á öðrum fæti eða báðum, og skrúfa sig upp í snúninga í loftinu er list sem fáir hafa vald á. Það gerir **Agnes Dís Brynjarsdóttir**, sem æfir með Skautafélaginu Birninum og er Íslandsmeistari stúlkna. Hún er nýorðin 15 ára og yngst íslensku keppendanna í flokki 18 ára og yngri á Norðurlandamótinu í listskautum sem nú stendur yfir í Egilshöll.




Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is


Þið getið þekkt mig á rauða hárinu,“ segir Agnes Dís Brynjarsdóttir glaðlega í símanum áður en Fréttablaðsfólk fer til fundar við hana á skautasvellinu í Egilshöll. Hún er þar á æfingu ásamt tveimur öðrum stúlkum í Skautafélaginu Birninum og það er unun að fylgjast með tilþrifum þeirra á ísnum. Eitthvað sem minnir á sjónvarpsútsendingar frá vetrarólympíuleikum – nema hvað nú eru listamennirnir í návígi og ísinn er áþreifanlegur.

### Keppir í Rúmeníu

Agnes Dís er 15 ára og keppir í flokknum junior á Norðurlandamótinu í listskautum nú um helgina. Fljótlega heldur hún til Brasov í Rúmeníu á Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar, European Youth Olympic Festival, sem verður haldin 17. til 22. febrúar. Hún er eini keppandinn á skautum frá Íslandi og var valin af Skautasambandi Íslands. Hvorutveggja eru stór mót en hún segir þau ólík og enn skemmtilegra að taka þátt í þeim fyrir vikið. „Ég er yngst í mínum flokki af íslensku keppendunum á Norðurlandamótinu og varð að vera í junior-flokki til að eiga möguleika á að keppa á ólympíuhátíð æskunnar.“

Lífið snýst um skautalistina hjá þessari ungu stúlku, sem kveðst æfa tvo til þrjá tíma á dag alla daga nema laugardaga. Oftast eru æfingarnar síðdegis en minnst einu sinni í viku þarf hún að vakna klukkan sex á morgnana og drífa sig ofan úr Grafarholti niður í Egilshöll. „Foreldrar mínir keyra mig á morgnana en annars tek ég strætó á æfingarnar,“ segir hún og upplýsir að foreldrar hennar séu Brynjar Helgi Ingólfsson viðskiptafræðingur og Kristín Halldóra Halldórsdóttir. Systkini hennar, Halldór Bjarki 11 ára og Ingunn María sex ára, hafi bæði prófað að æfa skauta en æfi nú handbolta og fótbolta. Sjálf hefur hún aðstoðað við þjálfun yngstu krakkanna í Birninum einu sinni í viku í vetur. Svo stundar hún nám í Sæmundarskóla. En tefja ekki strangar skautaæfingarnar fyrir lærdómnum? „Nei, ekki ef ég skipulegg mig vel. Ég er með góðar einkunnir,“ svarar hún eins og ekkert sé eðlilegra.

### Marblettir á skrítnum stöðum

Agnes Dís kveðst hafa stundað skautaíþróttina frá sex ára aldri. „Mamma lét mig prófa svo ég gæti verið með vinum mínum á skautum, eða gæti að minnsta kosti staðið á skautum. Það var nú bara fyrsta markmiðið. Svo fannst mér svo ótrúlega gaman að ég hélt áfram að æfa.“ Hún kveðst oft fara í æfingabúðir á sumrin en þó reyna að fá þriggja til fjögurra vikna frí yfir sumarið til að vera með fjölskyldunni. Hvað finnst henni svona skemmtilegt við að skauta? „Allt. Þegar ég er á ísnum þá er alltaf gaman. Ég hef líka eignast svo góðar vinkonur í gegnum íþróttina,“ svarar hún og bætir við. „Það eru ekki allir sem fá að æfa með bestu vinkonum sínum og fara með þeim til útlanda.“ En hefur hún ekki oft dottið og meitt sig? „Jú, ég er með marbletti á skrítnustu stöðum og einu sinni skallaði ég ísinn, þá fékk ég vægan heilahristing.“

Agnes Dís kveðst oft hafa tekið þátt í mótum áður og eiga orðið slatta af medalíum. Í nóvember 2011 hafi hún fengið brons á belgíska meistaramótinu, sem sé besti árangur hennar á alþjóðlegu stórmóti til þessa. „Mér gengur oftast betur í útlöndum en á Íslandi og finnst þægilegra að keppa þar,“ segir hún og hlakkar til Rúmeníuferðarinnar, þó að hún verði eina íslenska skautastúlkan. „Ég keppi þar í tvo daga en skíðakrakkarnir sem ég fer með keppa fleiri daga svo við verðum í viku.“

### Þriggja mínútna einkasýning

Um einstaklingssýningar er að ræða í listskautaíþróttinni. Hvaða kröfur skyldi Agnes Dís þurfa að uppfylla til að fá að taka þátt í þessum stóru keppnum? „Ég þarf að ná sérstökum stökkum og allt upp í þremur snúningum. Ég er með rúmlega þriggja mínútna einkasýningu við tónlist og inn í hana koma öll stökk og allir snúningar. Í byrjun valdi ég mér lag og þjálfarinn minn, sem er líka danshöfundur, samdi dans við það. Það er bresk kona sem heitir Clair Wileman og er að gera góða hluti hér.“

Æfingarnar snúast ekki bara um skautaíþróttina sjálfa heldur kveðst Agnes Dís yfirleitt fara í ballett, dans eða þrekæfingar eftir æfingar á ísnum. „Þannig fáum við alhliða þjálfun,“ útskýrir hún. En hvað ætlar hún sér í framtíðinni í íþróttinni? „Mig langar mest á vetrarólympíuleika. Það er langtímamarkmið. En fyrst er að komast á næstu stórmót, hvert af öðru.“ Spurð hvort hún eigi sér tilteknar fyrirmyndir svarar hún: „Það er engin ein sérstök. Bara allar þessar sem eru á toppnum í íþróttinni og keppa á heimsmeistaramótunum og Ólympíuleikunum. Ég horfi talsvert á þær til að sjá hvernig þær gera og reyna að læra af þeim.“

## Hápunktarnir





- Var valin skautabirna Bjarnarins árin 2010 og 2012.
- Fékk brons á belgíska meistaramótinu í nóvember 2011 sem voru fyrstu verðlaun Skautasambands Íslands á alþjóðlegu móti.
- Var í 9. sæti í Austurríki í nóvember 2012.
- Er núverandi Íslandsmeistari í stúlknaflokki A.
- Var í 3. sæti á Reykjavíkurleikunum í janúar 2013 og hefur áður verið í 1., 2. og 3. sæti á Reykjavíkurleikum.
- Er að keppa í annað sinn með landsliði Íslands á Norðurlandamóti.

## ➜ Umsögn þjálfarans Clair Wileman

Agnes Dís er mjög hæfileikaríkur og duglegur einstaklingur. Hún er eini íslenski listskautarinn sem stekkur alltaf „tvöfaldan Axel“ á mótum og er einnig eini íslenski listskautarinn sem hefur náð að lenda þreföldu stökki á mótum í sögu íslenskra listskautakeppenda.

Helsti eiginleiki Agnesar er andlegur styrkur hennar í erfiðum aðstæðum, þegar mest á reynir. Með áframhaldandi viðleitni mun hún halda áfram að bæta sig.

# UMBÚÐAHÖNNUN 2013

Oddi, Félag íslenskra teiknara (FÍT) og Norræna húsið standa að opinni hönnunarsamkeppni umbúða úr kartoni, bylgjupappír og/eða mjúku plasti.

### DÓMNEFND SKIPA:

**Hörður Lárusson**
*Grafískur hönnuður/Formaður FÍT*

**Elísabet Ýr Sigurðardóttir**
*Umbúðahönnuður hjá Odda*

**Katrín Ragnars**
*Arkitekt*

**Einar Gylfason**
*Grafískur hönnuður*

**Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir**
*Vöruhönnuður*

## KEPPNIN ER ÖLLUM OPIN

### ÁN ENDURGJALDS

Oddi, Félag íslenskra teiknara (FÍT) og Norræna húsið standa að opinni hönnunarsamkeppni umbúða úr kartoni, bylgjupappír og/eða mjúku plasti.

Tillögurnar skulu, að hluta eða öllu leyti, miða við það hráefni sem keppnishaldarar leggja til, en þátttakendum er frjálst að velja sér viðfangsefni.

Beiðni um keppnisgögn skal senda á netfangið keppni@oddi.is þar sem fram kemur nafn eða nöfn þátttakenda, netföng og símanúmer. Frjálst er að senda fleiri en eina tillögu inn í keppnina.

Lokaskil á tillögum er 3. mars og skal þeim skilað á rafrænu formi á netfangið keppni@oddi.is fyrir miðnætti þann dag.

### ÚRSLITAKVÖLDIÐ VERÐUR HALDIÐ ÞANN 7. MARS 2013

Allar tillögur sem berast dómnefnd verða númeraðar með sérstöku raðnúmeri og er því full nafnleynd á öllu því sem dómnefnd sér.

Allar innsendar tillögur verða skoðaðar með framleiðslumöguleika í huga og verður samið sérstaklega við höfund ef til framleiðslu kemur.

## VERÐLAUN

**1. VERÐLAUN**
150.000 kr. í peningum og 250.000 kr. prentinneign hjá Odda

**2. VERÐLAUN**
75.000 kr. í peningum og 150.000 kr. prentinneign hjá Odda

**3. VERÐLAUN**
35.000 kr. í peningum og 100.000 kr. prentinneign hjá Odda

**AUKAVERÐLAUN**
**Út fyrir boxið**
150.000 kr. prentinneign hjá Odda verður veitt þeirri tillögu sem sýnir fram á framsækna eða nýja nálgun á notkun umbúða.

**Umhverfisvænar umbúðir**
Norræna húsið verðlaunar sérstaklega þá tillögu sem þykir umhverfisvænust með tilliti til efnisnotkunar, notagildis og endurvinnslumöguleika.

ODDI

FÍT

NORRÆNA HÚSIÐ


FRAMLENGING
ÚTSAL
SÖDAHL 20% AFSLÁTTUR
PÚÐAR KR. 6.392
Fullt verð 7.990
KAFFIKANNA 8 bolla KR. 10.392
Fullt verð 12.990
KAFFIKANNA 4 bolla KR. 7.192
Fullt verð 8.990
RÚMFÖT KR. 12.792
Fullt verð 15.990
PAVINA kaffiglös með tvöföldu gleri, halda heitu og köldu, 2 stærðir
2.792 KR. minna
Fullt verð 3.490
3.592 KR. stærra
Fullt verð 4.490
EILEEN
kaffikönnur og tekanna.
TEKANNA KR. 8.792
Fullt verð 10.990
20-70
AFSLÁTTU
ÖLL
SMÁVARA
40%
AFSLÁTTUR
TAKMARKAÐ MAGN
30%
AFSLÁTTUR
TRAVIS Slitsterkt áklæði.
3ja sæta. B: 225 D: 95 H: 80 cm.
2ja sæta B: 170 D: 95 H: 80
Stóll B: 112 D: 95 H: 80
LARAMIE sófasett microfiber áklæði.
Stóll: B: 111 H: 95 B: 95, 2 sæta sófi B:170 D:95 H:95 cm.
3 sæta B:220 D:95 H:95 cm.
LARAMIE STÓLL
107.994
VERÐ: 179.990
3 SÆTA
159.990
VERÐ: 229.990
2 SÆTA
139.990
VERÐ: 199.990
STÓLL
118.980
VERÐ: 169.990
LARAMIE 3JA SÆTA SÓFI
137.994
VERÐ: 229.990
LARAMIE 2JA SÆTA SÓFI
119.994
VERÐ: 199.990
139.990
VERÐ: 199.990
55.992
VERÐ: 69.990
20%
AFSLÁTTUR
30%
AFSLÁTTUR
TANA
hægindastóll. Fáanlegur rauður, hvítur og svartur
SLINKY
legubekkur. Krómlappir, litur svartur, hvítur og grár.
LAZBOY
ASPEN La-z-boy stóll.
Svart leður á slitflötum.
30%
AFSLÁTTUR
20%
AFSLÁTTUR
15.992
VERÐ: 19.990
20%
AFSLÁTTUR
69.990
FULLT VERÐ 99.990
HOT barstóll, krómlappir.
Litir: svart og hvítt.
ARINN ELISE
Mahogany og antik hvítur
B:93 D:28 H:78 cm
realflame
HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 558 1100 OPIÐ Virka daga 10-18, laugard. 10-18 og sunnud. 13-18


…KUR Á SUNNU-DAG
ALLT AÐ
…LA
70 %
AFSLÁTTUR
ALLRA SÍÐUSTU DAGAR
IDdesign
LA-Z-BOY
Broyhill
LAUREN
RALPH LAUREN
bodum
södahl
30% AFSLÁTTUR
159.990
FULLT VERÐ 229.990
CELICO tungusófar (hægri og vinstri). Stærð: 245 x 90 x 160 (tunga) H 85 cm.
Svart eða ljóst slitsterkt áklæði. Aukahlutur á mynd CELICO hnakkapúði.
Fullt verð 19.900. TILBOÐSVERÐ 13.990
35% AFSLÁTTUR
19.790
VERÐ: 65.990
LINEA borðstofuborð.
B: 90 L: 180 H: 75 cm.
Hvítlakkaður viður.
STING tungusófi.
B 300 H 85 Hægri-tunga 152 cm.
Svart, dökkgrátt og grátt
slitsterkt áklæði.
162.494
FULLT VERÐ 249.990
OPNUNARTÍMI
UM HELGINA
LAU. 10-18
SUN. 13-18
VERTU VELKOMIN/N
25% AFSLÁTTUR
30% AFSLÁTTUR
IBIZA borð-
stofuborð.
B: 90 L: 180
H: 75 cm.
Eikarplata og
málmfótur.
ANDREW
borðstóll.
Svart, brúnt og
hvítt leður.
70% AFSLÁTTUR
AF LINEA BORÐI
34.993
VERÐ: 49.990
14.990
VERÐ: 19.990
HÚSGAGNAHÖLLIN
0% VEXTIR - Húsgagnahöllin býður upp á vaxtalaus lán til allt að 12 mánaða
VISA

## DRAUMURINN RÆTTIST







Vilborg Anna lagði á sig mikið erfiði þegar hún gekk ein síns liðs á Suðurpólinn, fyrst Íslendinga. Þrátt fyrir einsemdina lét hún aldrei bugast. Hún fann innri ró og kunni vel að meta einfalt lífernið.




FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Missti aldrei móðinn á göngunni

**Vilborg Arna Gissurardóttir** er fyrsti Íslendingurinn og níunda konan sem fer ein á Suðurpólinn. Hún hafði jákvæðni og hugrekki að leiðarljósi á göngunni og segir það ótrúlega tilfinningu að ná markmiði sínu og finna stuðninginn frá Íslendingum.

Alveg frá því Vilborg Arna Gissuradóttir var lítil dró náttúran hana til sín. Hún dvaldi mikið á sumrin hjá ömmu sinni og afa á Rauðasandi í sumarbústað þar sem hún fór að laumast í fjallgöngur strax sem barn. „Ég byrjaði samt ekki að þróa þetta fyrr en fyrir um tíu árum, þá fór ég á Hvannadalshnúk. Það var dagur sem breytti lífi mínu því að þegar ég kom til baka vissi ég hvað ég vildi gera,“ segir hún og bætir við, „og síðan þá hef ég verið að!“ Hún fékk mikla þjálfun í björgunarsveitum og gekk mikið á fjöll. Í framhaldi af því fór hún að vinna sem leiðsögumaður meðfram háskólanámi, en Vilborg er með próf í ferðamálafræði og MBA að auki. Hún er núna sjálfstætt starfandi en hún sagði upp vinnunni til að láta drauminn rætast.

### Skrifaði gildin inn í tjaldið

Vilborg drakk í sig allt sem hún gat um fjallgöngur og leiðangra og las meðal annars bók um íslenska leiðangurinn á suðurpólinn 1998. „Ég vissi bara þá að ég ætlaði einhvern tímann að fara á þennan stað, en hafði náttúrulega ekki þekkinguna eða reynsluna til að fara í leiðangur á þeim tíma,“ segir hún. Fyrir einu og hálfu ári tók Vilborg svo ákvörðun um að láta drauminn rætast og byrjaði að skipuleggja sig. „Það er rosalega mikil vinna, allt í kringum búnaðinn og að sækja um styrki,“ segir hún. Andlega undirbjó hún sig með því að liggja yfir bloggi og ferðasögum hjá öðrum sem höfðu farið þessa ferð. „Ég fann mér svo einn strák sem ég ákvað að nota sem fyrirmynd af því mér fannst hann nálgast þetta á jákvæðan og skemmtilegan hátt,“ segir Vilborg. „Ég notaði líka það sem kallast á ensku „visualization“, þ.e. að setja sig inn í aðstæður, eins og að tjalda í ýmsum veðrum og hvernig ég myndi bregðast við ef mér færi að líða illa. Á endanum þá setti ég mér gildi – jákvæðni, áræðni og hugrekki – sem voru mitt akkeri. Ég greip til þeirra þegar mér fór að líða illa, en líka bara þegar mér leið vel,“ segir hún. „Ég hafði þetta fyrir augunum allan tímann og þetta virkaði rosa vel fyrir mig,“ bætir hún við brosandi.

### Leið aldrei eins og Palla

Vilborg segist hafa verið minna einmana en hún átti von á og segist ekki hafa liðið eins og Palla sem var einn í heiminum. „Ég hafði bara svo mikið að gera, það var aldrei dauð stund. Ég átti von á að þetta yrði mér erfiðara, en ég átti mjög góðar stundir og skemmti mér oft mjög vel,“ segir hún. Á allri göngunni hitti hún aðeins eina aðra manneskju, strák frá Ameríku. Hún upplifði algjöran frið. „Ég fann svona innri frið, veraldlegir hlutir fara að skipta minna máli. Þetta var krefjandi, en þarna er ekkert neikvætt sem er að hamra á manni.“ Hún viðurkennir að líkurnar á því að hitta einhvern þarna séu svona álíka miklar og að finna nál í heystakki, þar sem aðeins sjö til tíu manns í heiminum ganga þessa leið á hverju ári. „Að maður sé á sama stað á sama tíma er mjög sérstakt,“ segir hún, en Vilborg gekk fram úr honum. „Ég var búin að fá upplýsingar um að ég væri að nálgast hann, þannig að ég vissi af því.“

### Var ekki matarlaus

Mataræðið var frekar einhæft og samanstóð mikið af þurrmat. „Ég hafði gengið á Grænlandsjökul og vissi hvað væri að virka fyrir mig, og valdi það sem mér fannst best. Ef manni finnst maturinn góður er það allt í lagi,“ segir hún. Margir Íslendingar höfðu áhyggjur af Vilborgu þegar hún bloggaði um að hún væri svöng og að verða matarlaus. Hún segir það ekki hafa komið að sök, því hún skrifaði undir samning við þá sem veita þjónustu á þessu ferðalagi, og þar voru innifaldar allt upp í þrjár matarsendingar á leiðinni. Þannig fékk hún matarsendingu áður en hún varð uppiskroppa með matinn, en vegna erfiðs færis var hún tíu dögum á eftir áætlun. „Misskilningurinn var kannski sá að maður var alltaf svo svangur og þá héldu sumir að ég væri svona svöng af því ég ætti ekki mat,“ segir hún hlæjandi, en það var ekki svo. „Ég var bara svöng af því maður brennir svo miklu!“

### Snjóaði glimmeri

Vilborg segir að veðrið hafi verið óvenjuslæmt miðað við fyrri ár og mikið um svo kallaða rifskafla. „Þeir voru óvenjustórir og maður þurfti að finna leið í gegnum völundarhús. Það var aldrei óyfirstíganlegt en krafðist mikillar þolinmæði og áræðni.“ Leiðin var harðneskjuleg og engin dýr urðu á leið hennar. Frostið var í kringum 25 til 30 stig og allt upp í 40 stiga frost í vindkælingu. Það snjóaði óvenjumikið í ár, á þessum þurrasta og kaldasta stað í heiminum. „Það var eins og það snjóaði glimmeri, það var rosa fallegt, en ekki gott fyrir færið því snjórinn var svo þurr og stamur,“ segir Vilborg. „Það gerir allan sleðadrátt og að skíða helmingi erfiðara,“ bætir hún við.

### Pissað í gegnum trekt

Það er ekki mikið um baðferðir í svona ferðum og lítið sem ekkert hægt að þrífa sig. „Ég var alltaf í sömu fötunum. Mér skilst að maður lykti mjög illa!“, segir hún hlæjandi. Spurð um klósettferðir segir hún: „Þú mátt alveg spyrja mig að þessu, það vilja allir vita þetta!“ Hún segist hafa notast við trekt, „svona konutrekt“, og þá þurfti hún ekki að girða niður um sig. „Maður er jafnfljótur að pissa og strákarnir! Fólk er mikið að pæla í þessu, þetta var bara ótrúlega þægilegt,“ segir hún. Hún reyndi yfirleitt að ná átta tíma svefni og gekk svo í níu til tíu tíma á dag. Hún segist ekki hafa fundið fyrir þreytu fyrr en kannski í lokin. „Það er bara þannig að þegar maður er að klára verkefni, þá verður maður þreyttari, bara eins og í annarri vinnu,“ segir hún.

### Þráði þetta svo heitt

Erfiðast á leiðinni var að fá kalsár á lærin. „Ég upplifði aldrei neina dramatík, aldrei neitt sem ég gat ekki leyst úr sjálf,“ segir hún. Það besta við ferðina var að hún gekk upp. „Ég upplifði aldrei uppgjöf, ég var alveg rosalega fókuseruð. Ég þráði þetta svo heitt, ég ætlaði alltaf á suðurpólinn, að snerta silfurkúluna!“, og það tókst henni. „Best var að ég komst á leiðarenda og komst heil heim og svo að finna allan þennan stuðning,“ segir þessi jákvæða kona. Vilborg segist hafa lært mikið af þessari reynslu og segist koma sterkari til baka. Hún hyggst jafnvel skrifa bók um þessa reynslu sína. Þegar hún er spurð hvað taki við segist hún vilja fara í fleiri leiðangra, þó ekki endilega ein aftur. „Það eru ótal fjöll sem mig langar að klífa, og vonandi á ég eftir að gera það,“ en vill þó ekki viðurkenna að Everest sé næst á dagskrá. En það er aldrei að vita.

**Ásdís Ásgeirsdóttir**







## PLANTIO GOLF ★★★★

**Lúxus íbúðir, flottur skógarvöllur við Alicante borg og allt innifalið!**

VERÐDÆMI - 5 NÆTUR:
**167.900 KR***
*á mann m.v. 2 fullorðna í bókun.*

Ferðadagar:
26.03 - 02.04, **UPPSELT!**
26.03 - 04.04, 9 daga ferð
02.04 - 13.04, 11 daga ferð
04.04 - 09.04, 5 daga ferð
04.04 - 13.04, 9 daga ferð
13.04 - 20.04, 7 daga ferð
13.04 - 27.04, **UPPSELT!**
16.04 - 24.04, **UPPSELT!**
16.04 - 27.04, **UPPSELT!**
20.04 - 27.04, **UPPSELT!**
27.04 - 04.05, **UPPSELT!**
04.04 - 09.04, **UPPSELT!**

**Innifalið:**
» Gisting í glæsilegum íbúðum
» Allt fæði og drykkir**
» Ótakmarkað golf með kerru
» Flug og skattar
» Flutningur á golfsetti
» Akstur milli flugvallar og hótels
» Íslensk fararstjórn




## HUSA ALICANTE GOLF ★★★★

**Einn vinsælasti golfáfangastaður Íslendinga til margra ára!**

VERÐDÆMI - 7 NÆTUR:
**189.900 KR***
*á mann m.v. 2 fullorðna í bókun.*

Ferðadagar:
21.03 - 30.03, **UPPSELT!**
26.03 - 02.04, **UPPSELT!**
26.03 - 04.04, 9 daga ferð
02.04 - 09.04, 7 daga ferð
09.04 - 20.04, 11 daga ferð
20.04 - 27.04, **UPPSELT!**

**Innifalið:**
» Gisting tvíbýli.
» Morgun- og kvöldmatur
» Golf og golfbíll
» Flug og skattar
» Flutningur á golfsetti
» Akstur milli flugvallar og hótels
» Íslensk fararstjórn

### HELDRI KYLFINGAFERÐ
**HUSA ALICANTE GOLF**
9. APRÍL - 11. DAGAR
**259.900 KR***
*á mann m.v. 2 fullorðna í tvíbýli.*




## GOLFSKÓLI ÚÚ HUSA ALICANTE GOLF

**Jafnt fyrir byrjendur sem lengra komna! Kennsla fyrir hádegi og spil eftir hádegi.**

VERÐDÆMI - 7 NÆTUR:
**224.900 KR***
*á mann m.v. 2 fullorðna í bókun.*

Ferðadagar:
20.04 - 27.04, **UPPSELT!**
13.04 - 20.04, 7 daga ferð

**Innifalið:**
» Gisting í 7 nætur í tvíbýli.
» Morgun- og kvöldmatur
» Golfskóli í 6 morgna og golf eftir hádegi
» Golfbíll 18 holur
» Flug og skattar
» Flutningur á golfsetti
» Akstur milli flugvallar og hótels
» Íslensk fararstjórn

ÚRVAL ÚTSÝN | LÁGMÚLI 4 108 RVK | S. 585 4000 | MEIRA Á **URVALUTSYN.IS**

ÚRVAL-ÚTSÝN

** Verð miðast við að bókað sé á netinu. Birt með fyrirvara um prentvillur. ** Allt innifalið: Morgun-, hádegis- og kvöldmatur, snarl milli mála og allir innlendir drykkir.*

## HELSTU HLUTVERK JÓHÖNNU VIGDÍSAR Í BORGARLEIKHÚSINU

2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013



**Kryddlegin hjörtu**
2001-002



**Chicago**
2003-2004



**Fjölskyldan**
2009-2010

**Fólkið í blokkinni**
2008-2009

**Söngvaseiður**
2008-2009



**Nei Ráðherra**
2010-2011



**Enron**
2010-2011



**Ofviðrið**
2010-2011



**Galdrakarlinn í Oz**
2011-2012



**Bastarðar**
2011-2012



**Fanný og Alexander**
2011-2012

**Mary Poppins**
2013-

# Vildi að lífið væri söngleikur

**Jóhanna Vigdís Arnardóttir** æfir nú á fullu hlutverk Mary Poppins í samnefndum söngleik. Hún hefur ekki verið í aðalhlutverki síðan hún lék Elmu K í Chicago um árið, þar sem hún vakti meðal annars athygli fyrir að vera í fantaformi líkamlega. Krefst hlutverk Mary Poppins ekki álíka líkamsræktar?

**Friðrika Benónýsdóttir**
fridrikab@frettabladid.is



Jú, enda erum við erum búin að vera í ströngum æfingabúðum, erum með danshöfund frá London, Lee Proud, og með honum er aðstoðarmaður hans, Anthony Whiteman. Þeir eru eiginlega búnir að vera með okkur í „bootcamp"-þjálfun undanfarið til að koma okkur öllum í form. Það er búið að vera alveg æðislegt og ótrúlegt hvað maður kemst í gott form af því að dansa allan daginn. Og það besta er að maður gleymir því eiginlega að þetta sé þjálfun því þetta er svo gaman. Erfitt vissulega, en gaman."

*Það er nokkuð langt síðan þú hefur verið í aðalhlutverki, hvað kom til?* „Jú, það er ansi langt síðan. Síðast var það í Chicago 2004. Ég lagðist í barneignir þarna um tíma, en ég hef verið að leika ýmislegt þótt það hafi ekki verið aðalhlutverk. Var í Fjölskyldunni, Fanny og Alexander, Galdrakarlinum í Oz og fleiri verkum. Svo var ég í sjónvarpsþáttunum Rétti í tvær þáttaraðir, það er ekki eins og ég hafi sest í helgan stein. Það er líka mjög fínt þegar maður er með lítil börn að vera ekki með heilu sýningarnar á herðunum, þannig að ég kvarta ekki. Mér þykir vænt um þessi hlutverk og þau hafa þroskað mig sem leikkonu þótt þau séu ekkert aðal aðal."

*Þú ert líka menntuð í söng?* „Jú, söng og píanóleik. Og frönsku reyndar. Maður var svolitla stund að finna sig og ákveða hvað maður vildi gera. En ég er svo heppin að ég get sameinað þetta allt í leiklistinni."

*Þannig að það var alltaf stefnan að fara út í sjóbisness?* „Áhugi minn lá þar, já. Ég hef aldrei getað séð mig fyrir mér í einhverri skrifstofuvinnu frá níu til fimm. Sköpunarþráin verður að fá útrás."

*Nú ertu heldur betur komin í þá stöðu að vera með heila sýningu á herðunum, hvernig leggst það í þig?* „Bara vel. Þetta er alveg geðveikur hópur. Gói leikur Bert og við náum rosavel saman og reyndar allur hópurinn. Þetta eru mjög skemmtilegar rullur, þeir kunna þetta þarna hjá Cameron Mackintosh."

### Agi, gleði og kærleikur

*Lastu bækurnar um Mary Poppins þegar þú varst lítil?* „Nei, ég las þær ekki þá en í haust, þegar það var ljóst að ég yrði Mary, las ég þær og er líka nýbúin að horfa aftur á myndina. Ég er alveg hörð á því að söngleikurinn er mun skemmtilegri en hún. Það eru þarna bæði ný lög og nýir karakterar og mér finnst hann halda mun betur. Ég sóna til dæmis alveg út á einum stað í myndinni, það geri ég ekki lengur."

*Þessi karakter, Mary Poppins, á hann eitthvert erindi við krakka í dag?* „Heldur betur. Mary Poppins er fjölskylduþerapisti, alveg ofsalega skemmtilegur karakter. Hún er svo með'etta og efast aldrei um eigið ágæti. Hún er með lausnina og ef fólk bara hlustar á hana og hlýðir henni verður allt í lagi. Hún efast ekki um það í eina sekúndu. En hún er líka að reyna að hjálpa, hún kemur þarna til að hjálpa þessari fjölskyldu til að átta sig á hlutunum og hjálpa sér sjálf. Hún er miklu meira en bara barnfóstra fyrir börnin, það hafa allir á heimilinu mjög gott af því að hlusta á hana. Hún kennir fólki hvað það er sem gefur lífinu gildi. Það er að hlusta á hjarta sitt og sinna fjölskyldunni. Lífið snýst ekki um vinnuna, lífið er fjölskyldan. Eitt lagið sem hún syngur heitir „Allt er hægt bara ef þú trúir á það" og boðskapurinn er að við eigum að elta drauma okkar, ekki láta stritið og hversdagsleikann gleypa okkur. Mér finnst það góður boðskapur, allavega fyrir mig. Maður sér það alltaf betur og betur eftir því sem maður eldist að það er það sem skiptir máli. Maður fær engin verðlaun þegar ævikvöldið er næstum búið fyrir að hafa verið duglegur að mæta í vinnuna og staðið sig vel þar."

> **Sorrí, það er bara ekkert krassandi við mitt líf. Ég er bara hamingjusöm og líður vel á öllum sviðum. Fólk verður bara að sætta sig við það.**

*Hún er samt að mörgu leyti mjög ströng?* „Já, hún er með mjög strangan ramma, er mjög „prim and proper" enda finnst henni hún vera hálfkonungborin. Hún beitir miklum aga en að sama skapi leggur hún áherslu á kærleikann og gleðina."

*Finnst þér vanta agann í uppeldi á börnum í dag?* „Já, eflaust. Við mættum alveg standa okkur betur þar. Maður sér þetta svo greinilega á þessu æfingaferli þar sem danshöfundurinn kemur úr bresku leikhúslífi þar sem ríkir rosaleg samkeppni og mikill agi. Við erum búin að læra mikið af honum. Og eflaust megum við taka okkur á í agamálum. Börn vilja aga og við sýnum þeim væntumþykju okkar ekki síst með því að halda honum. En auðvitað verður kærleikurinn og ástin að vera aðalatriði. Maður verður að elska börnin en þau þurfa líka reglu og aga. Ég finn það svo vel á mínum strákum að þeir eru ómögulegir ef það er ekki regla á hlutunum."

*Eru strákarnir þínir búnir að koma á æfingu og fá að sjá?* „Nei, en þeir kunna flest lögin og leiðrétta mig hiklaust ef ég er eitthvað að rugla með textann. Þeir eru fimm og sjö ára og alveg með þetta á hreinu. Svo kemur í ljós hvað þeim finnst þegar þeir sjá sýninguna. Þetta er nefnilega líka pínu hræðilegt og ýmsir hlutir sem kannski hræða suma af yngri kynslóðinni. En það er alltaf gaman að láta hræða sig. Þetta er líka fjölskyldusýning og ekkert síður hugsuð fyrir fullorðna þannig að það verður að vera svona blanda af öllu."

### Er bara hamingjusöm, sorrí

*Þú varst mjög virk í tónlistarlífinu á tímabili, dugleg að halda tónleika og gafst út plötu. Er sá ferill alveg í salti?* „Já, hann er pínu í salti núna, það er svo mikið að gera í leikhúsinu. Enginn tími fyrir sönginn. Það kemur bara seinna."

*Söngleikir hafa ekki verið hátt skrifaðir hjá leikhúselítunni, kanntu skýringu á því?* „Það hefur alltaf verið dálítið ástar-/haturssamband milli leikhúsfólks og söngleikja. Ég skil ekki alveg hvers vegna. Mér finnst spurningin bara snúast um gott leikhús eða slæmt leikhús, burtséð frá forminu. En fólk tekur sterkari afstöðu gagnvart söngleikjum, það annaðhvort hatar þá eða elskar, ekkert þar á milli. Ég hef alltaf fílað söngleiki enda alin upp við þá. Pabbi minn fílaði söngleiki alveg í botn og tók mig með sér á allar sýningar hér. Söngleikurinn er alveg ákveðin týpa af leikhúsi og það þarf rosalega fagmennsku til að gera góða söngleikjasýningu. Ég væri stundum svo til í að lífið væri bara eins og söngleikur, maður gæti bara sungið sig í gegnum erfiðleikana og dansað nokkur spor og allir yrðu æðislega glaðir."

*Þú hefur ekki tekið svona dag heima hjá þér þar sem er bannað að eiga samskipti öðruvísi en syngjandi?* „Nei, ég hef ekki gert það heima, en við lékum okkur einu sinni að þessu ég og Ragga Gísla þegar við lékum saman í Kysstu mig Kata. Við fórum út að borða einhvern tíma eftir sýningu og tókum þann pól í hæðina að það mætti ekki tala, bara syngja, það sem eftir væri kvölds. Það var mjög skemmtilegt kvöld. Við vöktum dálitla athygli á veitingahúsinu reyndar, en sem betur fer var þetta seint um kvöld og allir bara frekar „tjillaðir"."

*Það er náttúrulega enginn tími eða orka afgangs til að vera í einhverju öðru í vetur?* „Nei, þetta er eina sýningin sem ég er í. Þetta kostar mikla einbeitingu og það er mjög gott að þurfa ekki að dreifa fókusnum. Samt er það nú þannig að ég hef sjaldan verið með meiri orku en akkúrat núna þegar ég er að æfa eins og bestía. Ég hef nóga orku þegar ég kem heim til að skella í nokkrar vélar, svæfa strákana og svona. Mér hefur eiginlega aldrei liðið betur."

*Það er að verða krafa í svona viðtölum að viðmælandinn komi með einhverjar krassandi uppljóstranir um líf sitt, áttu eitthvað slíkt í handraðanum?* „Nei, sorrí, það er bara ekkert krassandi við mitt líf. Ég er bara hamingjusöm og líður vel á öllum sviðum. Fólk verður bara að sætta sig við það."



**ORKUBÚNT** Jóhanna Vigdís segist aldrei hafa verið orkumeiri. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


KRÓNAN
– fyrst og fremst ódýr!
50% afsláttur
2135 kr. kg
Verð áður 4270 kr. kg
Ungnauta rib eye, erlent
40% afsláttur
2698 kr. kg
Verð áður 4598 kr. kg
Ungnauta entrecote, erlent
Þorramatur í miklu úrvali!
GOÐI
3 fyrir 2
Gjafakort Krónunnar fæst á www.kronan.is
GJAFAKORT
KRÓNAN
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. EXPO • www.expo.is



# Rótað í safnhaugnum

Sitt sýnist hverjum um þráhyggju Hollywood fyrir endurunnu efni. Af nógu er að taka á endurvinnsluplani ársins 2013, en sumt af því gæti orðið áhugavert. Undanfarin ár hefur það færst í vöxt að endurgera gamlar kvikmyndir í Hollywood og á þessu ári munu mýmargar slíkar líta dagsins ljós. Sumar eru enn á teikniborðinu en aðrar eru tilbúnar og bíða frumsýningar. Hér gefur að líta það helsta sem fram undan er, en vert er að taka fram að listinn er alls ekki tæmandi.

**Haukur Viðar Alfreðsson**
haukur@frettabladid.is

## ➜ Maniac

Það þekkja ekki margir hrollvekjuna Maniac frá 1980 enda flaug hún ekki hátt. Hún varð fljótlega költmynd og nú er það hinn snoppufríði Elijah Wood sem fer með aðalhlutverkið.

Myndin segir frá geðsjúkum morðingja sem hefur sérstaka unun af því að skera höfuðleðrið af fórnarlömbum sínum. Ekki beint fyrirsjáanlegt hlutverk fyrir Wood, en við skulum gefa honum séns.

Myndin kom reyndar út í fyrra, en hún ratar hingað til lands í mars.



## ➜ Man of Steel

Saga Ofurmennisins verður endursögð frá byrjun í Man of Steel en sennilega er það svindl að tala um hana sem Superman-endurgerð. Hún fellur frekar í hinn svokallaða „reboot"-flokk, þar sem sígildar seríur byrja upp á nýtt.

Höfum hana samt með til gamans, enda er hún tilbúin og verður frumsýnd næsta sumar.

## AÐRAR KVIKMYNDIR Á LEIÐ Í ANDLITSLYFTINGU

*The Birds, Poltergeist, Scarface, Police Academy, The Blob, Child's Play, RoboCop, Videodrome, Point Break, Westworld, Suspiria, The Rocky Horror Picture Show, Lethal Weapon og Dirty Dancing.*

## ➜ Evil Dead

Hin hræódýra en klassíska hrollvekja The Evil Dead, sem kom út árið 1981, verður nútímavædd í ár.

Það er leikstjórinn Fede Alvarez frá Úrúgvæ sem heldur á spöðunum hér. Sam Raimi, leikstjóri upprunalegu myndarinnar, er einn af framleiðendum endurgerðarinnar.

Myndin verður frumsýnd í apríl, en einkar óhugguleg stiklan bendir til þess að myndin verði jafnvel blóðugri en forverinn.



## ➜ The Crow

Hinn spænski Francisco Javier Gutiérrez leikstýrir endurgerð þessarar goðsagnakenndu kvikmyndar, sem er því miður frægust fyrir það að hafa verið síðasta mynd ungstirnisins Brandons Lee, en hann lést af völdum voðaskots við gerð myndarinnar.

Gamla myndin, sem kom út árið 1994, er byggð á samnefndri teiknimyndasögu og því er viðbúið að púritanar mótmæli því að um endurgerð sé að ræða. Það verður forvitnilegt að sjá hver þorir að taka að sér titilhlutverkið.






## ➜ The Secret Life of Walter Mitty

Ben Stiller fór sennilega ekki fram hjá neinum síðasta sumar þegar hann var staddur hér á landi við tökur kvikmyndarinnar The Secret Life of Walter Mitty.

Stiller leikstýrir myndinni og leikur aðalhlutverkið, en myndin er byggð á smásögu frá árinu 1939, sem var kvikmynduð árið 1947.

Fyrirhuguð frumsýning er um næstu jól.

## ➜ Carrie

Við fyrstu sýn virðist það óðs manns æði að ætla að endurgera þessa klassísku hrollvekju leikstjórans Brians De Palma frá árinu 1976. Hún var byggð á bók hryllingsmeistarans Stephens King, og er að mati höfundarins, besta kvikmynd byggð á sögu eftir hann.

Endurgerðinni stýrir Kimberly Peirce, sem er líklega þekktust fyrir hina frábæru Boys Don't Cry, en það er Chloë Grace Moretz sem fer með aðalhlutverkið og Julianne Moore sem leikur snælduklikkaða móður hennar.

Myndin er tilbúin og er væntanleg í mars.





## ➜ Oldboy

Það er enginn annar en Spike Lee sem ætlar að tækla endurgerð suðurkóresku myndarinnar Oldboy frá árinu 2003.

Sú var reyndar byggð á japanskri teiknimyndasögu og sannast hið fornkveðna enn og aftur að ekkert er nýtt undir sólinni.

Oldboy er væntanleg í október.



## ➜ American Psycho

Fyrir mörgum er eins og kvikmyndin American Psycho hafi komið út í fyrra. Í ár eru þó þrettán ár liðin frá frumsýningu hennar og nú er ný mynd í vinnslu eftir þessari hrottalegu skáldsögu.

Gefið hefur verið í skyn að nýja myndin verði myrkari og groddalegri en sú gamla, en hún hefur elst frábærlega og er jafn fyndin og hún er hryllileg.

Nauðsynlegt er þó að kveikja á fyrirvaranum, því hótanir um þessa endurgerð hafa margsinnis verið gerðar.

TILBOÐSDAGAR Í
CARAT

**40**% afsláttur af öllum skartgripum
Fimmtudag – mánudags

**CARAT** • Haukur gullsmiður Smáralind • **www.carat.is** • sími 577 7740

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## ÚRSLIT SÖNGVAKEPPNI

**Úrslit Söngvakeppninnar 2013 fara fram í Eldborgarsal Hörpu í kvöld kl. 19.40. Sjö lög keppa um að mæta til leiks í Eurovision-söngvakeppninni sem fram fer í Malmö þann 18. maí. Þar keppa 39 lönd sem komast áfram úr undankeppni. Kynnar eru Þórhallur Gunnarsson og Guðrún Dís Emilsdóttir.**


NÁMSAÐSTOÐ
Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?
íslenska – stærðfræði – enska – danska – efnafræði - lestur
eðlisfræði – þýska – franska – spænska – stafsetning o.fl
Öll skólastig - Réttindakennarar
Nemendaþjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233



Næg bílastæði ........ Engir stöðumælar
Nýjar vörur í hverri viku

Kvarterma skokkur á 14.900 kr.
Enn er hægt að gera góð kaup á útsölunni.
Allur útsölufatnaður nú á 50% afslætti.
black pepper FASHION
Kíkið á myndir og verð á facebook
Opið virka daga kl. 11 - 18
Opið laugardaga kl. 11-16
Laugavegi 178 (Bolholtsmegin)
Sími 555 1516



STÓRÚTSALA
50-60% afsláttur
KLASSÍSK GÆÐAVARA FRÁ GERRY WEBER
TAIFUN - GARDEUR - CREENSTONE
FUCHS SCHMITT O.FL. O.FL.
ENN MEIRI AFSLÁTTUR
Sparidress - Vetrardragtir - Peysur - Blússur - Bolir
www.laxdal.is
BERNHARD LAXDAL
Laugavegi 63 • S:551 4422




**NÁTTÚRULEGT** Birna Gísladóttir, sölu- og markaðsfulltrúi hjá Icecare, með Femarelle. Efnið hefur komið mjög vel út úr rannsóknum. MYND/GVA

# SLÆR Á HITAKÓFIN OG SVEFNINN BETRI

**ICECARE KYNNIR** *Loksins er komin á markaðinn náttúruleg lausn fyrir konur á breytingaaldri. Femarelle er gert úr jurtaefnum og rannsóknir sýna að það slær á einkenni tíðahvarfa svo sem hitakóf og svefntruflanir.*

Ingibjörg Gísladóttir hefur á síðustu mánuðum tekið inn Femarelle og hefur fundið mikinn mun á sér. „Ég hef notað Femarelle og hef sannarlega merkt árangur. Það sem ég finn fyrst og fremst fyrir er að jafnvægi hefur komist á svefninn hjá mér sem þýðir að ég hvílist betur því Femarelle hefur haft þau áhrif að hitakófin hafa verið vægari. Ég mæli heilshugar með að hver kona prófi því það er allt til að vinna.“

**SLÆR Á ÓÞÆGINDI**

Ekki eru allar konur sem vilja taka inn hormónalyf heldur velja náttúrulegri leið til að koma í veg fyrir ýmsa fylgikvilla tíðahvarfa. Má þar nefna hitakóf, höfuðverk, svefntruflanir, skapsveiflur og óþægindi í liðum og vöðvum. Rannsóknir á Femarelle sýna að inntaka á efninu slær á öll þessi óþægindi á innan við mánuði frá því töflurnar eru fyrst teknar inn. Auk þess þykir sannað að Femarelle eykur beinþéttni og viðheldur þannig heilbrigði beina.

Til viðbótar við sannaða virkni hafa rannsóknir einnig sýnt fram á öryggi Femarelle. Þar sem Femarelle er jurta-SERMi (e. selective estrogen receptor modulator) hefur það áhrif á ýmsa líkamshluta, slær á einkenni breytingaskeiðsins og bætir heilsu beina án þess að hafa áhrif á brjóst eða móðurlíf. Rannsóknir hafa jafnframt sýnt að Femarelle hefur ekki áhrif á blóðstorknun.

**FEMARELLE - ÖRUGGUR KOSTUR**

Femarelle er náttúrulegt jurtaSERMi gert úr jurtaefnum. Innihald hylkjanna er: 322 mg DT56a ( tófú-kraftur) og 108 mg hörfræjaduft.

Rannsóknir sýna að Femarelle örvar estrógennema í staðbundnum vef, slær á einkenni tíðahvarfa og styrkir bein, án þess að hafa nokkur neikvæð áhrif á vef í móðurlífi eða brjóstum.

**FEMARELLE ER EKKI HORMÓN OG INNIHELDUR EKKI ÍSÓFLAVÓNÍÐA.**

Femarelle hefur verið á markaði frá árinu 2000 víða um heim, svo sem í Bandaríkjunum, Evrópu og Norðurlöndunum, og hefur slegið í gegn í Noregi.

Femarelle fæst í öllum apótekum, heilsuvöruverslunum, Hagkaupi og Fjarðarkaupum. Nánari upplýsingar á www.femarelle.com og www.icecare.is

**FEMARELLE**

Fæst í öllum apótekum, heilsuvöruverslunum, Hagkaupi og Fjarðarkaupum. Einnig má sjá upplýsingar á www.femarelle.com.





VIETNAM MARKET
ALLT FYRIR AUSTURLENSKA MATARGERÐ

387 kr.
320 kr.
699 kr.
550 kr.
Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík Sími: 534 7268
PHO VIETNAMESE
HOLLT OG GOTT
Opið:
mán - föst Kl. 11 - 21
lau - sun Kl. 12 - 21

1.350 kr
1.250 kr
1.250 kr
BJÓÐUM UPP Á HEIMSENDINGU
PHO víetnamskur veitingastaður / Ármúla 21 - 108 Reykjavík - Sími: 588 6868 - www.pho.is

## Heillandi Indland og Nepal



**Páskaferð 25. mars - 495.000***

Lúxusferð með íslenskri fararstjórn sem sameinar hinn klassíska gullna þríhyrning og ævintýralega fegurð Nepal. 16 daga ævintýri þar sem gist verður á glæsilegum hótelum í töfrandi umhverfi.

**Upplýsingar í síma 562 0737 eða á www.sunnuferdir.is**

SUNNUFERÐIR

*Á mann miðað við 2 í herbergi




# DRAKK SIG Í SVEFN

**DJAMM OG DJÚS** *Leikstjórinn Marteinn Þórsson býður nú fulltíða landsmönnum í villt partí, rússíbanareið stóðlífis og drykkjusvall í bíó.*

Það er öllum hollt að skella sér í partí með þingmanninum Leifi Sigurðarsyni; ekki síst þeim sem bera ábyrgð á þjóðfélagsmálunum. Í geiminu fá þeir hvatningu til að líta sér nær og útvíkka sjóndeildarhringinn fordómalaust,“ segir Marteinn um áhrif kvikmyndar sinnar XL á áhorfendur.

XL tekur á örlagakafla í ævi þingmanns sem er skikkaður í vímuefnameðferð. Myndin er að stórum hluta pólitísk ádeila og veltir upp hversu langt er hægt að láta hlutina ganga í óheilbrigðu samfélagi.

„Persóna Leifs er samsett úr venjulegum Íslendingi í bland við fjóra íslenska stjórnmálamenn sem eru veikir af áfengissýki og gegna valdamiklum, opinberum embættum,“ útskýrir Marteinn, sem vill ekki gefa upp nöfn ráðamannanna sem um ræðir. „Ég velti fyrir mér hvaða, og hversu margar, ákvarðanir hafa verið teknar í glasi af fyrirmennum þessa lands. Þær eru nokkuð margar enda ótal margt í samfélagi okkar sem er gegnsýrt af alkóhólisma, meðvirkni, feluleikjum og afneitun.“

**EINN FYRIR SVEFNINN**

Marteinn er sjálfur alkóhólisti en hefur ekki snert áfengi í hartnær fjögur ár.

„Ég held ég hafi fæðst alki. Fyrir mig var áfengi eins og geðlyf sem róar hugann og veitir vellíðan. Yngri hef ég líklega verið ofvirkur og með endalausar hugsanir sem ekki tókst að slökkva á. Þá var gott að fá sér einn fyrir svefninn og síðan meira til að geta sofið. Mér óx enda mest í augum að takast á við svefnleysi ef ég hætti drykkju og drakk mig í frekar svefn en að bryðja svefntöflur,“ segir Marteinn og brosir.

Marteinn er fæddur í Reykjavík en ólst upp að mestu í Mosfellsbæ. Hann fékk ungur myndavéladellu og segist vera bókasafns- og kvikmyndanörd.

„Afi og mamma unnu bæði í Hafnarbíói þar sem ég sat löngum og horfði á bíómyndir. Eftir stúdentspróf hélt ég til náms í kvikmyndagerð í Toronto,“ útskýrir Marteinn, sem er eini Íslendingurinn sem hefur átt mynd í fullri lengd í aðalkeppni Sundance-kvikmyndahátíðar stórleikarans Roberts Redford.

„Ég byrjaði í Hollywood og vann mig upp til Íslands, öfugt við Baltasar,“ segir Marteinn og vísar til kvikmyndarinnar One Point O sem var framleidd í Hollywood og kom honum á heimslista Variety yfir tíu bestu leikstjórana sem vert væri að fylgjast með árið 2004.

„Hugmyndin að XL kviknaði þegar ég leikstýrði Roklandi og leikarana Ólaf Darra og Elmu Lísu langaði gera mynd eða leikrit um alkóhólista. Ég lét hugmyndina marinerast um hríð og upphafið af XL varð stuttmyndin Promil, sem fór á margar kvikmyndahátíðir og fékk fína dóma,“ útskýrir Marteinn sem í framhaldinu þótti gráupplagt að gera kvikmynd í fullri lengd um persónulega reynslu sína sem alki í bland við reynslu og sögur annarra.

**NÖTURLEGT STÓÐLÍFI**

„XL er meira og minna öll séð frá sjónhorni fulla karlsins. Í henni býð ég áhorfendum í villt partí og fyllerí án þess að þurfi að toga tappa úr flösku. Sumir finna á sér yfir myndinni á meðan öðrum, með siðferðiskenndina í lagi, blöskrar það sem fyrir augu ber,“ segir Marteinn um XL, sem er stranglega bönnuð innan sextán ára.

„Partí nú til dags minna á Rómarveldi til forna. Allt sem sést í myndinni hef ég lent í sjálfur eða veit að hefur gerst. Partíið er dæmigert fyrir þá sem lifa og hrærast í áfengi og vímuefnum. Í þeim verður niðurbrot siðferðis allsráðandi og það á ekki bara við um fylleríið sjálft heldur líka daginn eftir þegar þingmaðurinn samþykkir lög sem hann veit að eru ekki góð fyrir fólkið í landinu.“

Marteinn segir XL taka á erfiðum hlutum en þó ekki dvelja við þá enda sé myndin á stöðugri hreyfingu áfram. „Sumir gætu viljað upplifa svallveislur eftir að hafa séð myndina en langflesta ekki. Ég vildi alls ekki búa til glansmynd af stóðlífi eða hvetja til ólifnaðar heldur gera nöturlega og kröftuga mynd sem lifir lengi í manna minnum, skapar umræður og fær fólk til að hugsa. Það er heldur ekkert gaman að stóðlífi til lengdar og til heilu heimspekiritin um meðfylgjandi niðurbrot á siðferði og sálarlífi þess sem það stundar,“ segir Marteinn og saknar þess ekki að sækja villt partí alkanna.

„Mér finnst gaman að vera innan um fólk, bjóða í matarboð og fara í veislur en á endaferli alkans kaus ég að einangra okkur flöskuna á kojufylleríi. Partíin urðu beinlínis leiðinleg.“

■ thordis@365.is

**LÍFSREYNDUR** „Skemmtilegast fyrir alka er náttúrlega að drekka, finna á sér og að allt verði gott. Það er það eina sem alkinn sækist eftir. Verst er svo baráttan við Bakkus, þegar ekki er hægt að stoppa og allt verður vont,“ segir Marteinn um líf alkóhólistans. Hann ætlar að vinna í húsi fjölskyldunnar í Hveragerði um helgina, en hún flutti þangað fyrir nýliðin jól. MYND/VALLI



## SVALL Í BÍÓ

„Í XL býð ég áhorfendum í villt partí og fyllerí án þess að þurfi að toga tappa úr flösku. Sumir finna á sér yfir myndinni á meðan öðrum, með siðferðiskenndina í lagi, blöskrar það sem fyrir augu ber.“


**AQUACLEAN ÁKLÆÐI KYNNINGARAFSLÁTTUR**

AquaClean áklæði er sérstaklega auðvelt að hreinsa aðeins með vatni!



Vín

Torino

Mósel

**TILBOÐSVÖRUR Á FRÁBÆRU VERÐI**

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR af völdum vörum og sýningareintökum



Borðstofustólar frá 4.900 kr

Heilsukoddar 2.900 kr

| | |
|---|---|
| Borðstofuborð 40.000 | Fjarstýringavasar 2.500 |
| Höfðagaflar 5.000 | Hægindastólar 99.000 |
| Sjónvarpsskápar 25.000 | Tungusófar 75.400 |
| Rúm 153cm 157.000 | Hornsófar 119.450 |
| Púðar 2.900 | Sófasett 99.900 |

Patti HÚSGÖGN

Verslun okkar er opin:
Virka daga kl. 9-18
Laugardaga kl.11-16
Sunnudaga lokað

Patti verslun | Dugguvogi 2, 104 Reykjavík | Sími: 557 9510 | Netfang: patti@patti.is | vefsíða: patti.is





**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**


íslensk hönnun
LAGERSALA
laugardag & sunnudag
allt að -70%
Stærðir
70x100
100x140
Barnarúmföt - margar gerðir
Verð frá 2.990 kr
allt að 80% afsláttur
Ath takmarkað magn
Sýnishorn með miklum afslætti
55% afsláttur
Stærð 140x200, koddaver 50x70
Nú 6.741 kr (áður 14.980 kr)
Damask ofin rúmföt
Það verður ekki mýkra!
Hótel rúmföt - 360 þráða Pima bómull
Sængurföt
handklæði
púðar
Takmarkað magn
Sýnishorn - allt að 80% afslátttur
Mikið úrval af stærri rúmfötum
Stærðir; 140x220, 200x200, 220x220
Verð frá 2.990 kr
Allt að 80% afsláttur
Rúmföt - stærri stærðir
Sérofin hágæðabómull
Einstök mýkt
Handklæði 40-50% afsláttur
Baðhandklæði frá 1.665 kr
Rúmföt
dúkar, púðar
handklæði
og margt meira
50-80% afsláttur
Púðar - margar gerðir
390 kr - 2.495 kr
Aðeins
þessa 2 daga
Takmarkað magn & stærðir
-40%
Bómullarlök - 40% afsláttur
Ofið úr 100% Pima bómull
Einstök mýkt & gæði
Stærðir
150x250
150x300
145x145
Straufrítt efni
Dúkar frá 990 kr
Dúkar allt að 70% afsláttur
Margar gerðir og stærðir
Allt að 80% afsláttur
Opið laugardag & sunnudag 11-16
Lín DESIGN
Lagersala Lín Design Laugavegi 178 www.lindesign.is





**SÝNING**

***Sýningin Þrælkun, þroski, þrá? verður í Listasetrinu Kirkjuhvoli út febrúar.***

**Í ERFIÐISVINNU** Á sýningunni er að finna fjölda mynda af drengjum í erfiðisvinnu á fyrri hluta 20. aldar. MYNDIR/LJÓSMYNDASAFN ÍSLANDS, ÞJÓÐMINJASAFN

# SPINNUR SÖGUR AF STÚLKUM

**LJÓSMYNDASÝNING** *Farandsýningin Þrælkun, þroski, þrá? verður opnuð í Listasetrinu Kirkjuhvoli í dag. Þar gefur að líta ljósmyndir af börnum við vinnu. Sagnaþulan Ragnheiður Þóra Grímsdóttir leiðir gesti um sýninguna og spinnur upp sögur.*

Þetta er hreint frábær sýning og þarna eru stórkostlegar myndir af drengjum í mikilli erfiðisvinnu," segir Ragnheiður Þóra Grímsdóttir sem í dag leiðir gesti um farandsýninguna Þrælkun, þroski, þrá? sem opnar í Listasetrinu Kirkjuhvoli á Akranesi í dag. Sýningin var fyrst opnuð í Þjóðminjasafni Íslands 2009 og fjallar um börn við vinnu. Myndirnar kveikja umhugsun um vinnu barna, aðbúnað þeirra og vinnuskilyrði á fyrri hluta 20. aldar.

**STÚLKUR ÞRÆLUÐU LÍKA**

Ragnheiður er afar hrifin af sýningunni en eitt þótti henni þó vanta. „Ég saknaði þess að sjá ekki fleiri myndir af stúlkum því þær þurftu ekki síður að þræla en drengirnir. Við eina eða tvær myndir stendur textinn „börn við fiskvinnslu" og þá glittir í nokkrar stúlkur," segir Ragnheiður og ætlar að bæta aðeins hlut stúlknanna í dag. „Ég ætla að leiða gesti um sýninguna og inn á milli myndanna ætla ég að spinna upp sögur af stúlkum og búa til myndir af þeim í huganum," lýsir hún og tekur dæmi: „Ég myndi segja fólki að ímynda sér hana Guðrúnu sem stendur við lækinn með tvær fötur, sína í hvorri hendinni. Hún er nýbúin að brjóta vök í ísinn, hendurnar berar og greinilega vanar kuldanum. Samt er hún brosandi eins og drengirnir á hinum myndunum." Þannig ætlar Ragnheiður að taka stuttar og litlar myndir af stúlkum við hin ýmsu störf. Við mjaltir, barnapössun og að draga klæðin af körlunum.

**VINNUR VIÐ AÐ SEGJA SÖGUR**

Ragnheiður er sérkennari á Akranesi og sagnaþula. „Ég leyfi mér að kalla mig sagnaþulu því ég held að ég sé eini kennarinn á landinu sem fær greitt tvo tíma á viku fyrir að segja sögur í öllum bekkjum í grunnskóla," upplýsir hún og tekur fram að slíkt sé algengt víða erlendis. „Skólastjórinn minn er svo framsýnn og keypti það hjá mér að ég fengi að fara í alla bekki. Nú fer ég reglulega í bekki og það eru ekki síður unglingarnir sem sækjast eftir því að ég komi og segi þeim sögur," segir Ragnheiður en sögurnar eru af öllum toga. „Þetta eru allt frá þjóðsögum til gamansagna þar sem ég set sjálfa mig inn í einhverjar vandræðalegar aðstæður."

Ragnheiður hefur haft áhuga á sagnalistinni frá unga aldri. „Ég man eftir mér ungri að segja sögur og hafði alltaf gaman af að hlusta á sögur," segir hún.

■ solveig@365.is



**SAGNAÞULA** Ragnheiður Þóra Grímsdóttir elskar að segja sögur.


NORÐURKRILL

NORÐURKRILL er eitt hreinasta og öflugasta form af OMEGA 3-fitusýrum. Unnið úr botnsjávardýrinu krill sem er veitt við ómengað Suðurskautið.

Aðeins þarf 1-2 hylki á dag til að mæta dagsþörfinni og það er ekkert eftirbragð, uppþemba eða magaólga sem oft fylgir inntöku á fiski- og jurtaolíum.





Hressari á morgnana!

„Í heilsueflingu minni sem hófst í ágúst 2011 hef ég notað Norðurkrill omega 3 gjafa og ég fann mjög fljótt mikinn mun á mér.

Ég hafði lengi átt við skammdegisþunglyndi að stríða, var kraftlaus, síþreyttur og fann til í liðamótum. Eftir að ég byrjaði að taka inn Norðurkrill er miklu auðveldara að vakna á morgnana, liðverkir eru horfnir, lundin er léttari og ég finn gríðarlegan mun á heilsunni.

Þetta var eins og punkturinn yfir i-ið og ég ætla klárlega að halda áfram að nota Norðurkrill í minni heilsueflingu.

Ég verð 40 ára á árinu og hef sjaldan verið í jafngóðu andlegu og líkamlegu formi."

Björn Ólason

Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is

PRENTUN.IS

Fæst flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna.



SAFT

Alþjóðlegi netöryggisdagurinn

5. febrúar 2013

RÉTTINDI OG ÁBYRGÐ Á NETINU

Alþjóðlegi netöryggisdagurinn verður haldinn hátíðlegur í tíunda sinn þann **5. febrúar nk.** undir yfirskriftinni *„Réttindi og ábyrgð á netinu".* Í tilefni dagsins stendur SAFT fyrir málþingi í **Skriðu, aðalbyggingu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands v/Stakkahlíð, kl. 13.00-16.00.**

**Ekkert þátttökugjald.**

Sjá nánar á www.saft.is



Vissir þú að... börn eiga rétt á vernd gegn ofbeldi?

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# Spennandi tækifæri fyrir nýútskrifaðan verkfræðing, viðskiptafræðing eða hagfræðing

Öflugt fasteignafélag óskar eftir að ráða aðstoðarmann í fjárfestingateymi félagsins.

**Starfssvið**
- Þátttaka í gagnaöflun, úrvinnslu, greiningu og mati á fjárfestingatækifærum í fasteignageiranum
- Vinna með líkön vegna áætlana- og tilboðsgerða
- Þátttaka í gerð kostnaðar- og rekstraráætlana
- Eftirfylgni og umsjón með fjárfestingaverkefnum

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Meistaragráða í verkfræði, hagfræði eða viðskiptafræði skilyrði
- Mjög góð tölvukunnátta, s.s. í Excel
- Mikið frumkvæði
- Góðir samskiptahæfileikar
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

## Upplýsingar veita:

Sverrir Briem
sverrir@hagvangur.is

Elísabet Sverrisdóttir
elisabet@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 10. febrúar nk.**

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

ÞJÓÐKIRKJAN

Þjóðkirkjan vill þróa starfshætti og vinnubrögð á vettvangi safnaða sinna og stofnana sem geri henni kleift að sækja fram með fagnaðarerindið og smíða brýr milli fólks og menningarheima í fjölþættu samfélagi nútímans. Biskupsstofa vill örva rannsóknir á kirkju, trú og lífsskoðunum í samtímanum, stöðu og hlutverki kirkjunnar, og stuðla að þróun kirkjustarfs og þjónustu. Starfsmannastefnu Þjóðkirkjunnar má lesa á **kirkjan.is**.

# Verkefnastjóri

Biskupsstofa óskar að ráða verkefnastjóra á fasteignasviði. Starfið felst í yfirumsjón með verklegum framkvæmdum við fasteignir kirkjumálasjóðs, skipulagsmálum og ráðgjöf. Starfinu fylgja ferðalög innanlands. Næsti yfirmaður er sviðsstjóri fasteignasviðs.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- Yfirumsjón með verkefnum er lúta að framkvæmdum og viðhaldi á fasteignum
- Áætlanagerð og kostnaðareftirlit vegna framkvæmda og viðhalds
- Upplýsingagjöf, ráðgjöf og samskipti við stjórnvöld, hönnuði og verktaka
- Innkaup og ráðning iðnaðarmanna/verktaka
- Úttektir á fasteignum við prestaskipti
- Ráðgjöf og leiðbeiningar til sókna og umráðamanna kirkna um verklegar framkvæmdir

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Viðeigandi menntun sem nýtist í starfinu s.s. arkitektúr, verk- eða tæknifræði
- Góð þekking og reynsla í áætlana- og tilboðsgerð
- Reynsla af eftirliti með verklegum framkvæmdum
- Framúrskarandi samskiptafærni
- Sveigjanleiki, staðfesta og mikil þjónustulund
- Áhugi á starfi og hlutverki kirkjunnar æskilegur

Einstaklingar af báðum kynjum eru hvattir til að sækja um starfið. Umsókn um starfið þarf að fylgja kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur veittur fyrir hæfi viðkomandi í starfið. Starfskjör eru í samræmi við kjarasamninga ríkisins við viðkomandi stéttarfélag. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

## Upplýsingar veita:

Katrín S. Óladóttir
katrin@hagvangur.is

Elísabet Sverrisdóttir
elisabet@havangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 18. febrúar nk.**

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. maí nk.

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

ÞJÓÐKIRKJAN

Þjóðkirkjan vill þróa starfshætti og vinnubrögð á vettvangi safnaða sinna og stofnana sem geri henni kleift að sækja fram með fagnaðarerindið og smíða brýr milli fólks og menningarheima í fjölþættu samfélagi nútímans. Biskupsstofa vill örva rannsóknir á kirkju, trú og lífsskoðunum í samtímanum, stöðu og hlutverki kirkjunnar, og stuðla að þróun kirkjustarfs og þjónustu. Starfsmannastefnu Þjóðkirkjunnar má lesa á **kirkjan.is**.

# Mannauðs- og skrifstofustjóri biskups Íslands

Biskup Íslands óskar að ráða mannauðs- og skrifstofustjóra. Starfið heyrir undir embætti biskups Íslands. Hjá embættinu starfa 127 prestar um land allt og 30 starfsmenn á Biskupsstofu. Um fjölbreytt og krefjandi starf er að ræða.

**Starfs- og ábyrgðarsvið**
- Umsjón með starfsmannahaldi
- Daglegur rekstur skrifstofu biskups
- Yfirumsjón með launagreiðslum presta og annarra starfsmanna
- Skipulagning verkefna í samráði við biskup
- Samskipti við stofnanir og ráðuneyti
- Þátttaka í undirbúningi kirkjuþings í samráði við kirkjuráð og forseta kirkjuþings
- Seta í nefndum og ráðum eftir nánari ákvörðun biskups

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun á sviði lögfræði, mannauðsstjórnunar eða sambærileg háskólamenntun
- Reynsla af stjórnun og mannauðsmálum er skilyrði
- Góð þekking og kunnátta í framkvæmd stjórnsýslulaga og öðrum lögum er varða opinberan rekstur
- Færni í mannlegum samskiptum, skipulagshæfni og samviskusemi, þjónustuvilji og sveigjanleiki
- Góð og traust framkoma
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Þekking og áhugi á starfi og hlutverki kirkjunnar æskilegur

Einstaklingar af báðum kynjum eru hvattir til að sækja um starfið. Umsókn um starfið þarf að fylgja kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur veittur fyrir hæfi viðkomandi í starfið. Starfskjör eru í samræmi við kjarasamninga ríkisins við viðkomandi stéttarfélag. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

## Upplýsingar veita:

Katrín S. Óladóttir
katrin@hagvangur.is

Elísabet Sverrisdóttir
elisabet@havangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 18. febrúar nk.**

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf 1. maí nk.

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Sérfræðingur | Innanríkisráðuneyti | Reykjavík | 201302/011 |
| Hjúkrunarfr., hjúkrunarfræðinemar | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Selfoss | 201302/010 |
| Eftirlitsdýralæknir | Matvælastofnun | Akureyri | 201302/009 |
| Sérgreinadýralæknir lyfjamála | Matvælastofnun | Selfoss | 201302/008 |
| Sérgreinadýralæknir gæludýra | Matvælastofnun | Selfoss | 201302/007 |
| Sjúkraþjálfari | Sjúkrahúsið á Akureyri | Akureyri | 201302/006 |
| Sérfræðilæknir | LSH, þvagfæraskurðlækningar | Reykjavík | 201302/005 |
| Aðst.læknar, afleysingast. læknan. | LSH, lyflækningasvið | Reykjavík | 201302/004 |
| Deildarlæknar í starfsnámi | LSH, aðstoðarlæknar lyflækninga | Reykjavík | 201302/003 |
| Sérfr. á fjárhagssviði, bakvinnsla | Seðlabanki Íslands | Reykjavík | 201302/002 |
| Sérfr. á sviði fjármálastöðugleika | Seðlabanki Íslands | Reykjavík | 201302/001 |
| Afleysingalæknir | Heilbrigðisstofnun Þingeyinga | Þórshöfn | 201301/102 |
| Afleysingalæknar | Heilbrigðisstofnun Þingeyinga | Húsavík | 201301/101 |
| Bókari | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja | Reykjanesbær | 201301/100 |
| Vélamaður | Vegagerðin | Höfn | 201301/099 |
| Dómarar | Héraðsdómur Reykjavíkur | Reykjavík | 201301/098 |
| Sjúkraflutningamenn | Heilbrigðisstofnun Suðurlands | Hvolsvöllur | 201301/097 |
| Skrifstofumaður | LSH, stjórn skurðlækningasviðs | Reykjavík | 201301/096 |
| Sérfræðingur | Vatnajökulsþjóðgarður | Höfn | 201301/095 |
| Mannauðsstjóri | Vinnumálastofnun | Reykjavík | 201301/094 |

ALÞINGI

**Skrifstofa Alþingis auglýsir eftir ritara þingmanna, sérfræðingi í fullt starf.**

*Sjá nánari upplýsingar á starfatorg.is.*

ALÞINGI

## Starfsmaður í ræstingu

Skrifstofa Alþingis auglýsir eftir starfsmanni í ræstingu í fullt starf.
Sjá nánari upplýsingar á starfatorg.is.

# VILT ÞÚ AUKA ÁRANGUR ANNARRA?

// VIÐ LEITUM AÐ KRÖFTUGU FÓLKI SEM Á ÞAÐ SAMEIGINLEGT AÐ VILJA AUKA ÁRANGUR ANNARRA

## // VIÐSKIPTASTJÓRI

**Dale Carnegie leitar að kraftmiklum og jákvæðum viðskiptastjóra til starfa.**
Viðkomandi þarf að vera sveigjanlegur, hafa frumkvæði og geta unnið sjálfstætt.

**Helstu verkefni:**
– Öflun nýrra viðskipta
– Sala og ráðgjöf til núverandi viðskiptavina
– Samvinna við bakvinnslu
– Samskipti við Dale Carnegie & Associates

**Hæfniskröfur:**
– Reynsla af viðskiptastjórnun og sölu til fyrirtækja æskileg
– Framhaldsmenntun
– Hæfni til tjáningar í ræðu og riti
– Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
– Góðir samskiptahæfileikar
– Kunnátta í Microsoft Office og CRM
– Gott vald á íslensku og ensku

## // MARKAÐSMAÐUR

**Við leitum að skapandi einstaklingi sem vill koma í 50% markaðsstarf í lifandi umhverfi.**
Viðkomandi þarf að hafa góða samskiptahæfileika og hafa brennandi áhuga á markaðsmálum.

**Helstu verkefni:**
– Viðhalda og styrkja ímynd Dale Carnegie á Íslandi
– Umsjón með samfélagsmiðlum
– Útgáfa á rafrænu fréttabréfi
– Umsjón með atburðum
– Gerð kynningarefnis
– Samskipti við auglýsingastofu
– Umsjón með vefsíðu
– Þróun á CRM kerfi
– Samvinna við markaðsdeild Dale Carnegie & Associates

**Hæfniskröfur:**
– Framhaldsmenntun á sviði markaðsmála
– Gott vald á ensku og íslensku
– Góð tölvukunnátta og skilningur á samfélagsmiðlum
– Skapandi hugsun

## // ÞJÁLFARAR

**Við leitum að þjálfurum fyrir opin námskeið sem og sérsniðna þjálfun í fyrirtækjum.**
Þjálfari þarf að hafa einlægan áhuga á því að miðla reynslu og þekkingu og hafa áhuga á velgengni annarra.

**Helstu verkefni:**
– Þjálfun á fyrirtækjamarkaði
– Þjálfun á fullorðnum einstaklingum
– Samskipti við Dale Carnegie & Associates

**Hæfniskröfur:**
– Hafa reynslu úr atvinnulífinu og geta sýnt fram á árangur
– Þekkja vel áskoranir starfsfólks og stjórnenda
– Vera til fyrirmyndar í tjáningu og samskiptum
– Hafa áhuga og metnað til að verða fyrsta flokks Dale Carnegie þjálfari
– Farið er fram á framhaldsmenntun

Umsjón með ráðningum hefur Jón Jósafat Björnsson, framkvæmdastjóri Dale Carnegie.
Umsækjendur eru beðnir að senda umsóknir sínar á netfangið josafat@dale.is í subject: Starfsumsókn.
Óskað er eftir ferilskrá og kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi í starfið. Umsóknarfrestur er til 11. febrúar 2013.

Þeir sem verða fyrir valinu hljóta ítarlega starfsþjálfun hjá Dale Carnegie & Associates og eiga kost á mikilli þróun í starfi.

// Dale Carnegie er 100 ára alþjóðlegt fyrirtæki sem starfar í 86 löndum. Markmið Dale Carnegie er að auka hæfni fólks og bæta árangur. Alls hafa 20.000 Íslendingar hlotið þjálfun bæði á eigin vegum og á vegum fyrirtækja. Í dag starfa um 20 manns hjá fyrirtækinu.

DALE CARNEGIE©
ÞJÁLFUN

www.dale.is

Capacent Ráðningar

# SÉRFRÆÐINGUR Í ÁHÆTTUSTÝRINGU

Reykjavíkurborg er skapandi og metnaðarfullur vinnustaður með hátt í átta þúsund starfsmenn. Verkefnin eru fjölbreytt og snerta daglegt líf borgarbúa með margvíslegum hætti.

**Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar óskar eftir að ráða sérfræðing í áhættustýringu. Viðkomandi mun taka ríkan þátt í að móta áhættustýringu borgarinnar í fjölbreyttu og krefjandi starfsumhverfi. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.**

**Ábyrgðarsvið:**

- Þróun aðferðafræði við áhættugreiningar
- Gerð og þróun líkana
- Greining og eftirlit með fjármálalegri áhættu Reykjavíkurborgar
- Upplýsinga- og skýrslugjöf

**Um laun og starfskjör fer samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við hlutaðeigandi stéttarfélög.**
**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Þekking og haldgóð reynsla af líkanasmíði
- Staðgóð þekking á stærðfræði
- Greiningarhæfni
- Reynsla af áhættustýringu æskileg
- Frumkvæði og metnaður
- Samskiptahæfni
- Hæfni til að miðla upplýsingum í ræðu og riti

Umsjón með ráðningunni hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Erik Christianson Chaillot (erik.chaillot@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 18. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# SPENNANDI TÆKIFÆRI

Tölvumiðlun er eitt elsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins, stofnað árið 1985, þar starfar samhentur hópur sérfræðinga, sem þjónustar mörg hundruð ánægða notendur H3 launa- og mannauðslausnarinnar, SFS fjárhagskerfisins auk annarra hugbúnaðarkerfa.

**Tölvumiðlun, traust og vaxandi hugbúnaðarhús, óskar eftir að ráða metnaðarfullan ráðgjafa á sviði mannauðsmála og hugbúnaðarsérfræðing til starfa. Í boði eru spennandi störf á fjölskylduvænum vinnustað.**

## RÁÐGJAFI Á SVIÐI MANNAUÐSMÁLA

**Starfið felst í** ráðgjöf, innleiðingum og kennslu á H3 mannauðslausnum Tölvumiðlunar sem hafa mikla útbreiðslu meðal fyrirtækja hérlendis.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun skilyrði, á sviði mannauðsmála æskileg
- Sérþekking og reynsla á sviði mannauðsmála
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Skilningur á rekstri fyrirtækja

## HUGBÚNAÐARSÉRFRÆÐINGUR

**Starfið felst í** hugbúnaðarþróun í samhentu Scrum liði við þróun á hugbúnaðarlausnum Tölvumiðlunar ásamt sérverkefnum fyrir hina ýmsu viðskiptavini fyrirtækisins.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði
- Reynsla af hugbúnaðarþróun
- Metnaður fyrir góðum lausnum
- Þekking/reynsla á Microsoft þróunartólum

**Lykileiginleikar viðkomandi sérfræðinga eru:** sjálfstæði í vinnubrögðum, sköpunargáfa og frumleiki í hugsun, skipulagshæfileikar, hæfni til að vinna í hópi, metnaður til að uppfylla þarfir og væntingar viðskiptavina og hæfileikinn til að fylgja verklagsreglum.

Umsjón með störfunum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Silja Jóhannesdóttir (silja.johannesdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 10. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**.
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS



capacent

HEILSUGÆSLAN

Hlutverk Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er að veita íbúum höfuðborgarsvæðisins aðgengilega, samfellda og alhliða heilsugæsluþjónustu. Þjónustan grundvallast á sérþekkingu á sviði heimilislækninga, hjúkrunar og heilsuverndar og byggir á víðtæku þverfaglegu samstarfi. Hún samanstendur af fimmtán heilsugæslustöðvum í Reykjavík, Seltjarnarnesi, Mosfellsumdæmi, Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði, Þróunarstofu heilsugæslunnar, Þroska- og hegðunarstöð, Göngudeild sóttvarna, Geðheilsu-eftirfylgd/iðjuþjálfun og stjórnsýslu Heilsugæslunnar. Hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins starfa um 550 manns.

## Framkvæmdastjóri Þróunarsviðs Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

**Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýstir laust til umsóknar starf framkvæmdastjóra þróunarsviðs. Framkvæmdastjóri þróunarsviðs situr í framkvæmdastjórn Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og er hlutverk hans að hafa forystu um þróun og nýjungar í starfsemi stofnunarinnar og heilsugæslu almennt. Starfshlutfall er 100% og er skipað í stöðuna frá 1. mars 2013, til 5 ára.**

**Helstu viðfangsefni:**
- Þróun og nýjungar í heilsugæslu
- Gæða- og öryggismál
- Vísindarannsóknir og samstarf við stofnanir
- Þróun verkferla og klínískra leiðbeininga
- Þróun og innleiðing árangursmælinga og -mats
- Úrvinnsla staðtalna og upplýsinga
- Starfsþjálfun, fræðslumál og kennsla
- Fagleg leiðsögn um ýmis viðfangsefni innan sviðsins

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á sviði heilbrigðismála. Framhaldsmenntun skilyrði
- Umtalsverð starfsreynsla á sviði heilbrigðisþjónustu og haldgóð reynsla af þróunarstarfi, breytingastjórnun eða vísindastarfi
- Þekking, reynsla og hæfni á sviði stjórnunar
- Reynsla af forystu í þróunarverkefnum.

**Færni og aðrir eiginleikar:**
- Áhugi og hæfni til að leiða þverfaglegan hóp heilbrigðis starfsmanna
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum.
- Leiðtogahæfni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Frumkvæði og geta til að starfa sjálfstætt
- Góð hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

**Valnefnd mun fara yfir umsóknir og meta menntun, reynslu og hæfni umsækjenda.**

Nánari upplýsingar um starfið veitir Svanhvít Jakobsdóttir, forstjóri í síma 585 1300 eða netfangi: svanhvit.jakobsdottir@heilsugaeslan.is.

Umsóknir sendist til Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík, **fyrir 11. febrúar 2013.** Umsóknum um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og fram kemur rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Hægt er að sækja um starfið á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, **www.heilsugaeslan.is**

**Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins**
**www.heilsugaeslan.is**
**Álfabakka 16**
**109 Reykjavík**




# Sumarstörf 2013

**Við leitum að jákvæðum og metnaðarfullum einstaklingum í fjölbreytt og skemmtileg störf í alþjóðlegu starfsumhverfi á Keflavíkurflugvelli. Um er að ræða hluta- og heilsdagsstörf þar sem unnið er á vöktum. Umsækjendur þurfa í sumum tilfellum að sækja undirbúningsnámskeið áður en til starfa kemur.**

Mikilvægt er að umsækjendur búi yfir færni í mannlegum samskiptum, hafi ríka þjónustulund, séu stundvísir og agaðir í starfi en jafnframt sveigjanlegir. Reynsla á sviði flugafgreiðslu er kostur.

**Sótt er um störfin rafrænt á airportassociates.com.**

**Umsóknarfrestur er til 11. febrúar 2013.**
**Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar.**

DAGSVERK / 0213 / APA




Starfsemi Airport Associates tekur til allrar þjónustu við farþega- og fraktflugvélar svo sem hleðslu flugvéla sem og annarar þjónustu á flughlaði, farþegainnritunar, hleðslueftirlits og alls þess er lítur að flugvélaafgreiðslu. Meðal viðskiptavina okkar eru:

British Airways, Cargolux, Delta Airlines, UPS, Air Berlin, Germanwings, Bluebird Cargo, Fly Niki, First Choice Airways, WOW air, Primera Air, easyJet, Norwegian, Baseops Europe, Avcon, Transavia, Corendon, MNG Airlines, Volga Dnepr, Airbridge, ABX air og fleiri félög.

## Eftirtalin störf eru í boði:

### Farþega- og farangursþjónusta
Í starfinu felst m.a. innritun, byrðing og ýmis þjónusta við farþega. Tölvukunnátta, góð tungumálakunnátta og stúdentspróf eða sambærileg menntun æskileg. Lágmarksaldur 20 ár.

### Flugvélaþrif
Ökuréttindi, enskukunnátta. Lágmarksaldur 18 ár.

### Fraktþjónusta
Ökuréttindi, tölvukunnátta,enskukunnátta, vinnuvélaréttindi æskileg. Lágmarksaldur 19 ár

### Hlaðdeild
Ökuréttindi, enskukunnátta, vinnuvélaréttindi æskileg. Lágmarksaldur 19 ár.

### Hleðslueftirlit
Í starfinu felst m.a. gerð hleðsluskráa, þjónusta við áhafnir og samræming gagna frá öðrum deildum. Tölvukunnátta, góð enskukunnátta, stúdentspróf eða sambærileg menntun. Lágmarksaldur 20 ár.

Airport Associates
*-at your service!*

AÐFÖNG

## Starfsfólk í vöruhús

Aðföng óskar eftir starfsmönnum **á lyftara, í tiltekt og afgreiðslu í vöruhúsi.** Starfsemi fyrirtækisins felst í innkaupum, birgðahaldi og dreifingu fyrir matvöruverslanir Bónus og Hagkaups.
Leitað er eftir duglegu og áreiðanlegu starfsfólki eldra en 20 ára í framtíðarstörf hjá fyrirtækinu. Helgarvinna kemur einnig til greina. Lyftararéttindi kostur.
Hægt er að sækja um störfin á heimasíðu Aðfanga, **www.adfong.is**.
Jósep Matthías veitir nánari upplýsingar í s. 693-5636.

Reykjavíkurborg
Skrifstofa þjónustu og reksturs

## Starfsmaður í skjaladeild

**Skrifstofa þjónustu og reksturs hjá Reykjavíkurborg auglýsir eftir starfsmanni í skjaladeild. Um er að ræða fullt starf.**

**Helstu verkefni:**
- Ýmis sérfræðistörf á sviði skjalastjórnunar ásamt daglegum störfum skjaladeildar s.s. skráningu og frágangi gagna. Þátttaka í áætlanagerð, ráðgjöf og fræðslu.

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun í bókasafns- og upplýsinga fræðum eða sambærileg menntun
- Starfsreynsla á sviði skjalastjórnunar æskileg
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Ritfærni og nákvæmni í vinnubrögðum
- Góð kunnátta í ensku og einu Norðurlandamáli
- Þekking á GoPro og Fotostation hugbúnaði er kostur

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.

Umsækjendur eru vinsamlegast beiðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf.

**Umsóknarfrestur er til 15. febrúar nk.**

Nánari upplýsingar veitir Halla María Árnadóttir deildarstjóri skjaladeildar í síma 411 4040/411 1181 - netfang: halla.maria.arnadottir@reykjavik.is.

## ÖRYGGISVÖRÐUR
## SECURITY GUARD

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu öryggisvarðar lausa til umsóknar.
**Umsóknarfrestur er til og með 8. febrúar 2013.**
Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Security Guard. The closing date for this position is **February 8, 2013.** Application forms and further information can be found on the Embassy's home page: http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html
Please send your application and resumé to : reykjavikvacancy@state.gov

## Upplýsingatækni - mikil tækifæri

Vantar á skrá háskólamenntaða forritara, gagnagrunnsforritara, Linux og Unix sérfræðinga o.fl. Margvísleg tækifæri í boði í ólíkum atvinnugreinum.
Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

Sjá nánari upplýsingar á www.intellecta.is

intellecta
ráðgjöf ▪ ráðningar ▪ rannsóknir

Síðumúla 5 ▪ 108 Reykjavík ▪ sími 511 1225 ▪ www.intellecta.is






# ERT ÞÚ PHP SNILLINGUR?

Tal óskar eftir að ráða hugmyndaríkan, árangursdrifinn og ábyrgan aðila til að sinna starfi forritara á verkefna- og tæknisviði fyrirtækisins. Starfið felur í sér vinnu við uppbyggingu, nýsköpun og viðhald kerfa. Í boði er fyrirmyndar vinnustaður með frábærum starfsanda. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.

**Hæfniskröfur:**
- Þekking og góð reynsla af PHP forritun
- Góð þekking á SQL gagnagrunnum
- Óþrjótandi tækniáhugi
- Geta til að vinna sjálfstætt og í hópi
- Jákvæðni og vilji til að læra nýja hluti
- Kostur að viðkomandi hafi haldgóða þekkingu á HTML, CSS og JavaScript

Nánari upplýsingar um starfið gefur **Steinar Karl Kristjánsson** – forstöðumaður verkefna- og tæknisviðs Tals **steinar@tal.is**

Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á **www.tal.is/atvinna**

**Umsóknarfrestur er til og með 12.02 2013**



# Leiðsögumaður óskast

Skógasafn auglýsir eftir safnleiðsögumanni. Starfið felst í leiðsögn erlendra ferðamannahópa um safnið og almennum skrifstofu- og safnstörfum utan háannatímans.

Um er að ræða fjölbreytt og spennandi starf á góðum vinnustað. Skógasafn, sem er með stærstu söfnum landsins, er fjölsótt byggða- og tækniminjasafn í fallegu umhverfi. Árið 2012 voru safngestir 52 þúsund.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf/leiðsögumannspróf eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Góð kunnátta í ensku, þýsku og einu Norðurlandamáli. Kunnátta í frönsku æskileg
- Góð íslenskukunnátta og tölvufærni
- Þekking og áhugi á íslenskum þjóðháttum og sögu
- Færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð

Um er að ræða framtíðarstarf. Samkeppnishæf laun í boði og húsnæði á góðum kjörum fylgir starfinu. Umsækjandi þarf að geta hafið störf um miðjan apríl n.k.

SKÓGASAFN
Skógar Museum

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sverrir Magnússon, framkvæmdastjóri Skógasafns í síma 487 8845 á skrifstofutíma.
Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsferil sendist fyrir **18.febrúar nk.** á netfangið skogasafn@skogasafn.is



SPOEX

## Samtök psoriasis og exemsjúklinga leita að skrifstofustjóra í 50% starf

**Helstu verkefni**
- Símsvörun og móttaka
- Halda utan um félagaskrá
- Sjá um og uppfæra heimasíðuna
- Sjá um fréttablaðið og auglýsingaöflun
- Tengiliður við önnur félög bæði innanlands og erlendis

**Hæfniskröfur**
- Kunnátta í ensku og einu Norðurlandamáli skilyrði
- Tölvukunnátta nauðsynleg
- Nákvæmni og skipulögð vinnubrögð
- Sjálfstæði og gott frumkvæði
- Góðir samskiptahæfileikar

Vinnutími frá kl.13 til kl. 17
Umsóknir sendist á skrifstofu SPOEX eða í netfang skrifstofa@poriasis.is.
**Umsóknarfrestur til 18. febrúar.** Sá sem ráðinn verður í starfið þarf að geta hafið störf 1. apríl 2013.











hotel edda




## MATREIÐSLUMENN
## SUMARIÐ ER TÍMINN

**Óskum eftir að ráða matreiðslumenn til sumarstarfa á Edduhótelin.**

Í störfunum felst m.a. yfirumsjón með eldhúsi, innkaupum og meðferð matvæla.

Umsóknir um störfin sendist á netfangið tryggvi@icehotels.is fyrir 10. febrúar nk.

www.hoteledda.is | Sími 444 4000






# ERT ÞÚ SÖLUMAÐUR AF GUÐS NÁÐ?

## FRAMTÍÐARSTARF Í HJARTA MIÐBÆJARINS

Við leitum að orkumiklum og metnaðarfullum sölumanni til starfa í verslun Blue Lagoon að Laugavegi 15. Viðkomandi þarf að hafa brennandi áhuga á húðvörum, ríka þjónustulund og reynslu af sölu- og ráðgjafarstörfum. Nauðsynlegt er að viðkomandi sé áreiðanlegur, geti starfað sjálfstætt og búi yfir góðri enskukunnáttu. Snyrtifræðimenntun er kostur.

Bláa Lónið hefur margsinnis verið valinn einn besti spa-staðurinn á heimsvísu og fékk nýverið nafnbótina sem eitt af 25 undrum veraldar að mati National Geographic. Bláa Lónið er tóbakslaus vinnustaður og þar starfa að jafnaði um 250 starfsmenn.

Nánari upplýsingar veita **Rakel Heiðmarsdóttir**, mannauðsstjóri, í netfanginu **rakel@bluelagoon.is** eða í síma **420 8804** og **Ingibjörg Guðjónsdóttir**, viðskiptastjóri, í netfanginu **ingibjorg@bluelagoon.is**. Umsóknarfrestur er til **17. febrúar** n.k. Umsækjendur eru beðnir um að senda umsókn í gegnum heimasíðu Blue Lagoon **www.bluelagoon.is/atvinna**

BLUE LAGOON ICELAND

---

# Ert þú ekki gera ekki neitt týpa?

Motus ehf. (áður Intrum á Íslandi ehf.) er leiðandi fyrirtæki á sviði kröfustjórnunar (Credit Management Services).

Hjá Motus starfa rúmlega 130 starfsmenn á 11 starfsstöðvum um land allt. Meðal viðskiptavina Motus eru m.a. fjölmörg af stærstu fyrirtækjum og stofnunum landsins.

intrum justitia

Motus er samstarfsaðili Intrum Justitia, sem er markaðsleiðandi fyrirtæki í Evrópu á sviði kröfustjórnunar.

## Við hjá Motus leitum að starfsmönnum á skrifstofu okkar í Reykjavík.

**Skjalastjóri**

Motus óskar eftir að ráða öflugan bókasafns- og upplýsingafræðing eða starfsmann með sambærilega menntun í starf skjalastjóra. Skjalastjóri hefur yfirumsjón með skjalastýringu fyrirtækisins, viðheldur verklagsreglum og stefnu fyrirtækisins í skjalamálum og sér um almenna fræðslu til starfsmanna um skjalamál. Skjalastjóri ber ábyrgð á skönnun skjala, sér um daglega verkstýringu aðstoðarmanns skjalastjóra og hefur umsjón með ritstjórn á innri vef fyrirtækisins. Þekking á Sharepoint og Fakta æskileg. Reynsla af sambærilegum störfum nauðsynleg.

**Aðstoðarmaður skjalastjóra – tímabundin afleysing í 12 mánuði**

Motus óskar eftir að ráða starfsmann í starf aðstoðarmanns skjalastjóra. Meðal verkefna eru skönnun skjala, frágangur gagna vegna löginnheimtu svo og ýmis aðstoð við skjalastjóra fyrirtækisins. Við leitum að þjónustulunduðum, duglegum og skipulögðum einstaklingi með mikla samskiptahæfileika sem hefur getu til að vinna sjálfstætt sem og í hóp. Ráðið verður í starfið frá og með júní 2013.

**EKKI GERA EKKI NEITT** er grundvöllur fyrirtækjamenningar Motus, en innri gildi starfsmanna eru hjálpsemi, frumkvæði, jákvæðni, vinnusemi og umburðarlyndi.

Í boði er skemmtilegt umhverfi, metnaðarfullir samstarfsmenn, afburða upplýsingakerfi og öflugt fyrirtæki.

Nánari upplýsingar veitir Sigurbjörg D. Hjaltadóttir starfsmannastjóri Motus í síma 440 7122. Vinsamlegast sækið um á heimasíðu okkar www.motus.is. Umsóknarfrestur er til og með 14. febrúar.

motus

---

## BÍLSTJÓRI

## EMBASSY DRIVER

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu bílstjóra lausa til umsóknar.

Umsóknarfrestur er til og með **11. febrúar 2013.** Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

The U.S. Embassy in Reykjavik is seeking an individual for the position of Embassy Driver. The closing date for this postion is **Februar 11, 2013.** Application forms and further information can be found on the Embassy's home page: http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html
Please send your application and resumé to : reykjavikvacancy@state.gov

---

ÞJÓÐSKJALASAFNS ÍSLANDS

Hlutverk Þjóðskjalasafns Íslands er að varðveita opinber skjöl, einkum íslenska ríkisins, og skjöl einkaaðlia til notkunar fyrir stjórnvöld, stofnanir, félög og einstaklinga. Þannig tryggir safnið hagsmuni og réttindi stjórnvalda og borgaranna.

## Sviðsstjóri upplýsingasviðs Þjóðskjalasafns Íslands

Laust er til umsóknar starf sviðsstjóra upplýsingasviðs Þjóðskjalasafns Íslands.

Verkefni sviðsins er að þjónusta almenning og fræðimenn, svara fyrirspurnum um aðgang að gögnum, veita ráð um fræðilegar rannsóknir, að annast útgáfu leiðbeiningarita og heimildarita, að fara með kynningarmál og annast miðlun heimilda um vefinn. Þá ber sviðið ábyrgð á forritun, kerfisstjórn og rekstri tölvukerfa safnsins. Starfsmenn sviðsins taka þátt í erlendu samstarfi á sviði miðlunar.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
Starfið felst í að stjórna verkefnum sviðsins, vinna að stefnumótun, áætlanagerð, skýrslugerð og árangursmati. Sviðsstjóri hefur yfirumsjón með lestrarsal og tekur þátt í margvíslegum verkum sviðsins, svo sem ákvörðunum um aðgang að upplýsingum, að stýra útgáfum og leiðbeina fræðimönnum. Sviðsstjóri leiðir erlent samstarf á sviðinu og er í samráðshópi stjórnenda safnsins.

**Hæfnikröfur**
Leitað er að fjölhæfum og áhugasömum starfsmanni með lipra framkomu.

Gerð er krafa um BA próf í sagnfræði, auk meistaraprófs í sagnfræði eða öðrum greinum sem tengjast verkefnum sviðsins, svo sem stjórnsýslufræðum. Reynsla af útgáfumálum, stjórnun og áætlanagerð er nauðsynleg. Þá er krafist góðrar hæfni til samskipta, sjálfstæði í vinnubrögðum og góðrar hæfni til þess að setja fram hugmyndir í ræðu og riti. Góð kunnátta í algengum notendaforritum og meðferð rafrænna gagna er nauðsynleg. Reynsla af notkun skjalasafna og lestri eldri skriftar er æskileg. Góð kunnátta í íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli er áskilin.

**Frekari upplýsingar um starfið**
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Sótt er um starfið rafrænt á; www.skjalasafn.is undir **„laus störf“**. Vottorð um menntun fylgi.

Starfið veitist frá 1. mars nk. eða síðar í samráði við þann sem ráðinn verður.

Nánari upplýsingar um starfið veitir þjóðskjalavörður í síma 590 3300.

Starfshlutfall er 100%

**Umsóknarfrestur er til og með 11.febrúar 2013.**

**Nánari upplýsingar veitir**
Eiríkur G. Guðmundsson - eirikur@skjalasafn.is - 590 3300



# Við leitum að öflugum liðsauka

Íslandsbanki er framsækið fjármálafyrirtæki sem einsetur sér að vera í fararbroddi í þjónustu við viðskiptavini. Við leggjum áherslu á fagleg vinnubrögð, framsýni og jákvætt viðhorf, ásamt góðu starfsumhverfi og öflugri og samhentri liðsheild. Vegna fjölda verkefna ætlar Íslandsbanki nú að bæta við sig framúrskarandi starfsfólki í krefjandi og skemmtilegt umhverfi við hugbúnaðarþróun og kerfisstjórnun.

## Þjónustustjórar

Við leitum að öflugum þjónustustjórum á upplýsingatæknisvið. Þjónustustjórar sinna þjónustu við annað starfsfólk bankans og starfa náið með kerfisþjónustu og hugbúnaðardeild.

Þjónustustjóra vantar fyrir nokkur af helstu kerfum bankans, þar á meðal:

- webMethods
- EnterpriseSCHEDULE
- SharePoint
- Ýmis sértæk fjármálakerfi

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af störfum í fjármálafyrirtæki og/eða í upplýsingatæknigeiranum
- Gott vald á íslensku og ensku, jafnt töluðu sem rituðu máli
- Skipulagshæfni, sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Mjög rík þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum

**Nánari upplýsingar veitir:**
Óskar Skúlason deildarstjóri, sími 844 4336 - oskar.skulason@islandsbanki.is.

## Kerfisstjórar

Við leitum að metnaðarfullum kerfisstjórum í kerfisþjónustu bankans. Í deildinni starfa nú tuttugu starfsmenn auk verktaka við að veita öðru starfsfólki Íslandsbanka víðtæka þjónustu og ráðgjöf varðandi hugbúnað, vélbúnað, samskiptabúnað, gagnavöktun og eftirlit. Kerfisstjóra vantar fyrir nokkur af helstu kerfum bankans, þar á meðal:

- SAP/SAP Basis
- webMethods
- EnterpriseSCHEDULE
- SharePoint
- Ýmis sértæk fjármálakerfi

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun í tölvunarfræði, kerfisfræði, verkfræði eða sambærilegt
- Reynsla af rekstri ofangreindra kerfa er kostur
- Gott vald á íslensku og ensku, jafnt töluðu sem rituðu máli
- Skipulagshæfni, sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Rík þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum

**Nánari upplýsingar veitir:**
Óskar Skúlason deildarstjóri, sími 844 4336 - oskar.skulason@islandsbanki.is.

## Vörustjóri

Við leitum að vörustjóra fyrir ECM (Enterprise Content Management) vöru/kerfi Íslandsbanka, t.d. ytri og innri vefi, SharePoint og skjala- og skönnunarkerfi. Vörustjóri fer fyrir teymi hugbúnaðarsérfræðinga og er tengiliður milli Hugbúnaðarlausna og viðskiptaeininga bankans. Hann ber ábyrgð á vörunni, heilbrigði hennar og framþróun.

**Helstu verkefni:**

- Dagleg stýring vöruteymis og samskipti við hagsmunaaðila
- Verkstýring, forgangsröðun verkefna og áætlanagerð
- Ráðgjöf og greining verkefna
- Umsjón með framvindu verkefna og stöðugjöf vegna þeirra

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun í tölvunarfræði, kerfisfræði, verkfræði eða sambærilegt
- Góð þekking á vefþróun, vefkerfum og SharePoint æskileg
- Reynsla af hugbúnaðargerð
- Rík þjónustulund og greiningarhæfni
- Leiðtoga- og samskiptafærni
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæði
- Gott vald á íslensku og ensku, jafnt töluðu sem rituðu máli
- Þekking á fjármálum og fjármálakerfum er kostur

**Nánari upplýsingar veitir:**
Bjarki Snær Bragason, deildarstjóri Hugbúnaðarlausna, sími 844 4258, bjarki.snaer.bragason@islandsbanki.is.

## Forritarar

Við leitum að klárum og metnaðarfullum forriturum í krefjandi og skemmtileg verkefni, meðal annars í Netbanka, framendakerfi og lánaverkefni.

**Helstu verkefni:**

- Forritun í .NET (t.d. MVC, WCF o.fl.)
- Viðmótsforritun: Ajax, CSS, Javascript/jQuery, XML/HTML5
- Forritun í samþættingalagi í WebMethods fyrir BPM lausnir
- Greining, hönnun, þróun og innleiðing hugbúnaðar
- Samskipti við hagsmunaaðila

**Hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun í tölvunarfræði, kerfisfræði, verkfræði eða sambærilegt
- Þekking á .NET eða Java er kostur
- Þekking á SQL eða Oracle er kostur
- Þekking á BPM og/eða samþættingartólum er kostur
- Þekking á framendaforritun er kostur
- Faglegur metnaður og öguð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum og teymisvinnu
- Frumkvæði og kraftur

**Nánari upplýsingar veita deildarstjórar Hugbúnaðarlausna:**
Bjarki Snær Bragason, sími 844 4258 - bjarki.snaer.bragason@islandsbanki.is
Kjartan Hrafn Kjartansson, sími 844 4379 - kjartan.kjartansson@islandsbanki.is.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.islandsbanki.is** og sendar inn ásamt ferilskrá. Upplýsingar á mannauðssviði veitir Sigrún Ólafsdóttir, sími 440 4172, sigrun.olafs@islandsbanki.is **Umsóknarfrestur er til og með 10. febrúar nk.**

**Við bjóðum góða þjónustu**

Íslandsbanki

ENNEMM / SIA / NM56280

# ÍSTAK

*Framkvæmdagleði í fyrirrúmi*



## RAFVIRKJAR / RAFVEITUVIRKJAR - NOREGUR

ÍSTAK óskar eftir að ráða til starfa rafvirkja/rafveituvirkja vegna framkvæmda í Noregi. Í starfinu felst meðal annars rekstur á rafveitu við jarðgangagerð ásamt viðgerðum á tækjum og búnaði. Æskilegt er að viðkomandi hafi einhverja reynslu af vinnu við háspennu.

## ALMENN SKRIFSTOFUSTÖRF

ÍSTAK óskar eftir að ráða starfsmann í almenn skrifstofustörf á aðalskrifstofu fyrirtækisins í Mosfellsbæ. Í starfinu felst vinna við bókhald auk annarra tilfallandi verkefna.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Góð kunnátta í minnst einu norðurlandamáli
- Reynsla af bókhaldsvinnu
- Þekking á Navision æskileg
- Almenn tölvufærni
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega.

**Upplýsingar um störfin eru veittar á skrifstofu ÍSTAKS, Bugðufljóti 19, 270 Mosfellsbæ og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00. Sækja skal um störfin á www.istak.is – undir „Starfsumsókn" fyrir 11. febrúar næstkomandi.**

**ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 600 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.**
**ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbyggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.**

# Sölumaður óskast

Ef þú ert jákvæð/ur og finnst gaman að vinna, ert ávallt stundvís og hefur metnað til að læra, þá gæti þú verið sú/sá sem við leitum að.

**Hæfniskröfur:**
- Reynsla af sölustarfi ásamt góðri þekkingu á byggingamarkaðnum æskileg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum skilyrði.
- Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð.
- Góð almenn tölvu og enskukunnátta.

**Helstu verkefni:**
- Sala og ráðgjöf til viðskiptavina.
- Tilboðsgerð.
- Viðhald viðskiptatengsla og öflun nýrra.

Umsóknir ásamt ferilskrá með mynd sendist á netfangið: box@frett.is merkt: **„Sala 0202"**

Seltjarnarnesbær

## Deildarstjóri Bókasafns Seltjarnarness

Bókasafn Seltjarnarness óskar eftir að ráða bókasafnsfræðing í fullt starf til að bera faglega ábyrgð á og hafa umsjón með daglegri starfsemi Bókasafns Seltjarnarness. Í boði er áhugavert starf í lifandi safni sem er í senn menningar-, mennta- og upplýsingastofnun. Bókasafn Seltjarnarness heyrir undir menningar- og samskiptasvið Seltjarnarness. Helstu viðskiptavinir safnsins eru Seltirningar og íbúar vesturbæjar Reykjavíkur. Miðað er við að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Megin verkefni**
- Fagleg ábyrgð og umsjón með daglegri starfsemi
- Almenn bókasafnsstörf
- Umsjón með starfsmannahaldi
- Sérverkefni sem falla undir menningar- og samskiptasvið
- Undirbúningur fjárhagsáætlana og innkaup til safnsins
- Umsjón með heimasíðu og samfélagsmiðlum menningar- og samskiptasviðs

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólagráða (BA) á sviði bókasafns- og upplýsingafræða er nauðsynleg, MA eða MLIS gráða er æskileg
- Staðgóð þekking og reynsla á starfssviði bókasafna
- Þekking á vefumsjón og virkni helstu samfélagsmiðla
- Færni í rituðu máli
- Sjálfstæð og skapandi vinnubrögð
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Umsóknir með upplýsingum um menntun, fyrri störf og meðmælendur skulu sendar til Soffíu Karlsdóttur, sviðsstjóra menningar- og samskiptasviðs í netfangið soffia@seltjarnarnes.is, sem einnig veitir nánari upplýsingar um starfið í síma 595-9100. Einnig er hægt að senda inn skriflegar umsóknir á Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnesi.

**Umsóknarfrestur er til 12. febrúar 2013.**

Bókasafn Seltjarnarness starfar í samræmi við lög um almenningsbókasöfn frá 1997 og yfirlýsingu Menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna (Unesco) um almenningsbókasöfn.

# Er séns að við séum að leita að þér?

# Kvöld- og helgarvinna

## 10–11 óskar eftir að ráða starfsfólk í kvöld- og helgarvinnu

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Almenn menntun
- Reynsla af verslunarstörfum
- Góðir skipulagshæfileikar
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Viðkomandi þarf að vera ábyrgur og geta unnið sjálfstætt
- Lifandi áhugi á starfinu, frumkvæði og snerpa

**Upplýsingar veitir:**
Sigurður Karlsson
siggik@10-11.is

Umsóknarfrestur er til og með 8. febrúar nk.

Fyrirtækið 10-11 rekur í dag 24 verslanir sem staðsettar eru í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Reykjanesbæ og á Akureyri. Flestar verslanir okkar eru opnar allan sólarhringinn. Markmið 10-11 er að vera fyrsti valkostur neytenda sem nýta sér einfalda og fljótlega verslun sem hefur ávallt ferskleika í fyrirrúmi. 10-11 leggur metnað sinn í að þjálfa og mennta starfsfólk sitt.

10-11
*Fljótlegt og þægilegt*




www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Framtíðarstarf þroskaþjálfa

Óskum eftir að ráða þroskaþjálfa í 70%-80% starf í vaktavinnu á heimili fyrir fatlað fólk í Hafnarfirði.

**Helstu verkefni:**

- Veita íbúum stuðning við athafnir daglegs lífs
- Fylgja eftir þjónustuáætlunum og verklagsreglum
- Vera ráðgefandi fyrir annað starfsfólk

**Hæfniskröfur:**

- Hafa lokið þroskaþjálfanámi
- Þjónustulund og jákvætt viðmót
- Framtakssemi og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Samviskusemi
- Hreint sakavottorð

**Í boði er:**

- Spennandi og lærdómsríkt starf
- Fjölbreytt verkefni

Upplýsingar um starfið veitir: Jóhanna Hauksdóttir, sími: 555-6554, netfang: johannah@hafnarfjordur.is

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

**Umsóknarfrestur er til 12. febrúar 2013**

Umsóknum ásamt ferilskrá skal skilað á netfangið johannah@hafnarfjordur.is

*Fjölskylduþjónustan í Hafnarfirði*

## Húsasmiðjan Hafnarfirði

Við leitum að **metnaðarfullu og þjónustulunduðu** starfsfólki til sölu- og afgreiðslustarfa.




### Sölu- og afgreiðslumaður í fagmannadeild.

**Ábyrgðarsvið**

- Sala og þjónusta við viðskiptavini og önnur tilfallandi störf

**Hæfniskröfur**

- Menntun eða reynsla af pípulögnum
- Reynsla úr sambærilegu starfi kostur
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Samskiptahæfni

### Afgreiðslumaður á kassa

**Ábyrgðarsvið**

- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini

**Hæfniskröfur**

- Reynsla úr sambærilegu starfi kostur
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Samskiptahæfni

**Umsóknir berist fyrir 10. febrúar n.k.**
**til Guðrúnar Kristinsdóttur**
**gudrunk@husa.is**
**Húsasmiðjan Holtagörðum, 104 Reykjavík**
**Öllum umsóknum verður svarað.**

Húsasmiðjan leggur metnað sinn í að veita fyrsta flokks þjónustu og hafa gott aðgengi að vörum sínum og starfsfólki. Það sem einkennir starfsmenn Húsasmiðjunnar eru eftirfarandi gildi:

**Metnaður**
**Þjónustulund**
**Sérþekking**

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI SÍÐAN 1956

## SUMARAFLEYSINGASTÖRF Á FRÉTTASTOFU RÚV

Fréttastofa RÚV leitar að öflugu sumarafleysingafólki til að afla og miðla fréttum, á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni, í útvarpi, sjónvarpi og á www.ruv.is

Í boði eru nokkrar stöður í afleysingum. Við leitum að metnaðarfullum og sjálfstæðum einstaklingum sem eiga auðvelt með að vinna í hópi, hafa góða framsögn og eru vel ritfærir. Við bjóðum upp á kraftmikið, skapandi og metnaðarfullt umhverfi þar sem fjölbreyttur hópur fréttafólks með mikla reynslu og þekkingu starfar. Við leggjum áherslu á að endurspegla samfélagið sem við búum í og þess vegna hvetjum við konur jafnt sem karla til að sækja um.

Nánari upplýsingar veita Óðinn Jónsson fréttastjóri í síma 515-3000 eða tölvupósti odinnj@ruv.is og Berglind G. Bergþórsdóttir mannauðsstjóri í síma 515-3000 eða tölvupósti berglindb@ruv.is.
Umsóknarfrestur er til og með 14. febrúar nk.

**Umsóknir óskast fylltar út á www.ruv.is/storf**

RÚV
FRÉTTIR

## Verkefnastjóri

*Austurbrú ses.* er sjálfseignarstofnun byggð á grunni Þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands. Auk þess annast Austurbrú daglegan rekstur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi. Stofnunin er með sex starfsstöðvar á Austurlandi og yfir 20 starfsmenn. Sjá nánar á www.austurbru.is.

**Austurbrú auglýsir eftir verkefnastjóra á sviði ferða og menningarmála með starfsstöð á Djúpavogi.**

**Hæfniskröfur:**

- Frumkvæði í starfi og hæfni til að vinna í hóp
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Starfsreynsla sem nýtist í starfi

Umsóknarfrestur er til og með 15. febrúar og viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknir skal senda ásamt ferilskrá á netfangið arny@austurbru.is. Öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar veita:
Árný Bergsdóttir arny@austurbru.is sími: 4703860/8661209 og Signý Ormarsdóttir signy@austurbru.is sími: 4703811/8602983.

AUSTURBRÚ

þekking - þróun - þjónusta

## Starfskraftur óskast á Stígamót

Stígamót

Óskað er eftir starfskrafti með áhuga og hvers kyns þekkingu og/eða reynslu af kynbundnu ofbeldi.
Um er að ræða fullt starf.

Starfsemi Stígamóta er krefjandi, gefandi og fjölbreytt grasrótarstarf sem byggir á kynjaðri sýn á samfélagið. Daglega starfið felst í viðtalsþjónustu og hópastarfi með fólki sem beitt hefur verið ofbeldi.

Viðkomandi verður að hafa góða samskipta og samstarfshæfileika. Nám í félagsráðgjöf, sálfræði, kynjafræði, eða skyldum fræðum er jafnframt eftirsóknarvert.

Við hvetjum alla með áhuga á starfsemi Stígamóta til að sækja um. Umsóknir sendist til Stígamóta, Hverfisgötu 115, 105 R. fyrir 14. feb. merktar **„Starfsumsókn"**. Öllum umsóknum verður svarað.

## FORRITARI

Við erum að leita að úrræðagóðum og metnaðarfullum forritara sem þekkir vel til PHP, JavaScript, MySQL, HTML, CSS.
Kostur að vera með puttann á púlsinum varðandi nýjungar fyrir vefsíðugerð | snjallsíma | spjaldtölvur.

Hæfniskröfur:
Tölvunarfræði, verkfræði eða sambærileg menntun.
Góð reynsla í forritun
Góð enskukunnátta
Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

UMSÓKNARFRESTUR er til og með 10. febrúar.
Tekið er á móti umsóknum og ferilskrám á netfangið vista@vista.is
Fyrirspurnir um starfið skal senda til vista@vista.is

Verkfræðistofan Vista hefur um árabil sérhæft sig í mælingum og eftirliti með þeim.
Allt frá uppsetningu á búnaði, söfnun gagna og framsetningu þeirra.
www.vista.is

Vista Data Vision (VDV) er hugbúnaður til að geyma, birta og rannsaka mæligögn. Hann keyrir á MySQL gagnagrunni og gefur notendum vefaðgang að gögnum sínum. Í dag treysta sérfræðingar í 6 heimsálfum VDV fyrir sínum mæligögnum.
www.vistadatavision.com

Verkfræðistofan Vista er reyklaus og fjölskylduvænn vinnustaður

VISTA Verkfræðistofa

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## Skurðlækningasvið Landspítala Sérfræðilæknir í þvagfæraskurðlækningum

Laust er til umsóknar starf sérfræðilæknis í þvagfæraskurðlækningum. Starfshlutfall er 60% og veitist starfið frá 1. september 2013 eða eftir nánara samkomulagi.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- » Sérfræðistörf í samráði við yfirlækni sérgreinarinnar, svo sem greining, meðferð og eftirfylgd sjúklinga með vandamál er tengjast sérgreininni, meðal annars þátttaka í göngudeildarþjónustu og samráðskvaðningum.
- » Kviðsjáraðgerðir og opnar krabbameinsaðgerðir á þvagfærum.
- » Þátttaka í bakvöktum sérgreinarinnar.
- » Þátttaka í kennslu og vísindavinnu í samráði við yfirlækni.

### Hæfnikröfur

- » Sérfræðiviðurkenning á Íslandi í þvagfæraskurðlækningum.
- » Góð reynsla af notkun skurðaðgerðaþjarka (D'Vinci Róbót).
- » Víðtæk reynsla af kviðsjáraðgerðum og opnum krabbameinsaðgerðum á þvagfærum.
- » Reynsla í kennslu og vísindavinnu æskileg en ekki skilyrði.
- » Góð samskiptahæfni.

### Nánari upplýsingar

Umsóknarfrestur er til og með 23.02.2013

Sótt er um rafrænt á heimasíðu Landspítala www.landspitali.is þar sem fram koma nánari upplýsingar um starfið.

Upplýsingar veitir Eiríkur Jónsson yfirlæknir, netfang eirikjon@landspitali.is, sími: 543 1000

Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast í tvíriti fyrir 23. febrúar 2013 til skrifstofu skurðlækningasviðs 13A Landspítala Hringbraut.

Umsóknum fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.

Mat stöðunefndar læknaráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið einnig á þeim.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## Deildarlæknar í starfsnámi í lyflækningum

Störf deildarlækna í starfsnámi í almennum lyflækningum á lyflækningasviði Landspítala eru laus til umsóknar. Starfshlutfall er 100% og veitast störfin frá 1. mars 2013 eða eftir samkomulagi. Undanfarin ár hefur verið unnið að uppbyggingu framhaldsnáms í almennum lyflækningum á Landspítala. Unnt er að ljúka allt að 3 árum sem nýtast vel til veitingu sérfræðileyfis í almennum lyflækningum.

Margvíslegar breytingar eru á döfinni í skipulagi lyflækningasviðs á næstunni. Meðal annars verður opnuð bráðalyflækningadeild í byrjun apríl n.k. þar sem áhersla verður á greiningu og meðferð bráðveikra.

Að skipulagningu framhaldsnámsins koma framhaldsnámstjóri, sérfræðingur í almennum lyflækningum og skrifstofustjóri framhaldsmenntunar lyflækninga, auk framhaldsmenntunarnefndar sviðsins.

Miðað er við að ráðningartími sé a.m.k. eitt ár og/ eða allt að þremur árum, eða eftir samkomulagi.

### Helstu verkefni og ábyrgð

Sérnámið er alhliða þjálfun í almennum lyflækningum. Námslæknar starfa á öllum deildum lyflækningasviðs. Sérstök áhersla verður lögð á starf á dag- og göngudeildum. Námslæknar eru einnig hvattir til að sinna vísindarannsóknum á námstíma.

### Hæfnikröfur

- » Almennt íslenskt lækningaleyfi
- » Vilji til þátttöku í áframhaldandi uppbyggingu sérnáms í almennum lyflækningum
- » Jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum

### Nánari upplýsingar

Umsóknarfrestur er til og með 16.02.2013

Upplýsingar veita Már Kristjánsson yfirlæknir, netfang markrist@landspitali.is, sími: 824-5607 og Hrafnkell Stefánsson læknir, netfang hrafnks@landspitali.is, sími: 825-3574

Umsókn fylgi náms- og starfsferilskrá ásamt afriti af prófskírteinum og lækningaleyfi.

Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.

Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Má Kristjánssyni, yfirlækni og framhaldsmenntunarstjóra lyflækningasviðs, LSH C9 Fossvogi.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Starf á sviði jafnréttismála

Velferðarráðuneytið auglýsir eftir starfsmanni í fullt starf á sviði jafnréttismála til að vinna með aðgerðahópi stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um launajafnrétti kynjanna. Um er að ræða tímabundna ráðningu til allt að tveggja ára.

Helstu verkefni felast í söfnun og úrvinnslu gagna á sviði launarannsókna, gerð kynningarefnis og miðlun upplýsinga til almennings og atvinnulífsins um leiðir til að koma í veg fyrir kynbundinn launamun á vinnumarkaði ásamt vinnu við önnur tengd verkefni eftir því sem við á.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Þekking og reynsla sem nýtist í starfi svo sem af vinnumarkaðs- og jafnréttismálum.
- Færni í að tjá sig í ræðu og riti og reynsla af framsetningu og miðlun upplýsingaefnis.
- Þjálfun í meðferð og greiningu talnagagna.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð.
- Gott vald á íslensku í töluðu og rituðu máli, færni í ensku og einu Norðurlandamáli.

Um launakjör fer samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins og fjármála- og efnahagsráðherra. Nauðsynlegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Ráðuneytið hvetur karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar veitir Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu lífskjara og vinnumála í síma 545 8100.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu berast velferðarráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 150 Reykjavík, eða í tölvupósti á póstfangið postur@vel.is eigi síðar en 18. febrúar 2013. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. reglur nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

[fɛrðakɔmpaníið]
THE ICELANDIC TRAVEL COMPANY*

Vegna aukinna umsvifa auglýsir ferðaskrifstofan Ferðakompaníið ehf fjórar fastar stöður í bókunar- og úrvinnsludeild til umsóknar. Öll störfin eru laus strax og er æskilegt að umsækjandi/umsækjendur geti hafið störf sem fyrst. Störfin felast fyrst og fremst í úrvinnslu og utanumhaldi einstaklingsbókanna.

Við leitum að lífsglöðum og þjónustuliprum einstaklingum gæddum skipulags- og samvinnuhæfileikum. Gott er ef að umsækjendur hafi lokið stúdentsprófi eða öðrum námskeiðum/gráðum tengdum ferðamálum, ásamt reynslu í ferðaþjónustu. Enskukunnátta er skilyrði, en einnig er kostur ef umsækjendur búa yfir góðri kunnáttu í frönsku og/eða hollensku. Einnig er gundvallar tölvukunnáttu nauðsynleg.

Eingöngu er tekið við skriflegum umsóknum með nákvæmri ferilskrá. Með allar umsóknir verður farið sem trúnaðarmál.

Umsókn sendist til: Ferðakompaníið ehf – Fiskislóð 18-20 – 101 Reykjavík og/eða á netfang info@ferdakompaniid.com

www.destination-islande.com
www.iceland.like.a.local.com

## Viltu vinna fjölbreytta vinnu á líflegum vinnustað?

:)

**Áberandi leitar að framtíðarstarfsmanni í 100% starf við skiltagerð.**

Starfið felst í almennri skiltagerð, upplímingu og uppsetningu skilta úti í bæ og jafnvel úti á landi.

Hæfniskröfur:
- Jákvætt hugarfar
- Þjónustulund
- Sjálfstæð vinnubrögð og útsjónarsemi
- Almennt bílpróf
- Ekki spillir fyrir að viðkomandi sé laus við lofthræðslu :)

Áberandi hvetur bæði kyn til að sækja um starfið

Umsóknir og nánari upplýsingar:

Umsóknarfrestur er til **11.Febrúar nk.**

Ef þú hefur áhuga sendu þá umsókn á netfangið **atvinna@aberandi.is**

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 414 1900

Við svörum öllum umsóknum sem berast.

áberandi

*Aðalstarfssvið Meidell AS er fiskeldi. Fyrir utan framleiðslu á laxi veitum við einnig öðrum fiskeldisfyrirtækjum ýmsa þjónustu ásamt því að framleiða og þjónusta báta í gegnum dótturfyrirtæki okkar. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Onarheim á Tysnesi, á Vesturströnd Noregs.*

**Meidell AS**
**N-5694 Onarheim**
**www.alsaker.no**

## Meidell AS óskar eftir startskrafti.

**Við leitum að fólki sem:**
- hefur reynslu af sjómennsku, vélstjórnun eða hefur sambærilega verkreynslu,eða reynslu af bátasmíði, trefjaplastsvinnslu eða húsgagnasmíði.
- hefur reynslu af fiskeldi, bátum eða vélbúnaði.
- kann norrænt mál og ensku.
- hefur áhuga á að læra norsku.
- hefur ökuskírteini.

**Við munum:**
- bjóða upp á krefjandi verkefni í góðu umhverfi.
- bjóða upp á fast starf innan fiskeldis; annað hvort sem starfsmaður á bát eða sem starfsmaður í framleiðslu, við smíðar og viðgerðir af bátum.
- útvega húsnæði.
- krefjast að fólk fari á norskunámskeið.

Byggðin Onarheim telur u.þ.b. 600 manns og er staðsett á suðurhluta Tysnes eyjarinnar. Héðan er eins og hálftíma keyrsla til Bergen (ísl. Björgvin), sem er næst stærsta borg Noregs, og liggur hún norðan við Tysnes. Að iðnaðareyjunnar Stord, sem er suðvestur af Tysnesi, er einungis rúmlega 30 mínútna ferðalag.

Í Onaheim er leikskóli, barnaskóli og frístundaskóli. Umgjörð bæjarins samanstendur af bæði fjallendi og sjónum í firðinum. Hér er starfrækt tónlistarfélag og íþróttafélag og einnig er til staðar boltavöllur, ýmsar gönguleiðir og laus bátapláss við höfnina ásamt gjafmildum fiskimiðum í firðinum. Þetta gefur þeim sem hér búa möguleika á virku félagslífi, hreyfingu og útiveru.

Við höfum laus störf á staðnum og Onarheimbúar taka á móti nýjum íbúum opnum örmum. Við hvetjum því fjölskyldur með börn á leikskóla og/eða á barnaskólaaldri til að sækja um starf hjá okkur.

Nánari upplýsingar varðandi auglýsinguna fást hjá Randi Rykkje í síma +47 53 43 01 05.
Vinsamlega sendið starfsumsókn ásamt ferilskrá og viðeigandi viðhengjum á Ensku á tölvupósti til: island@fjordbruk.no

**Umsóknarfrestur:**
**Sem fyrst og ekki seinna en 24. Febrúar 2013.**



SEÐLABANKI ÍSLANDS

Seðlabanki Íslands er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins en lýtur sérstakri stjórn. Seðlabankinn fer með stjórn peningamála á Íslandi og er meginmarkmið hennar stöðugleiki í verðlagsmálum. Seðlabankinn skal ennfremur sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd.

## Laus störf hjá Seðlabanka Íslands

### Sérfræðingur á sviði fjármálastöðugleika

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða sérfræðing á sviði fjármálastöðugleika. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfsstöð í Reykjavík.

Eitt meginhlutverka Seðlabanka Íslands er að stuðla að stöðugu, öruggu og virku fjármálakerfi. Fjármálastöðugleikasvið fylgist með þróun fjármálakerfisins bæði hér á landi og erlendis, styrk þess og skilvirkni og áhrifum efnahagslegra þátta á kerfið í heild sinni. Fjármálastöðugleikasvið rannsakar og greinir reglulega áhættur sem raskað gætu stöðugleika íslenska fjármálakerfisins, með það að markmiði að koma auga á veikleika sem gætu leitt til alvarlegra áfalla.

**Helstu verkefni:**
- Greining á stöðu fyrirtækja og áhrif þeirra á bankakerfið, þ.m.t. útlán, vanskil, skuldsetning og aðrir þeir mælikvarðar sem sýna stöðu fyrirtækja hverju sinni.
- Þátttaka í líkanasmíði, með áherslu á fyrirtæki.
- Þróun og útfærsla á álagsprófum fyrir fjármálakerfið.
- Skrif í rit bankans, sér í lagi Fjármálastöðugleika.
- Tilfallandi verkefni, umsagnir og ráðgjöf á ábyrgðarsviðum fjármálastöðugleika.

**Hæfniskröfur:**
- Áskilið er a.m.k. meistarapróf í hagfræði, verkfræði, tölfræði eða öðrum sambærilegum greinum.
- Þekking á fjármálafræðum
- Gott vald á upplýsingatækni og gagnavinnslu
- Gott vald á mæltu og rituðu máli.
- Góðir samskiptahæfileikar og vilji til hópvinnu.

Upplýsingar um starfið veitir Sigríður Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálastöðugleika, sigridur.benediktsdottir@sedlabanki.is.

### Sérfræðingur í bakvinnslu á fjárhagssviði

Seðlabanki Íslands óskar eftir að ráða sérfæðing til starfa á fjárhagssvið bankans. Um er að ræða 100% starfshlutfall með starfstöð í Reykjavík

Fjárhagur hefur umsjón með fjárhagsupplýsingum bankans og dótturfélaga hans. Sviðið sér um umsýslu erlendra og innlendra lána ríkissjóðs og Seðlabankans. Þá hefur sviðið umsjón með SWIFT-kerfi bankans ásamt innlendum og erlendum greiðslum fyrir bankann, ríkissjóð og ríkisfyrirtæki. Einnig sér sviðið um vörslu verðbréfa og uppgjör verðbréfaviðskipta. Starfsemi sviðsins skiptist í tvær einingar, reikningshald og bakvinnslu.

**Helstu verkefni:**
- Ábyrgð á vöktun og daglegum rekstri stórgreiðslukerfis.
- Afgreiðsla peningafærslna.
- Frágangur verðbréfaviðskipta og REPO samninga.
- Umsýsla og eftirlit með verðbréfalánum og öðrum lánum.
- Frágangur vegna útboða.
- Þátttaka í innleiðingu á heildstæðu viðskiptakerfi.
- Þátttaka í mótun nýrra verkefna á sviðinu.
- Skýrslugerð og upplýsingavinnsla.

**Hæfniskröfur:**
- Viðeigandi háskólamenntun og/eða próf í verðbréfaviðskiptum (sbr. 53. gr. laga 161/2002).
- Þekking á innlendum og erlendum uppgjörskerfum skilyrði.
- Þekking á SWIFT, greiðslu- og verðbréfaskeytum skilyrði.
- Þekking á Vog og Libra Loan æskileg.
- Starfsreynsla af fjármálamarkaði æskileg.
- Hæfni til að starfa sjálfstætt eða í hópi.
- Ágætt vald á íslensku og ensku, bæði á töluðu og rituðu máli.
- Mjög gott vald á Excel og ýmisskonar greiningarvinnu.
- Frumkvæði, nákvæmni og metnaður í starfi.

Upplýsingar um starfið veitir Salome R. Birgisdóttir, forstöðumaður bakvinnslu, salome.r.birgisdottir@sedlabanki.is.

**Sótt skal um störfin á heimasíðu Seðlabanka Íslands, www.sedlabanki.is, í síðasta lagi sunnudaginn 17. febrúar næstkomandi. Umsóknir gilda í sex mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.**

# STEYPUSTJÓRI ÓSKAST Í VERKSMIÐJU

**ERUM AÐ LEITA AÐ TRAUSTUM OG GÓÐUM STARFSMANNI TIL AÐ STÝRA STEYPUSTÖÐVUM EININGAVERKSMIÐJUNNAR.**

Umsækjandi þarf að hafa góða þekkingu á starfinu og hafa starfað í einingaverksmiðju áður.

Umsóknir og meðmæli óskast sent á ev@ev.is
Einnig er hægt að fá upplýsingar í síma 414-8700
og á staðnum.

Einingaverksmiðjan sérhæfir sig í framleiðslu forsteyptra eininga til byggingaframkvæmda. Fyrirtækið er í forystu á sínu sviði og tækjabúnaður og sérhæfð þekking gerir fyrirtækinu kleift að afgreiða bæði stór og smá bygginga-verkefni fljótt og örugglega.



EININGAVERKSMIÐJAN
Breiðhöfði 10 | 110 Reykjavík | Sími: 414 8700 | www.ev.is | ev@ev.is

# KÓPAVOGSBÆR

## Spennandi störf

- **Námsráðgjafi** óskast í Salaskóla
- **Skólaliði** í gangavörslu/ræstingar í Lindaskóla
- **Þroskaþjálfi/leikskólakennari** í stuðning í Grænatún
- **Leikskólakennari** í leikskólann Dal
- **Aðstoðarmaður** í eldhús í leikskólann Sólhvörf
- **Liðveitandi** óskast fyrir ungan mann
- **Persónulegur ráðgjafi**, tilsjón og liðveitandi

Nánari upplýsingar er að finna á vef Kópavogsbæjar
**Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar *www.kopavogur.is***

***www.kopavogur.is***

# Hafnarvörður

## SKAGASTRANDARHÖFN AUGLÝSIR STARF HAFNARVARÐAR LAUST TIL UMSÓKNAR

**Starfssvið:**
Vigtun og skráning í aflaskráningarkerfi Fiskistofu, gerð reikninga fyrir höfnina, almenn hafnarvarsla, viðhaldsvinna, og tilfallandi störf.

**Hæfniskröfur:**
Almenn tölvukunnátta, skipstjórnarréttindi æskileg, löggilding sem vigtunarmaður er kostur.
Laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kjalar.
Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu Sveitarfélagsins Skagastrandar og hægt að sækja þau á vef sveitarfélagsins www.skagastrond.is
**Umsóknarfrestur er til og með 8. febrúar 2013.**

Nánari upplýsingar veitir:
**Magnús B. Jónsson**
**Sími: 455 2700.**
**Netfang: magnus@skagastrond.is**

# SÖLUFULLTRÚAR ÓSKAST TIL STARFA

**STARFIÐ**
Unnið er að skemmtilegum og krefjandi söluverkefnum í gegnum síma.

**HÆFNISKRÖFUR**
Umsækjendur þurfa að vera 22 ára eða eldri, jákvæðir, vandvirkir og hafa gaman af því að tala í síma.
Reynsla af sölustörfum er æskileg en ekki nauðsynleg.

**Í BOÐI ER**
Sveigjanlegur vinnutími og fjölbreytt verkefni sem þarf að vinna fyrir félagasamtök og fyrirtæki.
Góðir tekjumöguleikar.

**Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið markadsrad@simnet.is fyrir 10. febrúar.**

Markaðsráð ehf.

Faxafeni 18 - 108 Reykjavík - Sími 5 300 800

# WANTED!
## Senior Software Developer

JOIN THE INNOVATION!

ReMake Electric is a fast growing company that develops, manufactures and markets innovative energy management solutions for commercial, industrial and institutional customers.

HELP US IMPROVE!

We are looking for an experienced software developer to help us bring our energy management solution to the next level. We mainly work with agile methodologies, use modern common work practices and we are customer driven.

DOES THIS SOUND LIKE YOU?

Profile:
- BSc or MSc in computer science or equivalent
- 5+ years relevant work experience

Required experience:
- Python
- Software architecture
- Database design and SQL
- Web-based development

Additional knowledge:
- WSGI, Flask, RESTful APIs
- HTML5, XML, JSON, Javascript
- Redis, AMQP, Linux
- Postgres, MSSQL

You will bring added value if this is familiar to you, otherwise we will gladly teach you.

If you fit this profile and feel you can contribute to bringing our software solution to the next level, you are encouraged to apply before February 18.

UTmessan.is
Meet us at UTMessan on 8.-9th February in Harpa




Please send your CV and motivation letter to:

Guðmundur Þorri Jóhannesson
gummi@remake.is

remake electric
Hlíðasmári 14, 3.hæð S: 535 3000 T: remake@remake.is H: remake.is

# Kanntu að brosa í síma?



IKEA á Íslandi er rótgróið fyrirtæki þar sem 230 manns starfa innan um hönnun á heimsvísu. Fylltu út umsókn á **www.IKEA.is** ef þú hefur áhuga á að slást í hópinn.

## Laust er til umsóknar starf í þjónustuveri IKEA

Helstu verkefni felast í sölu og þjónustu við viðskiptavini fyrirtækisins símleiðis, svörun fyrirspurna, upplýsingagjöf og úrlausn vandamála sem upp koma hjá viðskiptavinum.

Hæfniskröfur
- Þjónustulund og jákvæðni
- Frumkvæði
- Samskiptahæfni
- Þolinmæði
- Navisionkunnátta kostur
- Góð þekking og áhugi á vörum IKEA

Vinnutími er frá kl. 10-18. Umsækjendur skulu hafa náð 25 ára aldri.

Nánari upplýsingar er hægt að nálgast hjá þjónustustjóra (magnus@ikea.is) eða starfsmannasviði (starfsmannasvid@ikea.is).

IKEA®

© Inter IKEA Systems B.V. 2013

# Rennismiður

**KM stál ehf** óskar að ráða rennismið eða mann vanan renni og fræsivinnu upplýsingar gefur Karl Jóhann í síma 692 2680 eða kalli@kmstal.is

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

## Tvö embætti dómara við héraðsdóm Reykjavíkur laus til umsóknar

Innanríkisráðuneytið auglýsir laus til umsóknar embætti tveggja dómara með fast sæti við héraðsdóm Reykjavíkur, sbr. ákvæði laga um dómstóla nr. 15/1998. Miðað er við að skipað verði í embættin frá og með 1. apríl 2013 eða hið fyrsta eftir að nefnd um hæfni dómara hefur lokið starfi sínu í samræmi við 4. gr. a, sbr. 3. mgr. 12. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998 og reglur um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti nr. 620/2010. Laun eru samkvæmt ákvörðun kjararáðs.

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 2. mgr. 12. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998. Í samræmi við 4. gr. reglna nr. 620/2010 er áskilið að í umsókn komi fram upplýsingar um 1) menntun og framhaldsmenntun, 2) reynslu af dómstörfum, 3) reynslu af lögmannsstörfum, 4) reynslu af stjórnsýslustörfum, 5) reynslu af fræðistörfum, s.s. kennslu og öðrum akademískum störfum og upplýsingar um útgefnar ritrýndar greinar og bækur, fræðilega fyrirlestra o.s.frv., 6) reynslu af stjórnun, 7) reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni, s.s. vinnu í tengslum við undirbúning lagasetningar o.fl., 8) upplýsingar um almenna og sérstaka starfshæfni, 9) upplýsingar um andlegt atgervi og sjálfstæði í vinnubrögðum og 10) upplýsingar um tvo fyrrverandi/núverandi samstarfsmenn/yfirmenn sem geta veitt dómnefnd bæði munnlegar og skriflegar upplýsingar um störf og samstarfshæfni umsækjanda, sbr. 5. mgr. 5. gr. reglna nr. 620/2010 og 11) aðrar upplýsingar sem varpað geti ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skiptir fyrir störf héraðsdómara.

Með umsókn skal fylgja eftir því sem við á: 1) afrit af prófskírteinum, 2) afrit dóma í munnlega fluttum málum sem umsækjandi hefur samið atkvæði í síðustu 12 mánuði, 3) afrit af stefnu og greinargerð í málum sem umsækjandi hefur samið og flutt munnlega síðustu 12 mánuði, 4) afrit af úrskurðum stjórnvalda sem umsækjandi hefur samið síðustu 12 mánuði og 5) útgefin fræðirit og ljósrit af tímaritsgreinum umsækjanda. Þess er óskað að þær tímaritsgreinar sem hafa verið ritrýndar verði auðkenndar. 6) Önnur gögn sem varpa ljósi á faglega færni umsækjanda til starfa sem héraðsdómari.

Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum er áskilið að umsækjendur gefi upp netfang sem notað verður til að eiga samskipti við umsækjendur. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun liggur fyrir.

Umsóknir skulu berast innanríkisráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík og í pósthólfið postur@irr.is, eigi síðar en 15. febrúar næstkomandi.

*Innanríkisráðuneytinu,*
*30. janúar 2013.*




# ÍSAM Vörumerkjastjóri

## ÍSAM óskar eftir að ráða vörumerkjastjóra til starfa á matvörusviði fyrirtækisins

### Stutt lýsing á starfi vörumerkjastjóra:

- Mikil tengsl og samskipti við erlenda birgja.
- Framfylgja vörumerkjastefnu ásamt því að þróa nýjar markaðsherferðir.
- Þátttaka í gerð og eftirfylgni markaðs-og söluáætlana deildarinnar.
- Þátttaka í mótun verðlagsstefnu, verð- og framlegðarútreikningar.
- Skýrslugerð, útreikningar, markaðsgreiningar og kannanir.
- Umsjón kynninga og framsetning kynningarefnis og auglýsinga.
- Miðlun þekkingar til annarra starfsmanna og viðskiptavina á vörumerkjunum.
- Gerð sölugagna, sölumappa, markpósts ofl.
- Önnur tilfallandi verkefni.

### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun í viðskipta- og markaðsfræði eða sambærilegu, eða mikil starfsreynsla!
- Reynsla af markaðs- og sölumálum og góðir söluhæfileikar.
- Almenn þekking og reynsla af heildsölu-og eða smásölumarkaði.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti er skilyrði.
- Góð tölvukunnátta s.s. Excel, Power Point, Adobe Photoshop, InDesign.
- Nákvæmni og glöggvísi á tölur og færni í ýmsum útreikningum.
- Rökhugsun og glöggt auga varðandi framsetningu, útlit og uppsetningu efnis.
- Geta gengið í hvaða störf sem er.

### Upplýsingar

ÍSAM er eitt stærsta og öflugasta markaðs- og framleiðslufyrirtæki landsins á neytendamarkaði. ÍSAM á og rekur vörumerkin Mylluna, Ora, Frón og Kexsmiðjuna, auk þess sem fyrirtækið hefur umboð fyrir fjölda heimsþekktra vörumerkja.

Upplýsingar um starfið veitir Helga B. Helgadóttir, starfsmannastjóri í síma 522 2700.
Umsóknir skulu sendar á tölvupóstfangið helga@isam.is eða bréfleiðis til ÍSAM, Tunguhálsi 11, 110 Reykjavík merkt starfsmannastjóra fyrir 13. febrúar 2013.

522 2700 helga@isam.is

ÍSAM • Tunguháls 11 • 110 Reykjavík • sími: 522 2700 • www.isam.is

# HS Orka hf óskar eftir að ráða í eftirtalin störf

**Skjalastjóra og aðstoðarmaður forstjóra/framkv.stjórnar** á skrifstofu fyrirtækisins í Reykjanesbæ

**Helstu þættir starfsins:**
- Innleiðing, rekstur og þróun skjalastjórnunarkerfis
- Þjálfun starfsmanna í skjalastjórnun og eftirfylgni
- Umsjón með bókasafni fyrirtækisins, þ.e. skráningu og útláni á gögnum
- Undirbúningur og frágangur funda forstjóra og framkvæmda-stjórnar
- Umsjón með flug-, hótel og bílabókanir fyrir framkvæmdastjórn og aðra starfsmenn

**Helstu kröfur:**
- Háskólapróf í bókasafns- og upplýsingafræðum eða önnur menntun og reynsla sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla í skjalastjórnun skilyrði
- Tölvufærni og haldgóð þekking á skjalastjórnunarkerfum
- Gott vald á íslensku og ensku, bæði í rituðu og töluðu máli
- Hæfni í mannlegum samskiptum og öguð vinnubrögð
- Geta haft frumkvæði og starfað sjálfstætt

**Verkefnisstjóri gæðamála** á skrifstofu fyrirtækisins í Reykjanesbæ

**Helstu þættir starfsins:**
- Innleiðing, rekstur og þróun gæðastjórnarkerfa fyrirtækisins í samráði við gæðastjóra
- Skipuleggur vinnu gæðahópa, fylgir eftir starfi þeirra og tekur þátt eftir atvikum
- Tekur þátt í þróun og viðhaldi Rekstrarhandbókar
- Skjalfesta verkferla innan fyrirtækisins í samráði við stjórnendur
- Skipuleggur og framkvæmir innri úttektir
- Þjónusta við HS Veitur hf

**Helstu kröfur:**
- Menntun og reynsla sem nýtist í starfi
- Þekking og reynsla af gæðamálum skilyrði
- Þekking á orkuiðnaði kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum og öguð vinnubrögð
- Geta haft frumkvæði og starfað sjálfstætt

**Starfsmaður á stjórnbúnaðarsvið** í orkuverum

**Helstu verkefni:**
- Rekstur á stjórn-, varnaliðabúnaðar og upplýsingakerfi Orkuvera
- Þjónusta við notendur kerfisins
- Ber ábyrgð á viðhalds- og bilanaskráningu
- Ber ábyrgð á að teikningar og önnur gögn sviðins séu aðgengileg og rétt
- Kemur með tillögur um úrbætur- og endurnýjun sem tengist rekstri og þróun kerfisins

**Helstu kröfur:**
- Rafmagnstæknifræði, rafiðnfræði, kerfisfræði eða önnur menntun og reynsla sem nýtist í starfi
- Góða þekkingu á PLC iðntölvum, PC tölvum og hugbúnaði ásamt samskiptanetsbúnaði, s.s. ljósleiðarneti og öðru er tilheyrir
- Haldgóða þekkingu í reglunarfræðum æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum og öguð vinnubrögð
- Geta haft frumkvæði og starfað sjálfstætt

***HS Orka hf rekur 2 orkuver, í Svartengi og á Reykjanesi.***
***Fyrirtækið hóf innleiðingu á skjalastjórnun 2010 og vinnur nú að innleiðingu á ISO 9001 staðlinum. Í framhaldi er áætlað að innleiða ISO 14001 og OHSAS 18001.***
***Hægt er að sækja um á heimasíðu fyrirtækisins og einnig fást umsóknareyðublöð á skrifstofu.***
***Frekari upplýsingar veitir starfsmannastjóri.***
***Umsóknarfrestur er til og með 14. febrúar 2013.***

HS Orka hf • Brekkustíg 36 • 260 Reykjanesbæ
Sími 4225200 • www.hs.is • hs@hs.is



# Hafnsögumaður

Faxaflóahafnir sf óska að ráða til starfa hafnsögumann frá og með 15. maí 2013. Starfið felst aðallega í leiðsögu skipa á svæði Faxaflóahafna sf., skipsstjórn dráttarbáta, móttöku skipa og öðrum tilfallandi störfum.

**Nauðsynlegt er að umsækjandi uppfylli eftirfarandi skilyrði:**
- Hafi skipstjórnarréttindi – CB (2. stigs skipstjórnarnám)
- Hafi sótt námskeið í Slysavarnarskóla Sjómanna
- Hafi góða kunnáttu í íslensku og ensku
- Hafi góða tölvukunnáttu

Faxaflóahafnir sf. eru með starfsemi í Reykjavík, á Akranesi, á Grundartanga og í Borgarnesi og sinna starfsmenn Faxaflóahafna sf. verkefnum á þeim stöðum. Unnið er á 12 klst vöktum allt árið.

Umsóknir sendist Faxaflóahöfnum sf. Tryggvagötu 17, 121 Reykjavík merkt HAFNSÖGUMAÐUR **fyrir 19. febrúar n.k.** Þar sem í gildi eru ákvæði laga um hafnavernd þá er óskað eftir að umsókn fylgi sakavottorð.

Nánari upplýsingar gefur yfirhafnsögumaður í síma 525 8900.

Faxaflóahafnir sf
Associated Icelandic Ports
Reykjavík Grundartangi Akranes Borgarnes

MOSFELLSBÆR

# ÚTBOÐ

## Tunguvegur í Mosfellsbæ

## Hönnun

Um er að ræða fullnaðarhönnun á Tunguvegi frá Skólabraut að Vogatungu. Það er um 1.700m vegakafli ásamt ræsi eða brú yfir Varmá með undirgöngum fyrir gangandi umferð og reiðleið, brú á Köldukvísl með reiðleið undir brú, hringtorg á mótum Tunguvegar, Skeiðholts og Skólabrautar og undirgöngum fyrir gangandi umferð undir Skeiðholt ofan við hringtorgið. Hanna skal lýsingu með vegi og undir brúm og í undirgöngum.
Hanna skal göngustíg með Tunguvegi norður fyrir Köldukvísl og reiðveg fyrir norðan Köldukvísl og tengja við aðliggjandi stíga. Einnig skal ráðgjafi hanna rofvarnir með Köldukvísl ofan Tunguvegar þar sem jakaburður gengur niður ána.

Verkið felur í sér hönnun á öllum mannvirkjum með nauðsynlegri deilihönnun fyrir útboð framkvæmda þar með vinnu arkitekta og landslagsarkitekta.

**Helstu magntölur:**
- Lengd Tunguvegar 1.700m
- Undirgöng undir Skeiðholt 1 stk.
- Ræsi eða brú yfir Varmá 1 stk.
- Brú yfir Köldukvísl 1 stk.
- Göngustígar 850m
- Reiðstígar 900m

Hönnun skal vera lokið eigi síðar en 8. júlí 2013.
Útboðsgögn á geisladiski verða afhent í Mosfellsbæ, , frá og með mánudegi 4. febrúar 2013.
Tilboðum skal skila á sama stað eigi síðar en þriðjudaginn 19. febrúar 2013 kl. 14.00.

*Umhverfissvið Mosfellsbæjar*

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

# ÚTBOÐ

**Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:**

- **Rammasamningur "Matvara: Tilbúnir réttir, fundar- og veislumatur",** EES útboð nr. 12970.

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

# ÚTBOÐ

**VERKTAKAR OG IÐNAÐARMENN ATH!**

**GÖGNIN ERU KOMINN Á NETIÐ**

**15310 ÞJÓNUSTA IÐNAÐARMANNA OG VERKTAKA, VIÐHALDSVERK**

Um er að ræða þjónustu iðnaðarmanna og verktaka við viðhald, endurnýjun og viðbætur á fasteignum ríkisins. Óskað er eftir þjónustuaðilum í öllum landshlutum

Iðnreinarnar sem um ræðir eru eftirfarandi, auk aðalverktöku:
- **Blikksmíði**
- **Dúklagningu**
- **Málun**
- **Málmiðnaði (aðra en blikksmíði)**
- **Múrverki**
- **Pípulagningu**
- **Rafiðnaði**
- **Skrúðgarðyrkju**
- **Trésmíði**

Ríkiskaup vekja sérstaka athygli iðnaðarmanna og verktaka á mikilvægi þátttöku þeirra fyrir ríkisstofnanir.

Nánari upplýsingar er að finna í útboðsgögnum á vef Ríkiskaupa, www.rikiskaup.is,

**Skilafrestur og opnun tilboða er 06. mars 2013. kl. 14:00.**

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

# ÚTBOÐ

**FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA, LÓÐARFRÁGANGUR**

**ÚTBOÐ NR. 15395**

Framkvæmdasýsla ríkisins, f.h. mennta- og menningarmálaráðuneytisins, Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkurborgar og Fasteigna ríkissjóðs óskar eftir tilboðum í lóðarfrágang við Fjölbrautaskólann í Ármúla, fyllingar, hellulagnir, snjóbræðslu, malbikun, búnað og lýsingu.

**Helstu magntölur eru:**

| | |
|---|---|
| Fyllingar | 1.150 m³ |
| Snjóbræðsla | 3.500 m |
| Hellulagnir | .250 m² |
| Malbikun | 4.130 m² |

Vettvangsskoðun verður haldin á verkstað 7. febrúar nk. kl.15.00 að viðstöddum fulltrúa verkkaupa.

Verkinu skal vera að fullu lokið eigi síðar en 30. júní 2013.

Útboðsgögn verða til sýnis og sölu á kr. 3.500 hjá Ríkiskaupum, Borgartúni 7C, 105 Reykjavík frá og með þriðjudeginum 5. febrúar 2013. Tilboðin verða opnuð hjá Ríkiskaupum þriðjudaginn 19. febrúar 2013 kl.14:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

## NÁMSKEIÐ TIL UNDIRBÚNINGS PRÓFI TIL AÐ ÖÐLAST RÉTTINDI TIL AÐ VERA HÉRAÐSDÓMSLÖGMAÐUR

Prófnefnd samkvæmt reglugerð nr. 1095/2007 um próf til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður, sbr. lög nr. 77/1998 um lögmenn og lög nr. 93/2004, hefur ákveðið að halda námskeið vorið 2013.

Stefnt er að því að kennsla á fyrri hluta fari fram dagana 18. febrúar til 1. mars 2013. Jafnframt er stefnt að því að próf í fyrri hluta námskeiðsins verði haldin á tímabilinu 8. til 22. mars. Þá er stefnt að því að kennsla í síðari hluta fari fram dagana 2. til 12. apríl 2013 og að próf verði haldin á tímabilinu 15. til 19. apríl 2013.

Gjald fyrir þátttöku á fyrri hluta prófraunar er kr. 250.000 og greiðist við skrán-ingu. Gjald fyrir síðari hluta verður ákveðið síðar. Prófgjald er innifalið í nám-skeiðsgjaldi.

Skráning fer fram í gegnum rafrænt skráningarkerfi á heimasíðu Lögmannafél¬ags Íslands á slóðinni www.lmfi.is. Við skráningu skal leggja fram afrit próf¬skírteinis til staðfestingar því að umsækjandi hafi lokið fullnaðarnámi í lögfræði með embættis-eða meistaraprófi. Hægt er að senda þær upplýsingar með tölvupósti á netfangið: hjordis@lmfi.is.

Frestur til að skrá sig á námskeið er til og með 14. febrúar 2013. Nánari upplýsingar um námskeiðið má finna á vef innanríkisráðuneytisins á slóðinni: www.innanrikisraduneyti.is

*Innanríkisráðuneytið 2. febrúar 2013*



Ríkiskaup annast almenna sölu á fasteignum, jörðum og lóðum fyrir ráðuneyti og stofnanir ásamt því að sjá um sölu á lausamunum s.s. bifreiðum, tækjum og skrifstofubúnaði.

Nánari upplýsingar er að finna á heimssíðu Ríkiskaupa á slóðinni http://www.rikiskaup.is/til-solu/ eða í síma 530 1400.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

VEGAGERÐIN

# Styrkir

## til samgönguleiða

Samkvæmt 25. gr. vegalaga nr. 80/2007 er heimilt í vegáætlun að ákveða fjárveitingu til að styrkja tilteknar samgönguleiðir sem ekki falla undir skilgreiningar vega samkvæmt vegalögum.

Vegagerðin auglýsir hér með eftir umsóknum um styrki til samgönguleiða samkvæmt nefndri lagagrein og 4. gr. reglna nr. 1155/2011 um þetta efni. Umsókn um styrk skal senda til starfsstöðvar Vegagerðarinnar (Selfoss, Borgarnes, Akureyri, Reyðarfjörður) á því svæði þar sem viðkomandi framkvæmd er fyrirhuguð. **Umsóknum skal skilað eigi síðar en 1. apríl 2013.**

Nánari upplýsingar má finna á vef Vegagerðarinnar **www.vegagerdin.is** ásamt umsóknareyðublaði.

EUROPEAN DESTINATIONS OF EXCELLENCE

VEIST ÞÚ UM **AÐGENGILEGAN ÁFANGASTAÐ?**

**ERT ÞÚ MEÐ** AÐGENGILEGAN ÁFANGASTAÐ?

HVER VERÐUR
**GÆÐAÁFANGASTAÐUR ÍSLANDS 2013?**

**VEIST ÞÚ** UM GÓÐAN STAÐ?

**ER ALLT TIL STAÐAR** Á STAÐNUM ÞÍNUM?

**SKARAR** ÞINN STAÐUR **FRAM ÚR?**

**Ferðamálastofa kallar eftir umsóknum vegna sjöundu evrópsku EDEN- samkeppninnar um gæðaáfangastaði í Evrópu, European Destinations of Excellence. Yfirskrift þessa árs er „Aðgengilegir áfangastaðir“.**

Áhersla verður fyrst og fremst lögð á góða innviði og gæðaþjónustu fyrir fólk með skerta færni en sjálfbærnisjónarmið ráða einnig miklu í vali á gæðaáfangastað.

Mikilvægt er að þau verkefni/staðir sem sótt er um fyrir séu þegar í uppbyggingu og að umsækjendur hafi sýnt frumkvæði á þessu sviði a.m.k. síðustu þrjú árin.

**19.00** Bridge-tvímenningur verður spilaður í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

### Kvikmyndir

**15.00** MÍR sýnir kvikmyndina Þeiþei (Tishe!) í sal sínum að Hverfisgötu 105. Um er að ræða sérstæða rússneska heimildarkvikmynd frá árinu 2003. Aðgangur er ókeypis.

### Dansleikir

**20.00** Dansleikur Félags eldri borgara í Reykjavík verður haldin að félagsheimili þeirra, Stangarhyl 4. Danshljómsveitin Klassík leikur létta danstónlist til kl. 23.00. Aðgangseyrir fyrir félaga FEB í Reykjavík er kr. 1.500 en kr. 1.800 fyrir aðra gesti.

### Leikrit

**14.00** Möguleikhúsið sýnir barnaleikritið Langafi prakkari í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Leikritið er byggt á sögum Sigrúnar Eldjárns. Miðaverð er kr. 2.200.

### Tónlist

**12.15** Myrkum músíkdögum 2013 lýkur í dag. Hátíðin er haldin í Hörpu, tólistarhúsi. Dagskrá má finna á heimasíðunni www.myrkir.is.

**15.30** Þriðju tónleikar Hlífar Sigurjónsdóttur til að heiðra fiðlu- og tónmenningu í Suður-Þingeyjarsýslu verða í Húsavíkurkirkju.

**17.00** Andrea Jónsdóttir leikur lög af hljómplötum á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

### Leiðsögn

**14.00** Hafnarborg býður upp á fjölskylduleiðsögn um sýningu Bjarkar Viggósdóttur, Aðdráttarafl - hringlaga hreyfing, þar í safninu. Aðgangur er ókeypis.

**14.00** Boðið verður upp á barnaleiðsögn í Þjóðminjasafni Íslands. Leiðsögnin er hugsuð fyrir börn á aldrinum fimm til átta ára. Þátttaka er ókeypis og má reikna með að taki um 45 mínútur.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.*

Lemon

Reykjavik

# OPNAR Í MARS

**Lemon gerir ferskan og hollan mat sem unninn er úr besta mögulega hráefninu hverju sinni. Lemon verður með grillaðar sælkerasamlokur, safaríka hollustudjúsa & smoothies, gómsæt salöt o.fl. góðgæti úr framandi hráefnum sem trylla bragðlaukana.**

**Lemon býður eingöngu upp á ferska vöru matreidda á staðnum, framreidda í einstöku umhverfi.**

## VILTU VERÐA
# LEMON DJÚSARI?

**Við leitum að fáránlega hressu fólki á aldrinum 18-35 ára með ótrúlega útgeislun sem vill vinna á skemmtilegasta heilsubar landsins, sem er opinn frá kl. 7 á morgnana til kl. 20 á kvöldin. Við viljum fólk sem er tilbúið til að taka þátt í Lemon ævintýrinu með okkur, fólk sem er ákveðið, sýnir frumkvæði, vinnur sjálfstætt og virkar vel í Lemon liðsheildinni.**

**Sendu okkur á brostu@lemon.is**

**Eitt af gildum Lemon er að við borgum ekki eins lág laun og við komumst upp með, heldur eins góð og við getum.**

- VAKTSTJÓRAR
- DJÚSARAR
- GRILLARAR
- KAFFARAR

**Facebook.com/LemonIceland** **Lemon.is** **Instagram.com/LemonIceland**


Lyftu
Golf í
London
Eftirsóttir vellir og glæsileg hótel skammt frá London.
Verð frá: 94.700 kr.
Tímabil: Allt árið 2013.
Dvalartími: 3 nætur.
Innifalið er flug með sköttum og gisting.
Verð á mann í 3 nætur á
Coulsdon Manor ★★★★ með ½ fæði.
Golf á
Spáni
Lúxusgisting og einstaklega fallegir vellir í einmunablíðu.
Verð frá: 176.200 kr.
Tímabil: Mars og apríl.
Dvalartími: 7 nætur.
Innifalið er flug með sköttum og gisting.
M.v. 2 fullorðna í tvíbýli í 7 nætur á
Olivia Nova ★★★★ með ½ fæði.
Ahh...
París
Ólgandi ástríður, ljúffengur matur, menning og listir — í úrvali.
Verð frá: 119.900 kr.
Tímabil: Júlí og ágúst.
Dvalartími: 5 nætur.
Innifalið er flug með sköttum og gisting.
Verð á mann í 5 nætur á Hotel Mercure
Voltair Bastille ★★★ með morgunverði.
Brandenburg



WOW air
TRAVEL
þér út
LOFORÐ WOW
LÆGRA VERÐ
NÝRRI VÉLAR
OG BREIÐASTA BROSIÐ
Við fljúgum til **14 áfangastaða** í sumar. Við bjóðum lægra verð, nýjar og glæsilegar vélar og nóg af brosi um borð – og svo sjáum við að sjálfsögðu sjálf um fyrirsætustörfin. Við erum WOW. Lyftu þér upp með okkur og bókaðu strax á **wowtravel.is**.
WOW travel | Katrínartún 12 | 105 Reykjavík | 590 3000 | wowtravel@wowtravel.is | wowtravel.is
Ánægja í
Alicante
Allt sem hugurinn girnist. Sól, strendur og unaðslegur matur.
Verð frá: 77.500 kr.
Tímabil: 26. mars — 29. ágúst.
Dvalartími: Val um 5, 7, 9 og 14 nætur.
Innifalið er flug með sköttum og gisting. M.v. 2 fullorðna og 2 börn í 5 nætur á Hotel Maya ★★★ með ½ fæði.
Costa Brava
Barcelona
Sól, strönd, verslanir, skemmtun menning og listir.
Verð frá: 62.500 kr.
Tímabil: 10. júní – 30. ágúst.
Dvalartími: Val um 7, 9 og 14 nætur.
Innifalið er flug með sköttum og gisting. M.v. 2 fullorðna og 2 börn í 7 nætur á Nostre Mar ★★★.
Allsnægtir í
Amsterdam
Draumaborgin fyrir listunnendur og forvitna ferðalanga.
Verð frá: 79.900 kr.
Tímabil: 14. – 17. júní.
Dvalartími: 3 nætur.
Innifalið er flug með sköttum og gisting. Verð á mann í 3 nætur á Hotel Ibis Amsterdam City Stopera ★★★.




NAOMI WATTS
TILNEFND TIL GOLDEN GLOBE VERÐLAUNA
BESTA LEIKKONA Í AÐALHLUTVERKI

★★★★
„Ein af betri myndum ársins 2012.“
Mbl.

100/100
„Einstaklega raunveruleg stórslysamynd, sem lætur engan ósnortinn“
The Hollywood Reporter

100/100
„Fer beint í efsta sæti yfir þær myndir sem fólk verður að sjá á árinu.“
New York Observer

100/100
„Ógnvænlega vel gerð.“
Variety

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL Komin í bíó SAMBÍÓIN













# BÆTUM OG BÖKUM MEÐ BLÁBERJUM

**Enginn efast um hollustu bláberja en notkunarmöguleikar þeirra eru líka margir. Hér eru þau notuð í ábætisrétt, í brauðbakstur og súkkulaðiköku. Frosin berin henta hér vel og að sjálfsögðu einnig þau sem má kaupa í matvörubúðum. Þá má skipta bláberjum út fyrir hindber í öllum þessum uppskriftum.**

**Halla Bára Gestsdóttir**
**Gunnar Sverrisson**
homeanddelicious.com

### 1. Bláberjasúkkulaðikaka

200 g smjör
200 g súkkulaði
3 egg
½ tsk. vanilludropar
2 dl flórsykur
5 dl hveiti
2 tsk. lyftiduft
1 dl möndlur, maukaðar í mél
2-3 dl frosin bláber

**Rjómaostakrem**
4 dl rjómaostur
4 msk. flórsykur
1 eggjarauða
2 msk. bláberjasíróp, má sleppa

Bræðið saman smjör og súkkulaði. Kælið aðeins. Hrærið saman egg, vanilludropa og sykur þar til létt og ljóst. Bætið við hveiti og lyftidufti. Malið möndlur í mél í matvinnsluvél. Hrærið möndlumjölið saman við deigið. Hellið bráðnu súkkulaðinu út í deigið í mjórri bunu og setjið loks helminginn af berjunum varlega saman við það. Blandið vel en varlega svo berin haldi lögun sinni en merjist ekki út í deigið.

Hrærið saman allt hráefnið í rjómaostakremið. Uppskrift af bláberjasírópinu er gefin hér í þættinum en því má sleppa. Kremið er líka gott án þess.

Klæðið 20 cm form með bökunarpappír. Hellið deiginu í. Hellið rjómaostakreminu í mjórri bunu hring eftir hring yfir deigið í forminu. Notið gaffal til að hræra kremið örlítið saman við deigið.*

Sáldrið afganginum af berjunum yfir og bakið kökuna við 180 gráður í 40-50 mínútur eða þar til efsta lag kökunnar er orðið stinnt þegar ýtt er á það. Alls ekki baka kökuna mikið. Hafið hana vel mjúka í miðjunni. Kælið kökuna aðeins áður en hún er borin fram með rjóma eða ís.

Notið litlar hringhreyfingar þegar þið hrærið rjómaostakremið saman við deigið með gafflinum svo úr verði marmaramunstur.

### 2. Bláberjabrauð

250 ml mjólk, velgd
2 tsk. þurrger
2 msk. sykur
2 msk. hunang
1 tsk. salt
250 g hveiti
80 g rjómaostur
40 g brætt smjör
160 g frosin bláber
70 g valhnetur, gróft saxaðar
1 eggjarauða

Smurt með bláberjasírópi eða sultu og vatni, þá er 1 msk. sulta á móti 1 msk. af vatni, sem er hitað saman svo komi gljái og smá sæta á skorpuna, má sleppa.

Hitið ofn í 180 gráður. Velgið mjólkina og stráið gerinu yfir ásamt sykrinum. Látið gerið leysast upp, í um 5 mínútur. Hrærið saman og setjið hunang, salt, hveiti, rjómaost og smjör saman við, hnoðið þannig að deigið nái festu. Frosin berin og hneturnar fara þá saman við. Hnoðið varlega þegar berin eru komin í deigið, best að hafa þau vel frosin, þau smita svo miklum lit út frá sér um leið og þau þiðna og brauðið verður þá fjólublátt. Setjið deigið í smurt brauðform og látið hefast í forminu í klukkustund. Penslið með eggjarauðunni og bakið í 40 mínútur eða þar til gullið.

Hitið saman sultu og vatn eða notið bláberjasíróp sem gefin er uppskrift af hér í þættinum. Smyrjið brauðið með því svo það fái á sig fallegan gljáa. Kælið aðeins og berið fram með bláberjasultu og góðum ostum.

### 3. Bláberjaostakaka í bolla

**Ostakrem**
250 g rjómaostur við stofuhita
55 g flórsykur
1 tsk. vanilludropar
60 ml rjómi, þeyttur
5-8 msk. bláberjasíróp, magn eftir smekk
bláber til skrauts

**Botn**
100 g hafrakex, hafrakex með súkkulaði eða t.d. Oreo-kex
50 g suðusúkkulaði
25 g salthnetur eða aðrar hnetur, má sleppa
30 g smjör

**Bláberjasíróp**
250 g bláber
150 ml vatn
50 ml ferskur limesafi
3 msk. fersk basilíka eða mynta
100 g hrásykur

Hitið allt hráefnið í sírópið saman í potti í 10 mínútur. Sigtið og kremjið berin í gegnum sigtið. Hitið sírópið aftur að suðu. Kælið. Ef vilji er til að hafa sírópið þynnra skal bæta örlitlu af vatni saman við blönduna í pottinum. Kælið.

Hrærið rjómaost, flórsykur og vanilludropa saman í hræri- eða matvinnsluvél þar til mjúkt og kekkjalaust. Blandið þeytta rjómann og sírópið varlega saman við og hrærið.

Setjið allt hráefnið í botninn í matvinnsluvél og kurlið þar til úr verður fín blanda. Veljið fallega bolla eða glös til að bera fram fyrir hvern og einn. Þrýstið blöndunni vel niður í hvern bolla, um 1 cm þykkt lag.

Ostablandan fer ofan á botninn og er smurð vel til. Skreytt að vild. Látið í ísskáp í klukkustund áður en borið fram.

# BORGIN MÍN Í REYKJAVÍK FER ÉG LANGOFTAST Á HAMBORGARABÚLLUNA



**FÆÐINGARBORGIN** Fannari þykir Reykjavík besta borg í heimi enda er það fæðingarborgin hans og þar býr hann enn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**FANNAR SVEINSSON**

Fannar Sveinsson er annar Hraðfréttamanna sem slegið hafa í gegn með innslög sín í Kastljós á RÚV í vetur. Þeir Fannar og Benedikt Valsson hafa svo tekið þátt í Eurovisionhátíðahöldunum í Efstaleiti undanfarnar vikur og verða í eldlínunni þegar framlag Íslands í Eurovision verður valið í Hörpu í kvöld. Fréttablaðið bað Fannar að greina lesendum sínum frá sinni uppáhaldsborg í heiminum og hann velur Reykjavík, þar sem hann er fæddur, uppalinn og býr enn.

**Hver er uppáhaldsborgin þín?**
Reykjavík.

**Hvers vegna er hún uppáhaldsborgin þín?**
Hún er vaggan sem ég fæddist í.

**Hvenær fórstu þangað síðast?**
Áðan.

**Hvað er hægt að skoða þar?**
Það er Sjóminjasafn, ylströnd og fullt af alls konar.

**Hvað er hægt að gera þar?**
Þar er hægt að fara í baðlaugar, borða pylsur með öllu og svo var að opna ný keiluhöll sem er geðveikt kúl.

**Hvar er gott að fara út að borða þar?**
Eiginlega allt sem manni dettur í hug en ég fer lang oftast á stað sem heitir Búllan „The Hamburger Joint" og fæ mér Tilboð aldarinnar sem er hamborgari, franskar og kók.

**Hvar er best að versla?**
Það eru staðir í borginni sem heita Kringlan og Smáralind sem eru verslunarmiðstöðvar. Svo er annar staður sem heitir Laugavegur sem er svona fyrsti og elsti staðurinn til að versla á. Ég myndi samt segja að Kolaportið, gamall og töff staður í hjarta borgarinnar, sé besti staðurinn til að versla því þar er allt til alls.

## APP VIKUNNAR




### Vine

Flestir snjallsímanotendur þekkja hið vinsæla myndatöku-app Instagram. Segja má að Vine, sem gefið var út í síðustu viku, sé eins og Instagram nema í stað þess að taka ljósmyndir tekur það upp stutt, sex sekúndna löng myndbönd. Vine er ekki fyrsta appið til að bjóða upp á þjónustu sem þessa en það er kannski líklegast til vinsælda. Það er nefnilega hannað af Twitter og er með beina tengingu við örbloggsíðuna vinsælu.




**Skýringar:**
App fyrir Apple-tæki
App fyrir Android-tæki
App fyrir Windows






# Flytjendur spurðir spjörunum úr

Flytjendurnir níu sem keppa til úrslita í Söngvakeppninni í kvöld svöruðu nokkrum völdum spurningum. Fleiri svör má finna á visir.is

### EYÞÓR INGI

**Hvern dreymir þig að hitta?** David Bowie og Thom Yorke.
**Hverjum myndir þú vilja veita fálkaorðuna?** Ladda. Hann á það skilið fyrir allt gullið sem hann hefur fært þjóðinni í gegnum árin.
**Hvað er mest pirrandi í heimi?** Leiðinleg tónlist sem óvart verður vinsæl.
**Besta íslenska Eurovision-lagið?** Á erfitt með að gera upp á milli Eurovísa með Botnleðju og Hvar ertu nú með Dr. Spock.

### MAGNI ÁSGEIRSSON

**Hverjum myndir þú vilja veita fálkaorðuna?** Hinum íslenska hjúkrunarfræðingi. Ástæðan er augljós, ótrúlegt fólk að vinna gríðarlega erfiða vinnu fyrir skítakaup.
**Hvenær á Britney Spears afmæli?** Fædd 29. maí 1981, nákvæmlega sama dag og Eyrún eiginkonan mín!
**Versta íslenska Eurovision-lagið?** Höfum við ekki alltaf farið á kostum og Evrópa bara misskilið okkur?
**Hvað yrði það fyrsta sem þú myndir gera þegar þú værir búin að vinna?** Gráta! Ég held í alvöru að ég myndi gráta gleðitárum.

### HREINDÍS YLVA

**Hvern dreymir þig að hitta?** Meryl Streep, Kate Winslet og Dolly Parton, kannski allar saman bara, það væri gott partí held ég.
**Hvern ætlar þú að kjósa í kvöld?** Það á pottþétt eftir að vera svo gaman að ég bara gleymi því. En mig langar að gefa hárinu hans Svavars Knúts einhvers konar töffaraatkvæði.
**Hvað er mest pirrandi í heimi?** Neikvæðni, tuð og þegar búin eru til vandamál.

### STEFANÍA SVAVARS

**Hver er fyrirmyndin þín á sviði?** Beyoncé. Falleg, hlý og 100% pitch.
**Hvað er mest pirrandi í heimi?** Að missa símann á milli sætanna í bílnum og að vera rosalega svangur og panta sér franskar en svo eru þær alltof heitar þegar maður fær þær.
**Hvað yrði það fyrsta sem þú myndir gera þegar þú værir búin að vinna?** Hringja í mömmu.

### JÓGVAN

**Söngstu með Gleðibankanum árið 1986?** Nei, þá bjó ég í Færeyjum og vissi ekkert um Ísland.
**Ef þú þyrftir að hlusta á sama lagið stöðugt í tvö ár, hvaða lag myndirðu velja?** Ormurin langi, færeyskt kvæði í 86 versum sem mynda góða sögu.
**Ef þinn versti óvinur þyrfti að gera slíkt hið sama, hvaða lag myndirðu láta hann hlusta á?** Ormurin langi. Því hann skilur ekki færeysku.
**Hvað yrði það fyrsta sem þú myndir gera þegar þú værir búin að vinna?** Þakka Guði og þjóðinni og fara síðan á KFC.

### HARALDUR REYNIS

**Hvern dreymir þig að hitta?** Bob Dylan. Hann er móðurkartaflan í þessum bransa, hefur sett ný viðmið og er trúr sjálfum sér.
**Hverjum myndir þú vilja veita fálkaorðuna?** Á einhver eftir að fá hana? Ég vil að orðan sé veitt fólki sem leggur sitt af mörkum til að gera heiminn að betri stað.
**Hvað yrði það fyrsta sem þú myndir gera þegar þú værir búinn að vinna?** Þakka fyrir mig, halda partí fyrir vini og fjölskyldu og fara í ísbíltúr með Elínrós og Dallilju sem sungu með mér.



**KEPPINAUTAR** Þau Eyþór Ingi, Birgitta, Haraldur, Hreindís Ylva, Jógvan, Stefanía, Unnur, Magni og Svavar Knútur stíga á svið í Hörpu í kvöld og keppa um sigur í Söngvakeppninni 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### SVAVAR KNÚTUR

**Söngstu með Gleðibankanum árið 1986?** Algjörlega. Ég var tíu ára og fullur af von og draumum sem brustu svo með 16. sætinu.
**Veistu hvenær Britney Spears á afmæli?** Nei, en ég veit hvenær Emma Bunton, Baby Spice á afmæli. Hún er fædd 21. janúar 1976, alveg eins og ég. Hún er æði, uppsprетta allrar minnar minnimáttakendar..
**Hvor er sætari, Gunna Dís eða Þórhallur?** Gunna Dís er miklu sætari!!

### BIRGITTA

**Hverjum myndir þú vilja veita fálkaorðuna?** Vilborgu pólfara, ekki spurning. Hún á skilið þá næstu.
**Ef þinn versti óvinur þyrfti að hlusta á sama lagið stöðugt í tvö ár, hvaða lag myndirðu láta hann/hana hlusta á?** Ég myndi neita honum um tónlist.
**Hvað yrði það fyrsta sem þú myndir gera þegar þú værir búin að vinna?** Ætli ég myndi ekki æpa út í loftið og gera mig að fífli.

### UNNUR

**Hvern dreymir þig að hitta?** Ég vildi að ég hefði hitt Michael Jackson, farið með honum í Neverland og hitt Bubbles, apann hans.
**Hverjum myndir þú vilja veita fálkaorðuna?** Óla Ragg fyrir að hafa staðið á sínu í þessu IceSave-rugli.
**Veistu hvenær Britney Spears á afmæli?** 2. desember auðvitað! Þessi dagur var haldinn hátíðlegur þegar ég var yngri (og líka eftir að ég eltist, ég fer bara leynt með það). - trs


ÓDÝRT!
NICOTINELL FRUIT




Verðsamanburður á Nicotinell Fruit og þremur vinsælustu tegundum sígaretta

## Það er ódýrara að nota Nicotinell Fruit heldur en að reykja!

**Í þessum samanburði er gert ráð fyrir því að einstaklingurinn tyggi eitt tyggjó fyrir hverja sígarettu sem hann reykti*****

| Tegund | Fjöldi í kartoni | Meðalverð pr. karton* | Meðalverð pr. sígarettu | Meðalverð pr. pakka |
|---|---|---|---|---|
| 3 vinsælar tegundir | 200 | 11.407 | 57.04 | 1.141 |

| Tegund | Bragð | Styrkleiki | Pakkning | Meðalverð pr. pakka** | Meðalverð pr. tyggjó | Meðalverð x20 | Sparnaður |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Nicotinell | Fruit | 2 mg | 24 | 608 | 25.33 | 507 | -56% |
| Nicotinell | Fruit | 2 mg | 96 | 2.437 | 25.39 | 508 | -55% |
| Nicotinell | Fruit | 2 mg | 204 | 4.511 | 22.11 | 442 | -61% |
| Nicotinell | Fruit | 4 mg | 96 | 3.491 | 36.36 | 727 | -35% |
| Nicotinell | Fruit | 4 mg | 204 | 6.280 | 30.78 | 616 | -46% |

2013 NCH 007 Nicotinell

* Verðkönnun framkvæmd af MMR, 29. janúar 2013 í 10-11, Stöðinni, N1, Olís, Hagkaup, Krónan, Samkaup og Nóatún.
** Verðkönnun framkvæmd af MMR, 29. janúar 2013 í 16 apótekum.
***Í flestum tilfellum nægir að nota á bilinu 8-12 tyggjó á dag. Mest skal nota 25 stk. af 2 mg og 15 stk. af 4 mg

Nicotinell er samstarfsaðili Krabbameinsfélagsins

Nicotinell Fruit lyfjatyggigúmmí, inniheldur 2 eða 4 mg . nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Ekki má nota Nicotinell Fruit ef þú reykir ekki og ekki má reykja samhliða notkun Nicotinell Fruit. Ráðlagður skammtur fer eftir því hversu háð/-ur þú ert reykingum. Þú skalt nota Nicotinell Fruit 4 mg ef þú ert með mikla nikótínþörf, reykir fleiri en 30 sígarettur/sólarhring eða ef þér hefur ekki tekist að hætta að reykja með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmís. Annars skaltu nota Nicotinell Fruit 2 mg ef reykt er minna en 20 sígarettur á sólarhring. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stærri skammtsins skaltu íhuga minni skammt í staðinn. Tyggið hægt þar til finnst sterkt bragð, látið tyggigúmmíið hvíla á milli kinnar og tannholds, tyggið aftur þegar bragðið dofnar, endurtakið í um 30 mínútur. Ekki má kyngja lyfjatyggigúmmíinu. Í upphafi meðferðar skaltu venjulega nota eitt stk á 1 2 klst. fresti þegar þú finnur fyrir reykingaþörf. Venjuleg notkun er 8-12 stk í á sólarhring. Þú mátt ekki nota fleiri en 25 af 2 mg eða meira en 15 af 4 mg lyfjatyggigúmmí á sólarhring. Lengd meðferðar er einstaklingsbundin en varir yfirleitt í a.m.k. 3 mánuði, þá skal draga úr fjölda stk. smám saman. Meðferð skal hætt þegar neyslan er komin niður í 1-2 stk á sólarhring og er ekki mælt með notkun lengur en í 1ár. Sumt reykingafólk gæti þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Leitaðu faglegrar ráðgjafar hjá lækni eða lyfjafræðingi ef þú getur ekki hætt að nota lyfið eftir eitt ár eða ef þér tekst ekki að fækka fjölda reyktra sígaretta eftir 6 vikur. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er tilbúinn til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafræðing áður en þú notar Nicotinell því ekki er víst þú megir nota lyfið ef þú hefur: ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefna lyfsins,fengið einhverja hjarta eða æðasjúkdóma, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil/nýrnahettur, ert með alvarlega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi, með magasár eða gervitennur. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ



SLEPPTU DÝRINU Í ÞÉR LAUSU
KLESSUBÍLAR kr. 350 ALLA HELGINA
FORELDRAR FÁ FRÍTT MEÐ
1. VINNINGUR 20.000 INNEIGNARKORT FYRIR SIGURVEGARANN Í KAROKEE KEPPNI HEFST KL. 16
Blússandi 80's tónlist í garðinum og staffið klætt frá þessum flotta áratug
KARAOKE KEPPNI
í Skemmtigarðinum
80´s stemning alla helgina og karaoke keppni kl. 16.00 á laugard. og sunnud.
pepsi
BETRI STOFAN
Nú er tilvalið að koma með alla fjölskylduna í Skemmtigarðinn hafa gaman saman
ÞÚ BORGAR KR. 2990 OG FÆRÐ
1.5 KLST. GILDIR FYRIR 1 EINSTAKLING
TÍMAKORT
Safnar ekki tívolípunktum
1,5 klst í öllum tækjunum nema tæki sem gefa vinninga
ÞÚ BORGAR KR. 3000 OG FÆRÐ
KR. 4000 INNEIGNARKORT
Safnar tívolípunktum og allir fá vinning
ÞÚ BORGAR KR. 6000 OG FÆRÐ
KR. 10.000 INNEIGNARKORT
Safnar tívolípunktum og allir fá vinning
FRÍTT PEPSI MEÐ HVERJU SELDU TILBOÐI
S.534 1900
BARNALAND
Allir kátir krakkar fá fría andlitsmálun
KOSINN BESTI INNANHÚSS SKEMMTIGARÐUR Í HEIMI ÁRIÐ 2012
Skemmtigarðurinn
Skemmtun fyrir alla fjölskylduna
www.skemmtigardur.is



**SYNGUR FYRIR PABBA** Robbie Williams ætlar að syngja í brúðkaupi föður síns. NORDICPHOTOS/GETTY

## Syngur í brúðkaupinu

Popparinn Robbie Williams ætlar að syngja í brúðkaupi föður síns, Pete Conway. Hann gengur að eiga suður-afríska unnustu sína, hina 38 ára Melanie Mills, á næstunni. Hinn 64 ára Conway bar upp bónorðið í Möltu á síðasta ári eftir tveggja ára samband.

Williams mun þannig endurgjalda föður sínum greiðann því hann söng í brúðkaupi Williams í Los Angeles árið 2010 þegar hann gekk að eiga Aydu Field. Conway og móðir Williams skildu þegar popparinn var þriggja ára.

# Héldu upp á útkomu Flowers

Í tilefni af útgáfu þriðju plötu Sin Fang, Flowers, var haldið útgáfuhóf á skemmtistaðnum Harlem. Þar þeytti Sin Fang sjálfur skífum fyrir gestina og hélt uppi góðri stemningu. Platan kemur út á vegum þýska útgáfufélagsins Morr Music. Hún kemur einnig út sem hjólabretti á vegum bandaríska hjólabrettaframleiðandans Alien Workshop.



**SIN FANG** Sindri Már Sigfússon, eða Sin Fang (til hægri), ásamt Matthíasi Árna Ingimarssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Í ÚTGÁFUHÓFI** Róbert Róbertsson og Jón Þorsteinsson mættu í útgáfuhófið.



**HILDUR OG HJÖRDÍS** Hildur Hlíf Hilmarsdóttir og Hjördís Pálsdóttir voru á meðal gesta.



**ANNA OG ARNAR** Anna Margrét Kristjánsdóttir og Arnar Heiðar Sævarsson hlustuðu á Sin Fang.




**ÞEYTTI SKÍFUM** Sin Fang þeytti skífum og hélt uppi góðri stemningu.








**LINCOLN** Daniel Day-Lewis þykir standa sig frábærlega.

# Handverksmaðurinn

BÍÓ ★★★☆☆

**Lincoln**
Leikstjóri: Steven Spielberg.
Leikarar: Daniel Day-Lewis, Tommy Lee Jones, Sally Field, David Strathairn, Joseph Gordon-Levitt, James Spader, Hal Holbrook.

Það er langt síðan leikstjórinn Steven Spielberg gerði kvikmynd sem jafnast á við hans bestu frá því í gamla daga. Aðdáendur hans eru enn ekki búnir að fyrirgefa honum hina hallærislegu War Horse sem kom út fyrir rúmu ári og efasemdir létu á sér kræla um að hann ætti eitthvað inni sem kvikmyndagerðarmaður. En nú setur hann sig í stellingar og færir okkur 150 mínútna langa mynd um einn virtasta og dáðasta Bandaríkjaforsetann, Abraham Lincoln.

Sagan hefst nokkrum mánuðum fyrir dauða forsetans og segir frá baráttu hans fyrir afnámi þrælahalds í landinu. Andstaðan var mikil og þótti mörgum forsetinn ganga helst til langt í tilraunum sínum til að binda enda á borgarastyrjöldina sem þá geisaði. Ef til vill er erfitt fyrir Íslending norður í ballarhafi að tengja við aðdáun Bandaríkjamanna á þessum löngu látna pólitíkus en myndin er góð kennslustund og aldrei leiðinleg.

Spielberg veit vel að herðar Daniel Day-Lewis eru nógu breiðar til að láta mynd af þessari stærðargráðu hvíla á, enda er hann algjörlega frábær í hlutverki sínu. Lítið fer fyrir Sally Field þrátt fyrir tilnefningu til Óskarsverðlauna fyrir hlutverk forsetafrúarinnar, Mary Todd Lincoln. Tommy Lee Jones stelur hins vegar senunni sem repúblikanaleiðtoginn skrautlegi Thaddeus Stevens og á skemmtilegustu atriði myndarinnar.

Myndatakan er glæsileg, sviðsmynd og búningar eins og best verður á kosið og það sjálfsögðu er John gamli Williams til staðar með tónsprotann sinn. Allt er þetta gott og blessað og það er himinn og haf á milli Lincoln og War Horse hvað gæði varðar. Þrátt fyrir þetta er eins og leikstjórann vanti einhvern listrænan neista. Hann er afar fær handverksmaður, það vantar ekki, en leikstjórans sem gerði Raiders of the Lost Ark, Schindler's List og Jaws er enn sárt saknað.

**Haukur Viðar Alfreðsson**

**NIÐURSTAÐA:** Spielberg fyrirgefst hestamyndin en hann getur gert betur en þetta.

# Vill ekki fá Stewart í heimsókn

Leikarinn Robert Pattinson daðrar við dömur í Ástralíu og hefur tjáð kærustunni að hennar sé ekki óskað.

Leikarinn Robert Pattinson hefur tjáð kærustu sinni, Kristen Stewart, að hafa ekki fyrir því að heimsækja sig til Ástralíu. Þar er Pattinson staddur við tökur á myndinni The Rover en samkvæmt blaðinu Star Magazine ku Pattinson vera að skemmta sér vel milli taka. Sást meðal annars til hans á skemmtistað í Adelaide daðrandi við stúlkur ásamt samstarfmönnum sínum.

Mikið hefur gengið á í sambandi parsins síðastliðna mánuði, eftir að Stewart viðurkenndi framhjáhald með leikstjóranum Rupert Sanders í sumar. Pattinson ákvað að fyrirgefa Stewart og allt virtist leika í lyndi yfir hátíðarnar. Samkvæmt heimildum blaðsins á Pattinson að hafa sagt við Stewart að hann vildi nýta tímann í Ástralíu til að hugsa sinn gang.

Framhjáhald Sanders og Stewart hefur því haft miklar afleiðingar fyrir báða aðila. Þau kynntust við tökur á myndinni Snow White and the Huntsman þar sem Sanders leikstýrði Stewart. Eiginkona leikstjórans til tíu ára, leikkonan Liberty Ross, sótti um skilnað við hann í vikunni eftir marga mánaða hjónabandsráðgjöf.



**ÁSTIN BÚIN?** Robert Pattinson nýtir tímann við tökur í Ástralíu til að endurskoða samband sitt við leikkonuna Kristen Stewart. NORDICPHOTOS/GETTY



**SKYFALL VINSÆLUST** Daniel Craig ásamt leikstjóranum Sam Mendes.

## Milljarður í bresk bíóhús

Þrátt fyrir að sífellt fleiri nálgist kvikmyndir á netinu námu miðasölutekjur bíóa í Bretlandi meira en milljarði punda, eða 200 milljörðum íslenskra króna, árið 2012. Næstum áratugur er síðan fleiri sóttu kvikmyndahús í Bretlandi. Svo virðist sem Bond-myndin Skyfall eigi þar hlut að máli. Yfir 172 milljónir manna fóru í bíó í Bretlandi í fyrra, samkvæmt tölum bresku kvikmyndastofnunarinnar. Skyfall var vinsælasta mynd ársins með tekjur upp á rúmar 100 milljónir punda. Í öðru sæti, með um tvöfalt lægri tekjur, lenti The Dark Knight Rises.



**MEG WHITE** Meg White er í miklu uppáhaldi hjá Dave Grohl. NORDICPHOTOS/GETTY

## Meg White í uppáhaldi

Rokkarinn Dave Grohl hefur lofað trommuleik Meg White með rokkdúettnum sáluga The White Stripes í hástert. Einfaldur trommustíll White hefur oft verið gagnrýndur. Grohl er ekki á sama máli og segir White í hópi með bestu trommurum sögunnar eins og Keith Moon og John Bonham. Í viðtali við Rolling Stone segir hann nútímatrommuleik skorta persónuleika og hann njóti þess að hlusta á trommara sem séu kannski ekki tæknilega framúrskarandi en hafi samt búið til góða tónlist. „Það er gaman að hlusta á trommara eins og Meg White, einn af mínum uppáhaldstrommurum,“ sagði fyrrverandi trommari Nirvana.



**NÝ HEIMILDARMYND** Whitney Houston drukknaði í Los Angeles fyrir rúmu ári.

## Dagurinn sem Whitney dó

Dave Grohl, Katy Perry og Taylor Swift eru á meðal tónlistarmanna sem ræða um daginn sem Whitney Houston dó í nýrri heimildarmynd um söngkonuna.

Myndin heitir The Grammys Will Go On: A Death In the Family. Hún kemur út ári eftir að Houston drukknaði í baðkari á hótelherbergi í Los Angeles kvöldið fyrir Grammy-verðlaunin. Aðrir sem koma fram í heimildarmyndinni eru Bruce Springsteen, Bruno Mars og LL Cool J, sem fór með bæn fyrir Houston í upphafi Grammy-athafnarinnar í fyrra. Myndin kemur út 9. febrúar en Grammy-verðlaunin verða haldin daginn eftir.



# TIL HAMINGJU VILBORG!

Með göngu sinni á Suðurpólinn hefur Vilborg safnað **15 milljónum króna** fyrir Líf styrktarfélag sem notaðar verða til endurbóta á **kvenlækningadeild Landspítalans.**

Líf mun standa fyrir móttökuhátíð til heiðurs Vilborgu **í Hörpu á morgun, sunnudag kl. 15.**

Við bjóðum alla velkomna og þökkum öllum þeim sem hafa lagt málefninu lið.



## BAKHJARLAR VILBORGAR:

Ljósmynd: Óli Haukur **www.olih.is**

www.baddydesign.com

# LÍF
Styrktarfélag

## VIÐ ÞÖKKUM EFTIRFARANDI FYRIRTÆKJUM KÆRLEGA FYRIR OKKUR:

7.is ehf. Aalborg Portland Íslandi hf. Aðalvík ehf. Aflbinding ehf. Arason ehf. ARGOS Arkitektastofa Grétars og Stefáns Arkís arkitektar ehf. **Auðbjörg ehf.** Austfar ehf. Árni Reynisson ehf. Ás fasteignasala ehf. Ásbjörn Ólafsson ehf. B. Jensen ehf. B.V.T. ehf. Baugsbót ehf. BF. Byggingar ehf. Bibbi Jóns ehf. Bifreiðastöð Þórðar Þ. Þórðarson Bifreiðaverkstæði Sigursteins ehf. Bílagerði ehf. Bílamálun Egilsstöðum ehf. Bílar og Hjól ehf. Bílasmiðurinn hf. Bílaverkstæði Hjalta ehf. Bjarmar ehf. Blikksmiðjan Vík ehf. Bókhaldsstofan ehf. Bókhaldsstofan Stykkishólmi ehf. **Breiðdalshreppur** Brekkan ehf. Byggðasafnið Skógum Danica sjávarafurðir ehf. Dúnhreinsunin ehf. Dýralæknaþjónusta Suðurlands Eignamiðlunin ehf. Eignaumsjón hf. Eldhestar ehf. Eldvarnarþjónustan ehf. Esjar ehf. Fagverk verktakar sf. Fasteignasalan Garður ehf. Ferskar kjötvörur hf. Félag verslunar- og skrifstofufólks Fiskverkun Kalla Sveins ehf. Fínpússning ehf. Fjallabak ehf. Fjallasýn Rúnars Óskarssonar ehf. Flakkarinn ehf. Fljótsdalshérað Flúðaleið - flutningar ehf. Forsvar ehf. Fossberg ehf. Föt og skór ehf. Garðabær Geymsla Eitt ehf. **Gistiheimilið Bjarmalandi ehf.** Gleraugnakompaníið ehf. Glóey ehf. Glófi ehf. GM-Múr ehf Guðmundur Jónasson ehf. Gufuhlíð ehf. Gull- og silfursmiðjan ehf. H.H. Smíði ehf. Hafgæði sf. Hafkalk ehf. Halldór Jónsson ehf. Handavinnuhúsið sf. Hansastál ehf. Happdrætti Háskóla Íslands Hefilverk ehf. Heildverslunin Glit ehf. Héðinn Schindler lyftur hf. Héraðsbókasafn Rangæinga **Héraðsprent ehf.** Híbýli fasteignasala ehf. Hjálpræðisherinn Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal **Hópsnes ehf** Hótel Egilsstaðir ehf Hringsjá, náms- og starfsendurhæfing **HS Orka hf** **Hugsmiðjan ehf** Hveragerðisbær Hylling ehf., Reykjavík Höfði eignarhaldsfélag ehf. Iceland Seafood ehf. Iceland Travel Mart ehf. Ingibjörg ehf. Ísafold ehf. Ísak ehf. Ísblóm - Orkídea ehf. Íslandspóstur hf. Íslandsspil sf. Íslenska fánasaumastofan ehf. J. S. Gunnarsson hf. J.B.G. fiskverkun ehf. E Vélaverkstæði ehf. Jóhann Hauksson, trésmíði ehf. JP Lögmenn ehf. **K.H.G. Þjónustan ehf**. K.Þ. Verktakar ehf. Kaffibaunin ehf. Kambur ehf. Kaupfélag Skagfirðinga **Kauphöll Íslands hf.** Kaupverk ehf. Kjöthöllin ehf. Klippt og skorið **KONE ehf.** Krúska ehf. Kvenfélag Mývatnssveitar Kynning og markaður - KOM ehf. Lagnalind ehf. **Landsnet hf.** Langa ehf. Laxakort ehf. Leiðbeiningamiðstöðin ehf. Litla Bílasalan ehf. Lífeyrissjóður Vestfirðinga Lögmenn Höfðabakka ehf. Löndun ehf. **Maritech ehf.** MAXIMA ehf. Minniborgir ehf. Móðir Náttúra ehf. Mýrdalshreppur Nathan og Olsen hf . Nesmúr sf. **Nesskip hf.** Netorka hf. Nobex ehf. Nonni litli ehf. Nostra Ræstingar ehf. Orkusalan ehf. Ottó B. Arnar ehf. Passamyndir ehf. Plastco ehf . **Promens Reykjavík** **Promens Tempra ehf**. Prófílstál ehf. PV-pípulagnir ehf. Rafbreidd ehf. **Rafgeisli Tómas R. Zoëga ehf.** Rafrún ehf. Rafsvið sf. Raftákn ehf. Raftækniþjónusta Trausta ehf. Ragnar V. Sigurðsson ehf. Rangá sf **Rarik ohf.** Reiknir ehf. Rekstrarfélag Kringlunnar Reykjanesbær **Réttur - Aðalsteinsson & Partners ehf.** Ríki Vatnajökuls ehf. RJR ehf. Rjúpnavellir ehf. S4S ehf. Saumastofan Íris ehf. Seyðisfjarðarkaupstaður Sigurgeir G. Jóhannsson ehf. SÍBS Síldarvinnslan hf. Sjómanna & vélstjórafélag **Skinney - Þinganes hf.** Skóstar ehf. Skýlið ehf. Sláturfélag Vopnfirðinga hf. Smali ehf Sorpsamlag Þingeyinga ehf. **Spennubreytar** **Spírall prentþjónusta ehf.** Sprettur - þróun og stjórnun ehf. Steinbock-þjónustan ehf. Steindir ehf. Stjórnendafélag Austurlands Stólpi-gámar ehf. Suzuki-bílar hf. Súðavíkurhreppur Svansprent ehf. Sæbjörg ehf. Tanni ferðaþjónusta ehf. Tannlæknastofa Halls/Petru slf. Tannréttingar sf. Teknís ehf. **Terra Export ehf.** THG arkitektar ehf. Thorp ehf. Tískuverslunin Ríta ehf. Tæki og tól ehf. Umbúðamiðlun ehf. **Unique hár & spa ehf.** Uppsalir, dvalarheimili aldraðra Uppstreymi ehf. Valhöll fasteignasala ehf. **Varmi ehf.** VDO verslun og verkstæði Veiðisport ehf. Veitingastaðurinn Fljótið ehf. Verkfræðistofan Skipatækni ehf. Verkstjórafélag Snæfellsness **Verksýn ehf.** Verslunarmannafélag Suðurnesja **Verzlunarskóli Íslands** Vesturbyggð Vesturfarasetrið Vélsmiðja Sandgerðis ehf. Vélsmiðjan Ásverk ehf. **Vignir G. Jónsson hf.** Villi Valli ehf. VSB verkfræðistofa ehf. **VSÓ-Ráðgjöf ehf.** Vörubílastöðin Þróttur hf. Þ.H.blikk ehf. Þaktak ehf. Þorsteinn Bergmann ehf. ÞÓB vélaleiga ehf. Þórisholt ehf. Þvottahúsið Faghreinsun/Kolbakur ehf. Ökumælar ehf. Önundur ehf.





**MANNSHVARF** Helga Arnardóttir fjallar um hvarf Valgeirs Víðissonar árið 1994. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGEIR

# Ofsalega flókin saga

## Fjallað um Valgeir Víðisson í Mannshvörf á Íslandi.

Fjallað verður um hvarf Valgeirs Víðissonar í næsta þætti af Mannshvörfum á Íslandi á Stöð 2 á sunnudagskvöld.

Helga Arnardóttir, umsjónarmaður þáttarins, segir málið það umtalaðasta í þáttaröðinni. „Þetta er ofsalega flókin saga. Hann hverfur aðfaranótt 19. júní 1994, þrítugur að aldri, eins og jörðin hafi gleypt hann. Upp frá því hefst mikil rannsókn. Fyrst var þetta meðhöndlað sem mannshvarf en svo berst lögreglu til eyrna að þetta sé mögulega saknæmt og tengist undirheimunum. Rannsóknin líður undir lok undir lok ársins 1994 án uppgötvana,“ segir Helga.

„Pabbi hans hélt baráttunni áfram og hélt fjölmiðlum og lögreglu við efnið. Upp úr aldamótum hefst rannsóknin að nýju, sem gerir málið öðruvísi en önnur því það er ekki oft sem mál eru tekin upp að nýju. Þarna eru ýmis atriði sem margir vita ekkert um, sem við upplýsum um í þættinum.“

Aðspurð segist Helga hafa fengið nokkrar ábendingar varðandi hvarf Valgeirs. „Það eru margir sem telja sig vita hvar hann er niðurkominn en lögreglan er búin að kanna allar þær ábendingar í gegnum árin. En ég slæ ekki hendinni á móti ábendingum og hvet fólk til að hafa samband,“ segir hún.

- fb

# Mætti í draggi í áheyrnarprufu

Steven Tyler, söngvari Aerosmith, mætti óvænt í draggi í áheyrnarprufu fyrir American Idol.

Tyler, sem er nýhættur sem dómari í keppninni, mætti með ljósa hárkollu, andlitsfarða, í stuttu pilsi og með gervibrjóst. Dómararnir Mariah Carey, Keith Urban, Nicki Minaj og Randy Jackson gátu ekki annað en hlegið að uppátækinu. Tyler var svekktur yfir því að komast ekki áfram í næstu umferð. Hann þakkaði fyrir sig og óskaði nýjum dómurum góðs gengis. „Mig langaði bara að mæta og segja hæ. Ég elska ykkur. Gangi ykkur vel á þessu ári.“



**STEVEN TYLER** Söngvarinn mætti óvænt í draggi í áheyrnarprufuna. NORDICPHOTOS/GETTY


midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.



| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| THE LAST STAND | 5.45,8,10.15(P) | 16 |
| HÁKARLABEITA 2 | 2, 4 | L |
| VESALINGARNIR | 5.50, 9 | 12 |
| DJANGO UNCHAINED | 10.15 | 16 |
| THE HOBBIT 3D | 2(48R), 3.50, 7 | 12 |
| HVÍTI KÓALABJÖRNINN | 2 | L |

SAMBÍÓIN SAMbio.is




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| PARKER | KL. 5:40 - 8 - 10:30 | 16 |
| PARKER VIP | KL. 5:30 - 10:30 | VIP |
| GANGSTER SQUAD | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| GANGSTER SQUAD VIP | KL. 3 - 8 | VIP |
| MONSTERS INC ÍSLTAL3D | KL. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| XL | KL. 10:30 | 16 |
| CHASING MAVERICKS | KL. 8 | 7 |
| JACK REACHER | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 3:10 - 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| SAMMY 2 ÍSLTAL | KL. 1:20 - 3:20 | L |
| SAMMY 2 ÍSLTAL3D | KL. 1:30 - 3:30 | L |
| WRECK-IT RALPH ÍSLTAL | KL. 1 - 1:30 - 3:40 | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| PARKER | KL. 8 | 16 |
| THE LAST STAND | KL. 10:30 | 16 |
| CHASING MAVERICKS | KL. 8 - 10:20 | 7 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 5:30 | 12 |
| HVÍTI KÓALABJÖRNINN ÍSLTAL | KL. 4 | L |
| MONSTERS INC ÍSLTAL3D | KL. 2 - 6 | L |
| SAMMY 2 ÍSLTAL | KL. 2 | L |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| PARKER | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| GANGSTER SQUAD | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| MONSTERS INC ÍSLTAL3D | KL. 3:30 - 5:50 | L |
| DJANGO UNCHAINED | KL. 8 | 16 |
| JACK REACHER | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 3:30 - 5:30 | 12 |
| LIFE OF PI 3D | KL. 3 | 10 |
| WRECK-IT RALPH ÍSLTAL | KL. 3 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| PARKER | KL. 8 - 10:30 | 16 |
| GANGSTER SQUAD | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| XL | KL. 6 | 16 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| MONSTERS INC ÍSLTAL3D | KL. 2 - 4 | L |
| SAMMY 2 ÍSLTAL KL. 1 ÍSLTAL3D | KL. 1:30 - 3:40 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| PARKER | KL. 8 | 16 |
| GANGSTER SQUAD | KL. 10:20 | 16 |
| MONSTERS INC ÍSLTAL3D | KL. 2 - 4 | L |
| XL | KL. 10:20 | 16 |
| CHASING MAVERICKS | KL. 4 - 6 | 7 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 8 | 12 |
| SAMMY 2 ÍSLTAL | KL. 2 | L |
| RISE OF THE GUARDIANS ÍSLTAL3D | KL. 6 | L |

SPARBÍÓ MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT




| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | 5% |
|---|---|---|
| LINCOLN | KL. 5 | 14 |
| THE LAST STAND | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| THE LAST STAND LÚXUS | KL. 8 | 16 |
| VESALINGARNIR | KL. 4.45 - 8 | 12 |
| VESALINGARNIR LÚXUS | KL. 1 - 4.30 | 12 |
| DJANGO | KL. 4.30 - 8 - 10.40 LÚXUS KL. 10.20 | 16 |
| HÁKARLABEITA 2 | KL. 1 (TILBOÐ) - 3 | L |
| THE HOBBIT | KL. 1 (TILBOÐ) - 4.30 | 12 |
| LIFE OF PI 3D | KL. 1 (TILBOÐ) - 8 | 10 |
| HVÍTI KÓALABJÖRNINN | KL. 1 (TILBOÐ) - 3 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS 5% | |
|---|---|---|
| LINCOLN | KL. 2.40 (TILBOÐ) - 5.50 - 9 | 14 |
| VESALINGARNIR | KL. 2.40 (TILBOÐ) - 5.50 - 9 | 12 |
| DJANGO | KL. 9 | 16 |
| LIFE OF PI 3D | KL. 3 (TILBOÐ) - 6 | 10 |
| RYÐ OG BEIN | KL. 3.40 (TILBOÐ) - 5.50 | L |
| ÁST | KL. 8 - 10.20 | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS
LINCOLN KL. 8 - 10 14 / THE LAST STAND KL. 8 16
VESALINGARNIR KL. 5.20 12 / DJANGO KL. 10.40 16
HÁKARLABEITA 2 KL. 2 (TILB.) - 3.40 L
ÁST KL. 5.20 / GRIÐARSTAÐUR KL. 2 / JARÐARFÖRIN KL. 4 L










MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS

LAUGARDAGUR: BÍÓ:DOX: TIL UNGDOMMEN (L) 20:00 ■ HOLY MOTORS (16) 17:50, 20:10, 22:10 ■ HVELLUR (L) 18:00, 20:00 ■ XL (16) 22:00 ■ ROYAL AFFAIR (14) 17:50 ■ SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 22:10 SUNNUDAGUR: BÍÓ:DOX: TIL UNGDOMMEN (L) 20:00 ■ ÞRJÚBÍÓ: THE KID (L) 15:00 ■ SVARTIR SUNNUDAGAR: VELDI TILFINNINGANNA (16) 20:00 ■ HOLY MOTORS (16) 17:50, 20:10, 22:10 ■ HVELLUR (L) 15:00, 18:00 ■ XL (16) 15:00, 22:20 ■ ROYAL AFFAIR (14) 17:50 ■ SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 22:10



**PÉTUR BEN** Tónlistarmaðurinn Pétur Ben spilar á Reykjavík Folk Festival.

# Þjóðlagahátíð hefst í mars

Þjóðlagatónlistarhátíðin Reykjavík Folk Festival verður haldin í Kex Hosteli 7.-9. mars. Á meðal þeirra sem koma fram eru Pétur Ben, Valgeir Guðjónsson, Ylja, Þokkabót, Árstíðir, Magnús og Jóhann, Snorri Helgason, Benni Hemm Hemm, Puzzle Muteson (UK) og hin nýstofnaða Þjóðlagasveit höfuðborgarsvæðisins. Meðlimir hennar eru Ágúst Atlason, Björn Thoroddsen, Gunnar Þórðarson, Helgi Pétursson og Magnús R. Einarsson.

Forsala miða á hátíðina er hafin á Midi.is og kostar armband sem veitir aðgang að öllum þremur kvöldunum 10.999 krónur.



**CRYMOGEA** Heldur sérstaka listbókahelgi í dag og á morgun í húsakynnum sínum við Barónsstíg.

# Listabókahelgi í Crymogeu

Unnendur listabóka ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi hjá bókaútgáfunni Crymogeu, sem heldur sérstaka Listabókahelgi í húsakynnum sínum við Barónsstíg nú um helgina.

Á Listabókahelgi Crymogeu má nálgast mikið úrval íslenskra myndlistarbóka og bókverka á einum stað. Sjálfstætt starfandi listamenn og fræðimenn, auk fjölmargra forlaga og safna, hafa dregið upp bækur af lagerum sínum sínum sem sumar hverjar hafa ekki verið á markaði í áraraðir og eru jafnvel aðeins til í einu eintaki.

**BÓKIN SEM BREYTTI LÍFI MÍNU**

Gerður Kristný skáld

# Á Saltkráku eftir Astrid Lindgren

Bækurnar sem hafa haft dýpst áhrif á mig eru þær sem ég las sem barn. Astrid Lindgren er og verður mín kona. Á Saltkráku, sagan um Palla, Skottu og alla hina krakkana í sænska skerjagarðinum, er dásamleg og sömuleiðis ævintýrið um Ronju ræningjadóttur. Ef það yrði alltaf til fólk sem gæti skrifað svona skemmtilegar bækur var ég viss um að ekkert yrði að óttast. Síðastliðið sumar fór ég í pílagrímsferð á æskuslóðir Astridar og heimsótti í leiðinni skemmtigarðinn sem helgaður er bókunum hennar. Mér fannst gaman að læra ljóð í skóla og verð því líka að nefna Skólaljóðin. Þegar maður hafði lært þau utan að og flutt þau standandi fyrir aftan stólinn sinn mátti maður skrifa þau fallega í bók og teikna mynd við með trélitum. Mér fannst þetta föndur óskaplega gaman og átta mig ekki á því fyrr en núna, þegar ég er að rifja þetta upp, að ég rissa einmitt oft upp teikningar með trélitum af því sem ég er að segja frá í ljóðunum mínum til að átta mig betur á þeim. Svona lærði ég nú margt gagnlegt í Álftamýrarskóla.








## Hverju breyta nýju mennirnir hjá Val?



Fyrsti leikur N1-deildar karla í handbolta eftir HM-hléið fer fram í Austurbergi klukkan 16.00 í dag þegar ÍR tekur á móti Val. Umferðin klárast síðan með þremur leikjum á mánudagskvöldið. Valsmenn sitja í botnsæti deildarinnar eftir að hafa náð aðeins í eitt stig í síðustu fimm leikjum ársins 2012 en ÍR-ingar gáfu líka aðeins eftir í síðustu leikjum fyrir jól.

Valsmenn hafa safnað liði í fríinu. Liðið fékk línumanninn Orra Frey Gíslason heim frá Viborg í Danmörku og skyttuna Nikola Dokic frá Crvena Zvezda. Þá hefur Hjalti Þór Pálmason einnig skipt úr FH yfir í Val. Nú er að sjá hvort nýju mennirnir á Hlíðarenda nái að rífa Valsliðið upp úr fallsætinu.

## Tottenham hafnaði 2,4 milljarða króna boði í Gylfa Þór



**FÓTBOLTI** Forráðamenn enska úrvalsdeildarfélagsins Reading reyndu ítrekað að kaupa landsliðsmanninn Gylfa Þór Sigurðsson til félagsins frá Tottenham. Brian McDermott, stjóri liðsins, staðfesti að félagið hefði gert þrjú tilboð, sem öllum hefði verið hafnað.

Staðarblöð í Reading greindu frá því að tilboðið hefði hljómað upp á rúmar tíu milljónir punda. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var lokatilboð Reading tólf milljónir punda, rétt tæplega 2,4 milljarðar ísl. kr.

Tottenham keypti Gylfa í sumar á 7,5 milljónir punda samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins, eða 1,5 milljarða króna. Samkvæmt þessu hefði Tottenham því getað hagnast um 900 milljónir króna á Gylfa á aðeins hálfu ári.

Eigandi Reading er Anton Zingarevich, sem frestaði för sinni frá Englandi í gær til að reyna að ganga frá kaupunum. „Hann reyndi allt sem hann gat. Við vorum öll spennt fyrir þeim möguleika að fá Gylfa aftur en hann er leikmaður Tottenham í dag og góður leikmaður þar að auki," sagði McDermott.

Gylfi kom til Reading á sextánda aldursári árið 2005 og var hjá félaginu í fimm ár. Þaðan fór hann til Hoffenheim í Þýskalandi en var svo seldur til Tottenham í sumar, eftir að hafa slegið í gegn sem lánsmaður hjá Swansea á seinni hluta síðasta tímabils.

Gylfi hefur fengið fá tækifæri í byrjunarliði Tottenham til þessa en greinilegt er að forráðamenn liðsins hafa mikla trú á honum og telja að hann verði því mikilvægur á næstu árum.



**Í FREMSTA FLOKKI** Um helgina fer sterkt mót í listhlaupi á skautum fram í Egilshöll. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Sterkt mót í Egilshöll

**SKAUTAR** Norðurlandamótið í listhlaupi á skautum hófst í Egilshöll á fimmtudag og lýkur nú um helgina. Margir sterkir keppendur eru skráðir til leiks, Ólympíufarar og fjölmargir sem tekið hafa þátt í heims- og Evrópumeistaramótum. Ísland á níu keppendur á mótinu – allt konur.

Aðgangur er ókeypis en upplýsingar um dagskrá má finna á skautasamband.is. - esá



**ENGINN KOMPANY** Luis Suarez þarf ekki að hafa áhyggjur af fyrirliða City, sem er meiddur. NORDICPHOTOS/GETTY

## Fær Utd hjálp frá Liverpool?

**FÓTBOLTI** Manchester City tekur á móti Liverpool í stórleik helgarinnar í enska boltanum en þar geta Liverpool-menn hjálpað erkifjendum sínum í Manchester United. United heimsækir Fulham í kvöld og nær tíu stiga forskoti á City með sigri.

Gylfi Þór Sigurðsson og félagar í Tottenheim heimsækja WBA í fyrri leik morgundagsins, en margir muna eftir frábærum leik Gylfa á The Hawthorns í fyrra þar sem hann skoraði fyrra markið og lagði síðan upp sigurmarkið í 2-1 sigri Swansea City. - óój

SPORT HD

**LAUGARDAGUR**

| | |
|---|---|
| 12.45 QPR - Norwich | Sport 2 HD |
| 15.00 Newcastle - Chelsea | Sport 2 HD |
| 15.00 Arsenal - Stoke | Sport 3 |
| 15.00 West Ham - Swansea | Sport 4 |
| 15.00 Everton - Aston Villa | Sport 5 |
| 15.00 Wigan - Southampton | Sport 6 |
| 17.30 Fulham - Man. Utd | Sport 2 HD |
| 21.00 Granada - Real Madrid | Sport HD |

**SUNNUDAGUR**

| | |
|---|---|
| 13.30 WBA - Tottenham | Sport 2 HD |
| 16.00 Man. City - Liverpool | Sport 2 HD |
| 18.00 Valencia - Barcelona | Sport HD |

# Skorin upp herör gegn einelti

Myndband sem leikmenn A-landsliðs kvenna í knattspyrnu sendu frá sér í haust varð kveikjan að samstarfi KSÍ við yfirvöld um þátttöku knattspyrnuhreyfingarinnar í baráttunni gegn einelti í íslensku samfélagi.



